

MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVRÓPU 2015

Dómareifanir

2. hefti 2015 (júlí–desember)

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

Ritstjóri: Björg Thorarensen
Ritnefnd: Ásgerður Ragnarsdóttir
Hrafn Bragason

Mannréttindadómstóll Evrópu
Dómareifanir
2. hefti 2015 (júlí–desember)

© Mannréttindastofnun Háskóla Íslands
ISSN 1670-6145

Umbrot: Þorkell J. Sigurðsson

Útgáfan er styrkt af innanríkisráðuneytinu

Frá ritstjóra

Í þessu hefti með reifunum dóma Mannréttindadómstóls Evrópu frá seinni hluta ársins 2015 gefur að líta fjölbreytt úrval dóma um efni sem m.a. kunna að hafa þýðingu fyrir íslenskan rétt. Sem dæmi má nefna mál útgáfufyrirtækjanna *Satakunnan Markkinapörssi Oy og Satamedia Oy gegn Finnlandi* frá 21. júlí 2015. Þar fjallaði Mannréttindadómstóllinn um álitamál sem gjarnan er til umræðu hér á landi og varðar opinbera birtingu á upplýsingum um skattálagningu á einstaklinga. Í Finnlandi hefur sami háttur verið hafður á og hér að skattyfirvöld gera slíkar upplýsingar opinberar í skattskrá, sbr. 98. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Í finnska málinu var fjallað um hvort bann við starfrækslu gagnagrunns sem kærendur bjuggu til þar sem hægt að var að sækja rafrænt upplýsingar um álagningu á 1,2 milljónir skattgreiðenda bryti í bága við tjáningarfrelsi þeirra samkvæmt 10. gr. Mannréttindasáttmálans. Þar reyndi á skýringu hugtaka á sviði persónuverndartilskipunar Evrópusambandsins, s.s. hvað félli undir „vinnslu persónuupplýsinga“ og hvort slík vinnsla væri í „þágu fréttamennsku“. Evrópu-dómstóllinn kvað á árinu 2008 upp forúrskurð um að málefnið félli undir gildissvið persónuverndartilskipunarinnar. Mannréttindadómstóllinn samsinnti þeirri skoðun finnskra dómstóla að vinnsla upplýsinga í gagnagrunninum gæti ekki fallið undir birtingu í þágu fréttamennsku og að almannahagsmunir krefðust ekki svo víðtækrar birtingar á persónuupplýsingum. Þá hefði æðsti stjórnisýsludómstóll Finnlands vegið andstæða hagsmuni í málinu, þ.e. tjáningarfrelsi kæranda andspænis friðhelgi einkalífs skattgreiðenda. Var því ekki brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 10. gr. Af dóminum má álykta að þótt upplýsingar um skattamálefni manna megi gera opinberar af hálfu stjórnvalda er heimild til frekari rafrænnar vinnslu einkaaðila á slíkum persónuupplýsingum ekki takmarkalaus. Þessi niðurstaða er þó ekki endanleg þar sem ákveðið hefur verið að taka málið til meðferðar hjá yfirdeild dómstólsins. Mun niðurstaða yfirdeildarinnar vafalaust verða mjög fordæmisgefandi og ber að fara yfir íslensk lög og framkvæmd með hliðsjón af því.

Annar dómur sem reifaður er í heftinu varpar einnig ljósi á samspil ESB-löggjafar og landsréttar í máli sem Mannréttindadómstóllinn fjallar um. Mál *Ferreira Santos Pardal gegn Portúgal* frá 30. júlí 2015 laut að kæru um að réttur til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans hefði verið brotinn þar sem Hæstiréttur landsins hefði breytt viðtekinni túlkun sinni á tilgreindri tilskipun Evrópusambandsins og skilyrðum fyrir skaðabótaábyrgð ríkisins. Kærandi hélt því einnig fram að portúgalskir dómstólar hefðu brugðist skyldu sinni til að leita forúrskurðar dómstóls ESB um túlkun tilskipunarinnar og þar með brotið gegn skyldum sínum samkvæmt ESB-reglum. Mannréttindadómstóllinn tók undir að niðurstaða Hæstaréttar hefði gengið þvert á fasta innlenda dómaframkvæmd um efnið og benti á að Hæstiréttur Portúgals hefði ekki beitt úrræðum til að tryggja samræmi í dómaframkvæmd, þótt honum hefði borið skylda til þess samkvæmt réttarfarslögum landsins. Þetta hefði skapað réttaróvissu og svipt kæranda möguleikanum á að fá mál sitt skoðað fyrir dómstólum, jafnvel þótt

aðrir einstaklingar í sömu sporum hefðu átt þess kost. Hefði því verið brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Hér eru vissulega langt seilst í túlkun Mannréttinda- dómstólsins um skyldu aðildarríkja til að koma í veg fyrir réttaróvissu og hvernig eigi að beita landslögum. Það vekur enn upp spurningar um mörk endurskoðunarvalds hans þegar deilt er um túlkun innanlandsdómstóla á landslögum.

Laganemarnir Aron Freyr Jóhannsson, Ágústa Flosadóttir, Hafðís Una Guðnýjardóttir, Olga Margrét Cilia svo og Halldór Hrannar Halldórsson lögfræðingur unnu reifanirnar sem hér eru birtar, en umsjónarmaður með heftinu var Hrafn Bragason fyrrverandi hæstaréttardómari.

Útgáfa Mannréttindastofnunar HÍ á reifunum Mannréttindadómstólsins hefur nú staðið frá árinu 2005. Hafa fjölmargir laganemar unnið við útgáfuna svo og ritnefndarmenn úr hópi dómara og lögmannna. Með þessu hefti lætur Hrafn Bragason af störfum í ritnefnd og þá mun ég einnig láta af starfi ritstjóra sem ég hef gegnt frá upphafi, en tímabært er að aðrir taki nú við keflinu. Ég vil þakka öllum sem komið hafa að verkefninu á liðnum áratug fyrir gott samstarf sem hefur verið bæði skemmtilegt og lærdómsríkt.

Björg Thorarensen

Efnisyfirlit 2. hefti 2015 (júlí – desember)

2. gr. Réttur til lífs

Sellal gegn Frakklandi. Dómur frá 8. október 2015	
<i>Fangar. Geðræn vandamál. Jákvæðar skyldur stjórnvalda.</i>	9
Haász og Szabó gegn Ungverjalandi. Dómur frá 13. október 2015	
<i>Aðgerðir lögreglu. Beiting skotvopna.</i>	10
A.L. gegn Rússlandi. Dómur frá 29. október 2015	
<i>Varðhald. Einangrun. Brottvísun. Dauðarefsing.</i>	12
Özel o.fl. gegn Tyrklandi. Dómur frá 17. nóvember 2015	
<i>Jarðskjálftahætta. Mannslát vegna hruns bygginga. Lagaleg ábyrgð.</i> <i>Hæfilegur tími málsmeðferðar fyrir dómi.</i>	13

3. gr. Bann við pyndingum

Ghedir o.fl. gegn Frakklandi. Dómur frá 16. júlí 2015	
<i>Handtaka. Valdbeiting. Rannsókn máls.</i>	15
Khlaifa o. fl. gegn Ítalíu. Dómur frá 1. september 2015 (sjá reifun undir 5. gr.)	
M. og M. gegn Króatíu. Dómur frá 3. september 2015	
<i>Börn. Ill meðferð. Jákvæðar skyldur. Forsjárdeila. Málsmeðferðartími.</i>	17
R.H. gegn Svíþjóð. Dómur frá 10. september 2015	
<i>Útlendingar. Umsókn um hæli. Brottvísun.</i>	18
Bouyid gegn Belgíu. Dómur frá 28. september 2015	
<i>Handtaka. Meðferð lögreglu á handteknum manni. Rannsókn máls.</i> ...	20
A.L. gegn Rússlandi. Dómur frá 29. október 2015 (sjá reifun undir 2. gr.)	

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Kuttner gegn Austurríki. Dómur frá 16. júlí 2015	
<i>Frelsisvipting. Geðsjúkir. Öryggisgæsla. Málsmeðferð innan hæfilegs</i> <i>tíma.</i>	23
Khlaifa o. fl. gegn Ítalíu. Dómur frá 1. september 2015	
<i>Útlendingar. Frelsisvipting. Meðferð hælisleitenda. Málsmeðferð við</i> <i>ákvörðun um brottvísun.</i>	24
Sher o.fl. gegn Bretlandi. Dómur frá 20. október 2015	
<i>Handtaka. Hryðjuverkahætta. Réttarstaða sakbornings.</i> <i>Gæsluvarðhald. Húsleit.</i>	26

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Neaogoe gegn Rúmeníu. Dómur frá 21. júlí 2015	
<i>Réttur til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð. Opinber yfirlýsing um sekt.</i>	28
Ferreira Santos Pardal gegn Portúgal. Dómur frá 30. júlí 2015	
<i>Innleiðing Evrópulöggjafar. Skaðabótaskylda ríkisins. Túlkun landslaga. Réttaróvissa.</i>	29
Fazia Ali gegn Bretlandi. Dómur frá 20. október 2015	
<i>Réttur til aðgangs að dómstólum. Réttindi og skyldur að einkamálarétti. Stjórnsýsluákvörðun.</i>	31
Dvorski gegn Króatíu. Dómur frá 20. október 2015 – Yfirdeild	
<i>Handtaka. Réttarstaða sakbornings. Réttur til aðstoðar verjanda að eigin vali.</i>	32
El Kaada gegn Þýskalandi. Dómur frá 12. nóvember 2015	
<i>Réttur til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð. Rof á skilorði.</i>	34
Schatschaschwili gegn Þýskalandi. Dómur frá 15. desember 2015 – Yfirdeild	
<i>Sakamál. Notkun vitnisburðar í lögregluskýrslu. Réttur til að spyrja vitni. Vægi sönnunargagna.</i>	35
Kristiansen gegn Noregi. Dómur frá 17. desember 2015	
<i>Sakamál. Kviðdómur. Vanhæfi dómara.</i>	36

7. gr. Engin refsing án laga

Berland gegn Frakklandi. Dómur frá 3. september 2015	
<i>Sakhæfi. Lagareglur um öryggisgæslu. Úrræði gagnvart ósakhæfum mönnum.</i>	38

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

M.N. o.fl. gegn San Marínó. Dómur frá 7. júlí 2015	
<i>Sakamálarannsókn. Leit og haldlagning. Persónuupplýsingar. Raunhæft réttarúrræði.</i>	40
Nazarenko gegn Rússlandi. Dómur frá 16. júlí 2015	
<i>Börn. Forsjá. Umgengnisréttur. Líffræðilegt foreldri.</i>	41
Oliari o.fl. gegn Ítalíu. Dómur frá 21. júlí 2015	
<i>Réttindi samkynhneigðra. Lagaleg vernd sambúðar. Jákvæðar skyldur.</i>	43
Parrillo gegn Ítalíu. Dómur frá 27. ágúst 2015	
<i>Tæming réttarúrræða. Hugtakið einkalíf. Ráðstöfun fósturvísa.</i>	44
Sérvulo & Associados, Sociedade de Advogados, RL o.fl. gegn Portúgal.	
Dómur frá 3. september 2015	
<i>Rannsókn sakamáls. Húsleit. Haldlagning gagna. Lögmenn. Trúnaðarskylda.</i>	46

M. og M. gegn Króatíu. Dómur frá 3. september 2015 (sjá reifun undir 3. gr.)	
Sher o.fl. gegn Bretlandi. Dómur frá 20. október 2015 (sjá reifun undir 5. gr.)	
R.E. gegn Bretlandi. Dómur frá 27. október 2015 <i>Réttur sakbornings. Samskipti við verjanda. Símhlerun.</i>	
<i>Öryggisreglur.</i>	47
Brito Ferrinho Bexiga Villa-Nova gegn Portúgal. Dómur frá 1. desember 2015 <i>Rannsókn sakamáls. Lögmenn. Bankaleynd. Trúnaðarskylda.</i>	
<i>Réttarúrraði.</i>	49
Roman Zakharov gegn Rússlandi. Dómur frá 4. desember 2015 <i>Símhlerun. Eftirlit. Fullnægjandi lagaheimild. Réttarúrraði.</i>	50
Z.H. og R.H. gegn Sviss. Dómur frá 8. desember 2015 <i>Réttur til fjölskyldulífs. Hælisleitendur. Barnahjónaband.</i>	52
9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi	
Ebrahimian gegn Frakklandi. Dómur frá 26. nóvember 2015 <i>Bann við að bera höfuðklút. Missir opinbers starfs.</i>	54
10. gr. Tjáningarfrelsi	
Satakunnan M. Oy og Satamedia Oy gegn Finnlandi. Dómur frá 21. júlí 2015 <i>Vinnsla persónuupplýsinga. Upplýsingar um tekjur skattgreiðenda.</i>	
<i>Birting í þágu fréttamennsku.</i>	56
Langner gegn Þýskalandi. Dómur frá 17. september 2015 <i>Opinberir starfsmenn. Ummæli um vinnuveitanda. Uppsögn.</i>	57
Kharlamov gegn Rússlandi. Dómur frá 8. október 2015 <i>Tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna. Æruvernd stofnana. Opinbert málefni. Gildisdómar.</i>	59
Perincek gegn Sviss. Dómur frá 13. október 2015 – Yfirdeild <i>Afneitun á hjóðarmorði. Refsing. Stjórn málaumræður. Hatursáróður.</i>	60
Pentikainen gegn Finnlandi. Dómur frá 20. október 2015 <i>Mótmælaaðgerðir. Blaðamenn. Handtaka. Varðhald.</i>	62
Couderc og Hachette Filipacchi Associés gegn Frakklandi. Dómur frá 10. nóvember 2015 <i>Fjölmíðlar. Opinber persóna. Friðhelgi einkalífs. Mál sem á erindi við almenning.</i>	63
Annen gegn Þýskalandi. Dómur frá 26. nóvember 2015 <i>Mótmæli gegn fóstureyðingum. Sjónarmið um takmörkun tjáningarfrelsis.</i>	64

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Kudrevicius o.fl. gegn Litháen. Dómur frá 15. október 2015

Mótmaëlaaðgerðir. Röskun á umferð. Refsing. Meðalhóf. 66

Mytilinaios og Kostakis gegn Grikklandi. Dómur frá 3. desember 2015

Réttur til að standa utan félaga. Vínframleiðsla. Meðalhóf. 67

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Khlaifa o. fl. gegn Ítalíu. Dómur frá 1. september 2015

(sjá reifun undir 5. gr.)

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Andonoski gegn fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu. Dómur frá 17. september 2015

Eignaupptaka án tillits til sakar. Bifreiðir. Brot þriðja manns.

Meðalhóf. 70

Ünspeð Paket Servisis SaN. Ve TiC. A.S gegn Búlgaríu. Dómur frá 13. október 2015

Haldlagning. Eignaupptaka. Takmarkanir á eignarrétti vegna afbrota.

Meðalhóf. 71

Konstantin Stefanov gegn Búlgaríu. Dómur frá 27. október 2015

Verjendur. Þóknun. Réttarfarssekt. Meðalhóf...... 72

2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

Memlika gegn Grikklandi. Dómur frá 6. október 2015

Varnir gegn smitsjúkdómum. Börn. Skólaganga. Tafir á málsmeðferð. 74

4. gr. 4. viðauka. Bann við hópbrottvísun útlandinga

Khlaifa o. fl. gegn Ítalíu. Dómur frá 1. september 2015

(sjá reifun undir 5. gr.)

2. gr. Réttur til lífs

Sellal gegn Frakklandi

Dómur frá 8. október 2015

Mál nr. 32432/13

2. gr. Réttur til lífs

Fangar. Geðræn vandamál. Jákvæðar skyldur stjórnvalda.

1. Málsatvik

Kærendur, Karima og Firna Sellal eru franskir ríkisborgarar búsettir í Chazay d'Azergues. Bróðir kærenda, AS, var settur í gæsluvarðhald þann 30. janúar 2004, þar sem hann hafði neitað að gangast undir meðferð við geðsjúkdómi, en slík meðferð var eitt skilyrði fyrir reynslulausn hans úr fangelsi. Þann 7. apríl 2004 fannst hann látinn í klefa sínum í fangelsinu, þar sem hann hafði hengt sig. Rannsókn á dauða hans var þegar í stað sett í gang. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom fram að sérstakt eftirlit hafi verið haft með AS vegna geðklofa og að hann hafi fengið lyf í fangelsinu. Við skráningu hans í fangelsið var fjallað um geðraskanir hans, en ekki tekið fram að hætta væri á sjálfsvígi. Þann 10. febrúar 2004 var AS lagður inn á geðsjúkrahús gegn vilja sínum, vegna versnandi ástands hans en fór aftur í fangelsið 2 dögum síðar þegar ástandið batnaði. Eftir það hélt meðferð hans í fangelsinu áfram. Eftir að AS var fangelsaður sleit sambýliskona hans sambandi við hann. Sótt hafði verið um heimild fyrir son þeirra til að heimsækja AS í fangelsið, en þann 6. apríl 2004 var skipulagi á heimsóknum til fanga í fangelsinu breytt þannig að heimsóknir hans voru ekki heimilar. Krufning á líki AS staðfesti að dánarorsök hans hefði verið hending og að engin merki væru um að utanaðkomandi hefði átt þátt í dauða hans. Saksóknari felldi málið niður í kjölfarið þar sem rannsóknin hefði ekki leitt neitt saknæmt í ljós. Fjölskylda AS lagði fram kæru á hendur fangelsisýfirlöðum og taldi að AS hefði ekki fengið lífsnauðsynlega læknishjálp og því bæru fangelsisýfirlöð ábyrgð á dauða hans. Í kjölfar kærunnar var hafin rannsókn á aðdraganda dauða AS og kom í ljós að hann hafði verið skoðaður af lækni 3. og 18. mars 2004. Í viðtölum sínum ræddi hann m.a. um framtíðaráform sín við lækinn. Rannsókn málsins var að lokum hætt, þar sem talið var að ekkert benti til þess að AS hefði verið í sjálfsvígshugleiðingum. Fjölskyldan áfrýjaði þessari ákvörðun en án árangurs. Fjölskylda AS höfðaði mál til heimtu bóta vegna dauða AS, en kæru þeirra var vísað frá. Áfrýjunum þeirra til æðri dómstóla var síðar hafnað, m.a. með vísan til þess að AS hefði fengið meðferð við geðröskunum sínum innan fangelsisins og að ekkert í gögnum, eða viðtölum hans við lækna hefði bent til þess að hann hefði verið í sjálfsvígshugleiðingum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að fangelsisýfirvöld hefðu ekki gert nægjanlegar ráðstafanir til þess að vernda líf AS, og því hefði verið brotið gegn 2. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að AS hefði verið vistaður í almennu fangelsi, þar sem fangelsisýfirvöld hefðu ekki talið hættu á að hann fremdi sjálfsvíg. Því yrði að meta sérstaklega hvort eitthvað í gögnum málsins benti til þess að yfirvöld hefðu mátt gera sér ljóst að hætta væri á að hann tæki líf sitt. Dómstóllinn taldi að staða AS hefði verið sérstaklega viðkvæm, þar sem hann var haldinn geðsjúkdómi, sem gerði fangelsisvist hans enn þungbærari. Yfirvöld hefðu vitað af sjúkdóm hans, og vel þekkt væri að sjúklingar, sem haldnir væru geðklofa, væru í meiri hættu á sjálfsvígi en ella. Þó hefði hvergi í sjúkraskrár AS verið minnst á að hætta væri á að hann fremdi sjálfsvíg, en þar kom einnig fram að AS hefði gengið vel að hafa stjórn á einkennum sínum innan fangelsisins. Fangelsisvistin hefði gengið áfallalaust fyrir sig fram að dauða hans, og í viðtölum hans við lækna hefði hann rætt um framtíð sína og samþykkt þá meðferð sem fyrir var mælt. Dómstóllinn taldi ennfremur að þær breytingar sem urðu á fjölskylduástæðum AS í fangelsisvistinni og breytingar á heimsóknum sonar hans, hefðu ekki einar og sér átt að gefa fangelsisýfirvöldum tilefni til þess að telja hann í sjálfsvígshættu. Því taldi dómstóllinn að ekkert hafi bent til þess að AS væri í sjálfsvígshættu og því hefðu yfirvöld ekki geta brugðist við ástandi hans með öðrum hætti. Því var ekki talið brotið gegn 2. gr. sáttmálans.

Haász og Szabó gegn Ungverjalandi

Dómur frá 13. október 2015

Mál nr. 11327/14 og 11613/14

2. gr. Réttur til lífs

Aðgerðir lögreglu. Beiting skotvopna.

1. Málsatvik

Kærendur, Eva Haász og Gabriella Szabó, eru ungverskir ríkisborgarar fæddar árin 1981 og 1995. Þann 6. ágúst 2012 voru þær á ferðalagi við Balaton vatn og ákváðu að gista í bifreið sinni á bílastæði við íbúðarhús í bænum Tagyon. Um nóttina fékk sjálfboðaliði í lögreglunni ábendingu um grunsamlega bifreið í bænum. Hann hafði samband við lögreglumann á bakvakt og hófu þeir leit að bifreiðinni sem þeir fundu í innkeyrslu við íbúðarhús í bænum. Þeir stöðvuðu bifreiðina skammt frá og hlupu í átt að bifreið kærenda. Eva, sem var ökumaður bifreiðarinnar, varð hrædd þegar hún sá tvo menn hlaupa í átt að bifreiðinni og reyndi því að aka á brott. Lögreglumaðurinn kallaði að henni að stöðva bifreiðina og gerði grein fyrir sér sem lögreglumanni. Hann skaut jafnframt viðvörðunarskotum í átt að bifreiðinni, og hafnaði eitt skotið nærri höfði Evu. Eftir að hún hafði stöðvað bílinn gat lögreglumaðurinn gert grein fyrir sér og þá kom í ljós að málið var á misskilningi

2. gr. Réttur til lífs

byggt. Saksóknari hóf rannsókn á skotárásinni og var tekin skýrsla af kærendum og lögreglumönnum tveimur. Á sama tíma hófst innri rannsókn lögreglu á beitingu skotvopna í málinu. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að lögreglumaðurinn hefði ekki vísvitandi stefnt lífi kæranda í hættu, en hefði þó brugðist rangt við aðstæðum. Þann 13. júlí 2013 felldi saksóknari málið niður og taldi að beiting skotvopna hefði verið lögmæt þar sem lögreglumaður hefði talið sig í hættu. Kærendur kærðu niðurfellingu málsins, en án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að valdbeiting lögreglu hafi ekki verið í samræmi við aðstæður og að beiting skotvopna gegn þeim hefði sett líf þeirra í hættu. Því hefðu aðgerðir lögreglu brotið gegn 2. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að þó að valdbeiting lögreglu hefði ekki reynst banvæn, og hefði aðeins sett líf annars kæranda í hættu, yrði skotárásin talin hafa sett þær báðar í hættu, þar sem líta mátti svo á að lífi þeirra beggja hefði verið ógnað. Því ætti 2. gr. sáttmálans við í máli þeirra beggja.

Dómstóllinn tók fram að í þessu máli hefði lögregla ekki verið að bregðast við óvæntum aðstæðum þar sem líklegt væri að lífi lögreglumanna væri ógnað. Þvert á móti mætti rekja ástæðu skotárásarinnar til hegðunar lögreglumannanna sjálfra á vettvangi, þar sem þeir hefðu í raun magnað ástandið upp með aðgerðum sínum. Lögreglumaðurinn hafi beitt skotvopni þar sem hann hefði talið að lífi lögreglumannanna væri ógnað, en hann hafi mistúlkað aðstæður á vettvangi, þar sem ekki hafi verið tilefni til að handtaka kærendur eða koma í veg fyrir hugsanleg afbrot þeirra. Þá hafi lögreglumennirnir verið óeinkennisklæddir og því hefðu kærendur ekki getað gert sér grein fyrir að um lögreglumenn væri að ræða. Lögreglumennirnir hefðu því mátt gera sér ljóst að aðgerðir þeirra á vettvangi gætu orðið til þess að ástandið magnaðist með þeim hætti sem raun varð. Aðgerðir þeirra á vettvangi hafi þannig ekki verið í samræmi við þær upplýsingar sem fyrir lágu þegar farið var á vettvang, og ekki miðaðar við aðstæður. Því hafi lífi kæranda verið stefnt í óþarfa hættu og þar með brotið gegn réttindum þeirra samkvæmt 2. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn dæmdi ungverska ríkið til greiðslu miskabóta að fjárhæð 15.000 evrur.

A.L. gegn Rússlandi

Dómur frá 29. október 2015

Mál nr. 44095/14

2. gr. Réttur til lífs

3. gr. Bann við pyndingum

Varðhald. Einangrun. Brottvísun. Dauðarefsing.

1. Málsatvik

Kærandi, A.L., býr í Elista í Rússlandi og er að eigin sögn rússneskur ríkisborgari, fæddur árið 1972. Rússnesk yfirvöld telja þó að hann sé kínverskur ríkisborgari, fæddur árið 1973. Kærandi var handtekinn í Sankti Pétursborg í mars 2004 vegna gruns um að hafa myrt kínverskan lögreglumann árið 1996. Nafn hans hafði verið sett á lista Interpol yfir eftirlýsta menn, eftir að kínverska lögreglan hafði gefið út handtökuskipun á hendur honum. Dómstóll í St. Pétursborg úrskurðaði hann í gæsluvarðhald þar til beiðni um framsal bærist frá kínverskum yfirvöldum. Þar sem kínversk yfirvöld lögðu ekki fram framsalsbeiðni innan tilsettra tímamarka fyrirskipaði saksóknari að kærandi yrði látinn laus. Honum var þó ekki sleppt. Daginn eftir að saksóknari gaf út fyrirmælin um lausn hans, úrskurðaði dómstóll að kærandi dveldist ólöglega í landinu þar sem hann væri kínverskur ríkisborgari. Nokkrum dögum eftir úrskurðinn komu fram upplýsingar um að kærandi hefði fengið útgefið rússneskt vegabréf með ólögmaetum hætti. Úrskurðurinn var að lokum felldur úr gildi og var kærandi látinn laus 31. ágúst 2014. Honum var skipað að yfirgefa landið fyrir 3. september 2014, og var rússneskt vegabréf hans gert upptækt. Hann kærði ákvörðunina til dómstóla, en hún var staðfest í febrúar 2015 með þeim rökum að kærandi gæti komist hjá því að verða fluttur til Kína með því að yfirgefa Rússland til annars lands. Í millitíðinni hafði kærandi leitað á náðir Mannréttindadómstólsins, sem úrskurðaði á grundvelli 39. gr. sáttmálans að rússneskum stjórnvöldum væri óheimilt að vísa kæranda úr landi meðan mál hans væri til meðferðar hjá dómstólnum. Á meðan mál hans var til meðferðar var kærandi í haldi í fangelsi í Sankti Pétursborg. Hann hélt því fram að aðstæður í fangelsinu hefðu verið ófullnægjandi með öllu og að engin virðing væri borin fyrir réttindum fanga innan fangelsisins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brottvísun hans til Kína gæti haft í för með sér að hann yrði dæmdur til dauða vegna meintra afbrota þar í landi og því myndi brottvísun hans brjóta gegn 2. gr. og 3. gr. sáttmálans. Hann taldi einnig að hann hefði ekki haft viðunandi úrræði til þess að bera mál sín fyrir dómstóla. Þá taldi hann að vistun hans í fangelsinu hefði brotið gegn 3. gr. sáttmálans.

2. gr. Réttur til lífs

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að rússneska ríkinu bæri skylda skv. 2. gr. og 3. gr. sáttmálans til þess að koma í veg fyrir að mönnum yrði vísað til lands þar sem þeir gætu átt á hættu að verða dæmdir til dauða fyrir glæpi sína. Þó hefði Rússland hvorki staðfest 6. né 13. viðauka sáttmálans, sem legði bann við dauðarefsingum. Dómstóllinn taldi þó ljóst að þar sem Rússland hefði skuldbundið sig sem aðildarríki Evrópuráðsins til þess að leggja af dauðarefsingar, yrði talið að bann Mannréttindasáttmálans við dauðarefsingum ætti fyllilega við um rússneska ríkið. Dómstóllinn tók fram að rússneskir dómstólar hefðu hvorki lagt mat á þá mögulegu hættu að kærandi yrði látinn sæta ómannlegri og vanvirðandi meðferð ef honum yrði vísað til Kína, né metið hvort hætta yrði á að hann sætti dauðarefsingu þar í landi. Dómstóllinn tók ekki undir rök rússneskra yfirvalda um að kærandi hefði möguleika á að fara til annars lands í stað Kína, enda hefði rússneskt vegabréf hans verið gert upptækt og hann hefði ekki annað vegabréf sem hann gæti framvísað á ferðum sínum. Því taldi dómstóllinn ljóst að hann gæti eingöngu ferðast til Kína eftir að honum væri vísað úr landi. Þá væri ljóst að veruleg hætta væri á að hann yrði dæmdur til dauða yrði hann sakfelldur fyrir þau brot sem hann var ákærður fyrir. Því taldi dómstóllinn að brottvísun kæranda til Kína fæli í sér brot gegn 2. gr. og 3. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn tók næst til skoðunar hvort aðstæður kæranda í fangelsinu hefðu brotið gegn 3. gr. sáttmálans. Hann taldi ljóst að kærandi hefði setið í einangrun stærstan hluta fangelsisvistar sinnar, eða í yfir 4 mánuði. Engin viðhlítandi rök hefðu verið færð fyrir einangrunarvistinni. Dómstóllinn benti á að nefnd Evrópuráðsins um varnir gegn pyndingum hafi árið 2011 bent á neikvæð áhrif einangrunarvistar á geðheilsu fanga. Þá hefði kærandi ekki getað gert sér grein fyrir því hversu lengi hann yrði í einangrunarvist, sem hefði haft enn neikvæðari áhrif á heilsu hans. Því hefði einangrunarvistin brotið gegn 3. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn dæmdi rússneska ríkið til að greiða kæranda 5.000 evrur í miskabætur og 2.100 evrur í málskostnað.

Özel o.fl. gegn Tyrklandi

Dómur frá 17. nóvember 2015

Mál nr. 14350/05, 15245/05 og 16051/05

2. gr. Réttur til lífs

Jarðskjálftahætta. Mannslát vegna hruns bygginga. Lagaleg ábyrgð. Hæfilegur tími málsmeðferðar fyrir dómi.

1. Málsatvik

Kærendur eru ættingjar einstaklinga sem létust undir byggingum sem hrundu í mannskæðum jarðskjálfta í bænum Çıncık árið 1999. Landfræðileg staðsetning bæjarins er flokkuð sem stórhættusvæði vegna mikillar hættu á jarðskjálftum.

Fyrirtækið V.G. Arsa Ofisi var sakað um að bera ábyrgð á hruni bygginganna vegna byggingarefnis sem var talið ófullnægjandi. Fimm fulltrúar fyrirtækisins

2. gr. Réttur til lífs

voru ákærðir í sakamáli og tveir þeirra voru sakfelldir. Ættingjar fórnarlambanna fóru síðar fram á skadabætur í málaferlum sem stöðu yfir árin 1999 til 2011.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að brotið hefði verið gegn rétti ættingja þeirra til lífs samkvæmt 2. gr. sáttmálans. Ennfremur að brotið hefði verið gegn 6. gr. sáttmálans um réttláta málsmeðferð, sem og réttinum til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns samkvæmt 13. gr. sáttmálans. Auk þess töldu kærendur að brotið hefði verið gegn friðhelgi eignarréttar þeirra í skilningi 1. gr. 1. viðauka. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 2. gr.: Mannréttindadómstóllinn benti á að 2. gr. sáttmálans legði jákvæðar skyldur á aðildarríki að grípa til aðgerða til að vernda líf borgaranna, jafnvel þegar um er að ræða náttúruhamfarir (sjá dóm hans í Budayeva o.fl. gegn Rússlandi frá 2008). Dómstóllinn tók fram að yfirvöldum hafi verið ljóst hvaða hætta ógnaði umræddu landsvæði og að útgáfa byggingarleyfa fæli í sér mikilvægt ábyrgðarhlutverk að til fyrirbyggja afleiðingar jarðskjálfta sem þar gætu orðið.

Dómstóllinn tók fram að réttarhöldin í sakamálinu hefðu staðið yfir í meira en 12 ár. Þrátt fyrir að málið hafi verið umfangsmikið hafi aðeins fimm einstaklingar verið ákærðir og matsskýrslur hafi legið fyrir á fyrstu stigum málsins. Með vísan til þess taldi dómstóllinn að réttarhöldin hefðu ekki fullnægt kröfum sáttmálans um hraða málsmeðferð og áréttaði jafnframt að mikilvægi rannsóknarinnar á ástæðum þess að byggingarnar hrundu kallaði á að yfirvöld flýttu málsmeðferð svo sem kostur var og kæmust skjótt að niðurstöðu um ábyrgð í málinu.

Samkvæmt þessu komst dómstóllinn að þeirri einróma niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 2. gr. sáttmálans en taldi ekki þörf á að taka afstöðu til annarra kæruatriða um brot á öðrum greinum sáttmálans.

Kærendum voru samtals dæmdar 150.000 evrur í miskabætur og 8.000 evrur í málskostnað.

3. gr. Bann við pyndingum

Ghedir o.fl. gegn Frakklandi

Dómur frá 16. júlí 2015

Mál nr. 20579/12

3. gr. Bann við pyndingum

Handtaka. Valdbeiting. Rannsókn máls.

1. Málsatvik

Kærendur eru tveir franskir ríkisborgarar, Abdelkader Ghedir og bróðir hans, fæddir 1983 og 1985, auk foreldra þeirra, sem eru alsírskir ríkisborgarar. Abdelkader var stöðvaður og yfirheyrður við lestarstöð kvöldið 30. nóvember 2004 af starfsmönnum öryggisþjónustu franska járnbrautafélagsins SNFC, sem grunuðu hann ranglega um að hafa kastað steinum að járnbrautarlestum. Fimm öryggisstarfsmenn tóku hann höndum, þrýstu honum niður, handjárnudu hann fyrir aftan bak og leituðu síðan á honum. Hann var síðan afhentur lögreglumönnum sem höfðu komið á staðinn og þeir óku honum á lögreglustöð. Við komuna í fangaklefa missti hann meðvitund, féll í dá og var fluttur á sjúkrahús.

Rannsókn lögreglu á atvikinu hófst sama kvöld. Aðspurðir lýstu öryggisverðirnir L.P., Y.F. og O.D.B. venjulegri handtöku, en lögreglumennirnir sem verið höfðu viðstaddir lýstu henni þannig að valdi hefði verið beitt. Kváðust sumir lögreglumannanna hafa séð lestarstarfsmanninn Y.F. reka hnéd í andlit kæranda meðan honum var haldið niðri.

Þann 2. desember 2004 voru SNCF-starfsmennirnir þrír handteknir og úrskurðaðir í gæsluvarðahald. Skýrslur voru teknar af mörgum vitnum. Árið 2006 sagði starfsmaður SNFC að hún hefði heyrt að daginn fyrir atvikið hefði kærandi verið í áflogum og flaska verið brotin á höfði hans. Læknisrannsókn í desember 2005 leiddi í ljós viðtækan taugaskaða kæranda, m.a. skerta hreyfigetu í öllum útlimum auk alvarlegrar röskunar á vitrænni starfsemi og hegðun. Árið 2008 var kærandi metinn 95% öryrki. Hann var bundinn hjólastól og ófær um að standa sjálfstætt að athöfnum daglegs lífs. Fengnar voru skýrslur fjögurra sérfræðinga. Í þeirri þriðju, dagsettri árið 2006, var sagt mjög líklegt að meidsl hans hefðu orsakast af handtökunni á lestarstöðinni, en fjórða skýrslan sagði ekki hægt að ganga út frá því. Sú skýrsla taldi þó engin gögn styðja þá kenningu að kærandi kynni að hafa verið sleginn með flösku í áflogum daginn fyrir handtökuna.

Þann 15. febrúar 2010 var rannsókn málsins felld niður. Var ákvörðunin rökstudd með því að háttsemi kæranda hefði verið ögrandi og ofbeldisfull og öryggisvörðurinn Y.F. hefði einungis brugðist við henni með aðferð til að halda manninum föstum. Kæru ákvörðunarinnar til æðri dómstóls var vísað frá. Tók sá dómstóll fram að hegðun Abdelkaders hefði verið ofbeldisfull, en einnig að trúlega hefði meira valdi verið beitt en lýsing starfsmannanna gaf til kynna. Niðurstaðan varð sú að nokkur óvissa væri um það hvort Y.F. hefði í raun rekið hnéd í kæranda og þá hvort það hefði verið af ásetningi. Enn fremur tók áfrýjunardómstóllinn fram

3. gr. Bann við pyndingum

að vitni virtust sammála um að kærandi hefði verið settur inn í lögreglubifreiðina í góðu ástandi eftir að hann hefði verið handjárnður og að hvorki staðsetning hans í ökutækinu né hraði þess styddi þann möguleika að hann hefði orðið fyrir höggum á því stigi málsins. Líklegt væri að hann hefði haft eldri áverka, sem nokkurn tíma hefði tekið að koma fram. Voru ekki talin liggja fyrir næg sönnunargögn til þess að nokkur yrði ákærður. Frekari áfrýjun málsins var vísað frá.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að brotið hefði verið gegn 3. gr. sáttmálans, banninu við ómannlegri og vanvirðandi meðferð, við handtöku Abdelkaders. Einnig hefði ákvörðunin um að hætta rannsókninni brotið gegn 6. gr. sáttmálans (réttinum til réttlátrar málsmeðferðar).

Niðurstaða

Um 3. gr.: Meðferð kæranda: Dómstóllinn tók fram að franskir dómstólar hefðu talið meiðsl kæranda mega rekja til atvika við handtöku hans. Dómstóllinn leit hins vegar til þess að sérfræðingarnir hefðu engin gögn haft um að kærandi hefði verið sleginn í höfuðið með flösku fyrir handtökuna. Styddist sú útgáfa atburða ekki við annað en sögusagnir. Niðurstöður læknisfræðilegra sérfræðiskýrslna hefðu stangast á. Þannig hefði þriðja skýrslan talið líklegt að meiðslin hefðu stafað frá handtökunni, en sú fjórða hafi ekki talið þá skýringu haldbæra. Ýmiss konar misræmi hefði einnig verið í vitnaskýrslum, einkum um það hvort kærandi hefði haft í frammi ofbeldi við handtökuna og hvort hann hefði sætt höggum. Þá hefði gætt ósamræmis í framburði sumra lögreglumannanna. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að í rannsókninni hefðu komið fram gögn sem væru mótsagnakennd og vektu óhug. Taldi hann ónógum stöðum hafa verið skotið undir þá kenningu að kærandi hefði orðið fyrir höggum fyrir handtökuna. Dómstóllinn taldi því nægar ályktanir styðja niðurstöðu um að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 3. gr. sáttmálans, enda hefðu frönsk yfirvöld ekki fært fram fullnægjandi og sannfærandi skýringu á orsök meiðslanna, sem hefðu komið fram meðan kærandi var í vörslu lögreglu.

Rannsóknin: Dómstóllinn leit til þess að rannsókn hefði hafist án tafar. Fjöldi vitna hefði gefið skýrslur og þrír starfsmenn lestarfélagsins verið hnepptir í varðhald. Í ljósi umfangs rannsóknaraðgerða og fjölda vitna- og sérfræðiskýrslna hefði tímalengd hennar ekki verið úr hófi fram. Loks hefði kærandi haft tækifæri til að óska eftir rannsóknaraðgerðum og tala máli sínu, og hefði hann sett fram einkaréttarlega kröfu og lögmáður komið fram fyrir hans hönd. Ekki hefði því verið brotið gegn réttarfarshlið 3. gr. sáttmálans.

Um 6. gr.: Dómstóllinn tók fram að kærendur hefðu kært ákvörðunina um niðurfellingu rannsóknarinnar og að rannsóknardeild áfrýjunardómstólsins hefði skoðað málið að nýju og svarað röksemdum þeirra á ítarlegan hátt. Yrði því að lýsa kærana að þessu leyti bersýnilega illa grundaða og vísa henni frá, jafnvel þótt gert

3. gr. Bann við pyndingum

væri ráð fyrir að kærundur gætu enn haldið því fram að þeir væru þolendur meints brots.

Dómstóllinn frestaði ákvörðun um bætur samkvæmt 41. gr. sáttmálans.

Khlaifa o. fl. gegn Ítalíu

Dómur frá 1. september 2015

Sjá reifun dómsins undir 5. gr.

Útlendingar. Frelsisvipting. Meðferð hælisleitenda. Málsmeðferð við ákvörðun um brottvísun.

M. og M. gegn Króatíu

Dómur frá 3. september 2015

Mál nr. 10161/13

3. gr. Bann við pyndingum

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Börn. Ill meðferð. Jákvæðar skyldur. Forsjárdeila. Málsmeðferðartími.

1. Málsatvik

Kærundur eru stúlka fædd árið 2001 og móðir hennar sem eru báðar króatískir ríkisborgarar og búsettar í Króatíu. Faðir stúlkunnar fékk forsjá hennar á árinu 2007 er hann skildi við móður hennar. Fyrri kærandi varð að eigin sögn fyrir miklu andlegu ofbeldi og hótunum um líkamlegt ofbeldi í umsjá föður síns. Það ofbeldi hafi náði hámarki hinn 1. febrúar 2011 þegar hann hafi slegið hana í andlitið og þrengt að öndunarvegi hennar auk þess sem hann beitti hana andlegu ofbeldi. Kærundur tilkynntu atvikið til lögreglu daginn eftir. Í kjölfarið var höfðað refsímál fyrir króatískum dómstólum á hendur föðurnum sem enn var á fyrsta dómstigi fjóru og hálfu ári síðar við meðferð málsins fyrir Mannréttindadómstólnum.

Á sama tíma höfðaði síðari kærandi forsjármál fyrir króatískum dómstólum. Í júní 2011 var kröfu hennar um tímabundna forsjá hafnað. Var það gert vegna álits sérfræðinga króatískra barnaverndaryfirvalda um að fyrri kærandi væri ekki í hættu á frekara ofbeldi á heimili föður. Aðalmeðferð þessa máls var ekki hafin þegar málið kom fyrir dómstólinn. Fyrri kærandi hafði þó lýst skýrum vilja sínum til að búa hjá móður sinni. Hún hafði jafnframt þróað með sér hegðunartengd vandamál og var byrjuð að skaða sjálfa sig.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærundur byggðu kæru sína á því að króatíska ríkið hafi brugðist jákvæðum skyldum sínum um vernd fyrri kæranda í skilningi 3. gr. sáttmálans og bæði lengd málaferlanna og að ekki var tekið tillit til vilja fyrri kæranda til að búa hjá síðari kæranda hafi brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

3. gr. Bann við pyndingum

Niðurstaða

Um 3. gr.: Vegna ungs aldurs fyrri kæranda voru ásakanir hennar á hendur föður um heimilisofbeldi taldar geta fallið undir vanvirðandi meðferð í skilningi 3. gr. Atvik málsins frá 1. febrúar 2011, sem kærð höfðu verið til lögreglu daginn eftir, voru studd af læknum. Að áliti dómstólsins þótti það nægilegt til stjórnvöld bæru skyldu til að rannsaka ásakanir hennar og vernda hana gegn áframhaldandi ofbeldi. Hvað varðaði þörf á að rannsaka ásakanirnar ákváðu stjórnvöld einvörðungu að taka til meðferðar það sem virtust vera alvarlegustu tilvikin af röð ofbeldisverka gegn fyrri kæranda frekar en að ákæra föður hennar fyrir eitt eða fleiri brot sem náð gætu yfir öll stig vanvirðandi meðferðar gagnvart henni sem þannig hefðu getað náð til atvikanna í heild. Enn fremur hafði meðferð sakamálsins gegn föður hennar varað í meira en fjögur og hálf t. Taldi dómstóllinn því að rannsóknin hefði ekki uppfyllt kröfu um skjóta málsmeðferð. Þar sem ríkið hefði brugðist skyldum sínum til að hefja skilvirka rannsókn á ásökunum um illa meðferð fyrri kæranda hefði verið brotið gegn réttindum hennar samkvæmt 3. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn komst hins vegar að því að króatíska ríkið hafi í upphafi tekið nægjanleg skref til að tryggja að fyrri kærandi myndi ekki verða fyrir frekara ofbeldi. Ástand hennar hafi verið ítarlega vakt að af barnaverndaryfirvöldum. Jafnframt hafi áframhaldandi vera hennar hjá föður verið ákveðin á grundvelli gagna frá sérfræðingum og þar til gerðum stofnunum. Synjunin um tímabundna forsjá var einnig byggð á sömu réttlæt看legu forsendunum og einnig að málið var enn í gangi hjá dómstólum. Var því ekki talið brot á 3. gr. að ræða í þessu tilliti.

Um 8. gr.: Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að það kallaði á sérstaka skoðun að króatíska ríkið tók ekki tillit til óska fyrri kæranda um að búa hjá móður sinni, síðari kæranda. Sú staðreynd að forsjárdeilan hafði þegar staðið í meira en fjögur ár nægði til þess að álykta að stjórnvöld hefðu látið undir höfuð leggjast að uppfylla skyldu sína samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Auk þess hefði í þessu máli verið þörf á sérstakri aðgæslu þar sem um sérlega viðkvæman einstakling var að ræða. Var því talið um brot á 8. gr. að ræða. Þessu til viðbótar var talið um brot að ræða á réttindum móðurinnar samkvæmt 8. gr. vegna tafa í meðferð forsjármálsins.

R.H. gegn Svíþjóð

Dómur frá 10. september 2015

Mál nr. 4601/14

3. gr. Bann við pyndingum

Útlendingar. Umsókn um hæli. Brottvísun.

1. Málsatvik

Kærandi er sómalskur ríkisborgari fædd 1988 og búsett í Svíþjóð. Árið 2011 sótti hún um hæli í Svíþjóð eftir að hafa dvalist þar um fjögurra ára skeið án dvalarleyfis. Hún kom til landsins frá Ítalíu með millilendingu í Hollandi. Í viðtali í janúar 2013 hélt kærandi því fram að hún hafi flúið frá Sómalíu ásamt kærasta sínum eftir að hafa verið þvinguð til hjónabands með eldri manni og í kjölfarið

3. gr. Bann við pyndingum

verið tekin höndum, barin og hent aftan af bíl af frændum sínum eftir að upp komst um kærasta hennar. Foreldrar hennar og kærasti höfðu látist síðan þá og hélt hún því fram að yrði hún send aftur til heimalandsins yrði henni gert að ganga í hjónaband gegn vilja sínum og ætti á hættu að vera drepin af frændum sínum. Þar sem hana skorti jafnframt stuðningsnet sem skipað væri körlum ætti hún á hættu að verða fyrir kynferðisofbeldi og verða útskúfað úr samfélaginu.

Sænska Útlendingastofnunin synjaði umsókn hennar um hæli í júní 2013 og fyrirskipaði brottvísun hennar til Sómalíu eftir að hafa metið það svo að vitnisburður hennar væri ekki trúverðugur. Tekið var fram að hún hefði dvalist í landinu ólöglega í fjögur ár og sótt um hæli bæði í Hollandi og Ítalíu áður en hún kom til Svíþjóðar. Hafi hún jafnframt fyrst sagst hafa yfirgefið Sómalíu vegna stríðsins, en síðar breytt sögu sinni á þann veg að hún væri að flýja þvingað hjónaband og fjölskylduhætti.

Kærandi reyndi að fá synjuninni hnekk, hún hélt þá fram að frændur hennar hefðu gengið til liðs við jihadistahreyfinguna al-Shabab. Þeir hefðu þvingað bróður hennar til liðs við sig og drepið systur hennar. Beiðninni var aftur synjað í september 2013.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggir kæru sína á því að með brottvísun hennar til Sómalíu væri hún send í aðstæður sem fælu í sér vanvirðandi og ómannlega meðferð sem fæli í sér brot gegn 3. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að yrði kærandi send úr landi yrði hún send til höfuðborgarinnar Mogadishu og engin hætta væri á að hún myndi þurfa að ferðast í gegnum eða enda í öðrum hlutum landsins. Dómstóllinn hafði áður í máli K.A.B. gegn Svíþjóð árið 2013 komist að þeirri niðurstöðu að aðstæður í borginni fælu ekki einar sér í sér brot gegn 3. gr. Þrátt fyrir að aðstæður í landinu væru breytilegar væri ekkert fram komið sem sýndi fram á að aðstæður í Mogadishu hefðu breyst að þessu leyti. Hins vegar var kærandi í fyrrgreindu K.A.B. máli karlmaður fæddur árið 1960 og aðstæður því að mörgu leyti frábrugðnar þessu máli. Margar skýrslur bentu til kerfisbundins ofbeldis gagnvart konum í Sómalíu. Tók því dómstóllinn fram að ung kona án stuðningsnets sem skipað væri körlum væri í hættu á ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð í skilningi 3. gr.

Dómstóllinn komst loks að þeirri niðurstöðu, að teknu tilliti til aðstæðna í landinu, að staðreyndir málsins leiddu ekki til þeirrar ályktunar að kærandi ætti á hættu að verða fyrir vanvirðandi eða ómannúðlegri meðferð yrði hún send til Sómalíu. Kærandi hefði verið tvísaga í vitnisburði sínum um aðstæður sínar í ríkinu og hættunnar sem henni myndu mæta þar. Ekkert í gögnum málsins benti til að hún kæmi til Mogadishu sem ein og óstudd kona með þeim hættum sem því fylgdu. Gögn málsins sýndu þvert á móti að hún myndi hafa aðgang að bæði fjölskyldu og stuðningsneti. Enn fremur væri ekkert sem sýndi að hún myndi þurfa að búa

3. gr. Bann við pyndingum

í flóttamannabúðum. Að þessu sögðu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að brottvísun hennar fæli ekki í sér brot á 3. gr. sáttmálans.

Bouyid gegn Belgíu

Dómur frá 28. september 2015

Mál nr. 23380/09

3. gr. Bann við pyndingum

Handtaka. Meðferð lögreglu á handteknnum manni. Rannsókn máls.

1. Málsatvik

Kærendur, Saïd og Mohamed Bouyid, eru belgískir ríkisborgarar fæddir 1986 og 1979, búsettir í Saint-Josse-ten-Noode í Belgíu. Þeir bjuggu með foreldrum sínum, bróður og tveimur systur, í íbúð við hliðina á lögreglustöð hverfisins. Kærendur halda því báðir fram að þeir hafi verið slegnir af lögreglumanni. Sá yngri þann 8. desember 2003 og sá eldri 23. febrúar 2004.

Kærendur héldu því fram að þann 8. desember hafi yngri bróðirinn staðið fyrir utan heimili þeirra ásamt vini sínum, hann hafi verið að hringja bjöllunni til að láta hleypa sér inn þar sem hann hafði gleymt lykklum. Óeinkennisklæddur lögreglumaður kom þá til hans og óskaði eftir að hann sýndi skilríki. Kærandi neitaði og óskaði eftir að hann sýndi fram á að hann væri í raun lögreglumaður. Lögreglumaðurinn greip þá í kæranda, dró hann yfir á lögreglustöðina og fór með hann inn í afvikid herbergi þar sem hann sló kæranda í andlitid. Meðan á þessu stóð mótmælti kærandi handtökunni harðlega. Læknisvottorð gefið út síðar um daginn segir að kærandi hafi augljóslega verið í losti og haft yfirborðskenndan roða á hörundi við vinstri kinn og vinstra eyra. Daginn eftir kvartaði kærandi yfir háttsemi lögreglumannsins til eftirlitsnefndar belgísku lögreglunnar og gaf skýrslu.

Eldri kærandinn hélt því fram að 23. febrúar 2004, þegar hann var í yfirheyrslu sökum áfloga sem hann hafði lent í og leitt höfðu til kæru, hafi lögreglumaður slegið hann. Læknisvottorð frá sama degi sagði til um mar á vinstri kinn. Kærandi kvartaði yfir háttseminni samdægurs. Lögreglumaðurinn var yfirheyrdur vegna málsins þann 5. maí 2004 af yfirmanni innra eftirlits lögreglunnar. Lögreglumaðurinn hélt því fram að þótt kærandi hefði sýnt honum gríðarlegan dónaskap hafi hann ekki slegið hann. Hann hafi hins vegar gripið í hönd kæranda til að koma honum út af skrifstofu sinni.

Sakamál var höfðað gegn lögreglumönnum og kærendur sóttu um að koma að bótakröfum í málunum. Lögreglumennirnir voru sakaðir um að beita ofbeldi gegn almennum borgurum við skyldustörf sín í því augnmiði að særa eða meiða kærendur og beita valdi sínu að geðþótta á þann hátt að í bága hafi farið við grundvallarréttindi stjórnarskrárinnar. Dómarinn í málinu óskaði eftir skýrslu frá lögreglunni um samskipti kæranda og fjölskyldu þeirra við lögregluna. Skýrslan útlistaði öll mál sem fjölskyldumeðlimir höfðu verið viðriðnir hjá lögreglu og erfitt samband þeirra við lögregluþjóf. Sérstaklega var dregið fram ögrandi viðhorf fjölskyldumeðlima í garð lögreglu. Dómarinn sendi saksóknara jafnframt

3. gr. Bann við pyndingum

skýrsluna. Í kjölfarið var málið látið niður falla. Kærendur áfrýjuðu þeirri ákvörðun en belgíski áfrýjunardómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að kærendur hefðu orðið tvísaga og engin sönnunargögn væru gegn lögreglumönnunum. Var ákvörðun saksóknara því staðfest. Frekari áfrýjanir báru ekki árangur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur byggðu á því að þeir hefðu orðið fyrir vanvirðandi eða ómannúðlegri meðferð í haldi lögreglu sem brotið hefði gegn réttindum þeirra samkvæmt 3. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn áréttaði í upphafi að við mat á því hvort kærendur hefðu orðið fyrir slæmri meðferð sem talist gæti hafa brotið gegn 3. gr. sáttmálans þyrftu þeir að sýna fram á einhverjar afleiðingar slíkrar háttsemi eftir að hafa verið í haldi yfirvalda. Algengast væri að slík sönnun tækist með því að leggja fram læknisvottorð. Kærendur hefðu báðir aflað sér læknisvottorða samdægurs og sýndu þau bæði fram á mar, sem gæti stafað af höggi frá lögreglumanni. Dómstóllinn tók fram að ekki væri deilt um það í málinu hvort þeir hefðu haft mar áður en þeir voru handteknir. Í ljósi þessa og að belgíska ríkið hafði ekki náð að vefengja þessar staðhæfingar kærenda taldi dómstóllinn sannað að kærendur hefðu verið slegnir af lögreglumönnunum.

Dómstóllinn áréttaði að þegar einstaklingar væru sviptir frelsi sínu af lögreglu eða ættu samskipti við lögreglu þá fæli valdbeiting sem ekki væri nauðsynleg alltaf í sér vanvirðandi meðferð gagnvart manni í skilningi 3. gr. Þar sem belgíska ríkið hafði ekki borið því við að högginn hefðu verið nauðsynleg svör við háttsemi kærenda komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að högginn hafi farið í bága við 3. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn tók einnig fram að högg frá lögreglumanni gegn einstaklingi sem er algerlega á valdi hans feli í sér alvarlega árás gegn manngretri reisu einstaklingsins. Það ætti sérstaklega við eins og í máli þessu þegar högginu er beint að andlitinu, sem feli í sér auðkenni tilfinninga og annarra skilningarvita. Dómstóllinn tók einnig fram að það nægði að einstaklingur væri niðurlægður í eigin augum. Högg gagnvart honum þegar hann er algerlega á valdi lögreglu ýti undir þá skoðun. Einnig gæti vitneskja um að slík háttsemi væri ólögleg aukid á niðurlæginguna og dregid úr trausti á ríkið.

Dómstóllinn féllst ekki á sjónarmið um að uppgefinn lögreglumaður gæti hafa slegid til kærenda í algeru hugsunarleysi. Jafnvel í erfidustu aðstæðum legdi sáttmállinn algert bann við pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð. Jafnframt var yngri kærandi 17 ára þegar atburðirnir gerðust. Var hann því sérstaklega viðkvæmur fyrir ofbeldi lögreglu og telja mætti að það hefði í för með sér alvarlegar andlegar afleiðingar fyrir hann. Að þessu sögðu taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 3. gr. í máli beggja kærenda.

3. gr. Bann við pyndingum

Dómstóllinn tók næst til skoðunar málsmeðferð belgískra dómstóla. Eftir kvörtun kæranda var höfðað dómsmál gegn lögregluþjónunum í samræmi við lög. Dómarinn hafði þó ekki fyrirskipað að málið væri nægilega rannsakað. Hann hafði einungis gefið fyrirmæli um að gætt væri að einkaréttarkröfu kæranda, tekin væri skýrsla af þeim og skýrsla um samskipti fjölskyldunnar væri tekin saman. Dómarinn hafði ekki leitt kærendur og lögreglumennina saman eða látið taka skýrslu af læknum sem gáfu út læknisvottorðin. Var því ljóst að belgíska ríkið hafði ekki náð að sýna fram að málnum hafi verið veitt nægileg athygli í samræmi við alvarleika þeirra. Jafnframt hafði meðferð málsins tekið of langan tíma. Skjót rannsókn og málsmeðferð sé nauðsynleg í málum sem þessum þar sem traust almennings á stjórnvöldum og réttarríkinu liggja við. Var því talið að einnig hefði verið brotið að þessu leyti gegn réttindum kæranda samkvæmt 3. gr. sáttmálans

Kærendum voru dæmdar 5.000 evrur hvorum í miskabætur og 10.000 evrur sameiginlega í málskostnað.

A.L. gegn Rússlandi

Dómur frá 29. október 2015

Sjá reifun dómsins undir 2. gr.

Varðhald. Einangrun. Brottvísun. Dauðarefsing.

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Kuttner gegn Austurríki

Dómur frá 16. júlí 2015

Mál nr. 7997/08

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Frelsisvipting. Geðsjúkir. Öryggisgæsla. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.

1. Málsatvik

Kærandi er austurrískur ríkisborgari fæddur 1950. Árið 2005 var hann sakfelldur fyrir að hafa af ásetningi valdið áttæðri móður sinni alvarlegu líkamstjóni og dæmdur til sex ára fangavistar. Taldi héraðsdómur á grundvelli geðlæknisfræðilegrar skýrslu að kærandi væri haldinn alvarlegum geðsjúkdómi og hættulegur almenningi og vistaði hann ótímabundið á réttargeðdeild. Fyrstu beiðni kæranda um skilorðsbundna lausn var vísað frá í maí 2006. Í janúar 2007 bað kærandi héraðsdóm aftur um lausn. Í júlí 2007 taldi áfrýjunardómstóll héraðsdóm ekki hafa komist að niðurstöðu innan eðlilegs tíma og lagði fyrir hann að gera það fyrir 3. ágúst 2007. Þann 31. júlí 2007 fyrirskipaði héraðsdómstóllinn á grundvelli nýs sérfræðiálits að kærandi væri enn hættulegur og skyldi vistaður áfram á stofnuninni. Kæru á þeirri ákvörðun var vísað frá 10. september 2007. Í september 2009 kom málið í þriðja sinn fyrir héraðsdómstóllinn, sem leysti kæranda úr haldi, batt eftirstöðvar fangelsisdómsins skilorði og lét kæranda lausan að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi einkum brotið gegn 4. mgr. 5. gr. (réttinum til frelsis og mannhelgi). Þá taldi hann brotið gegn 6 gr. sáttmálans (réttinum til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi).

Niðurstaða

Um meðferðarhæfi: Dómstóllinn tók fram að frelsskerðing kæranda hefði í upphafi bæði fallið undir a- og e-lið 1. mgr. 5. gr. sáttmálans. Í framhaldinu hefði hann ekki farið fram á sérstaka endurskoðun á lögmæti hennar, heldur haldið því fram að forsendur hennar samkvæmt e-lið væru ekki lengur til staðar. Hann hefði því óskað eftir að losna af réttargeðdeildinni, enda þótt það hefði ekki leitt til lausnar hans úr haldi, heldur aðeins til flutnings yfir í almennt fangelsi.

Dómstóllinn taldi það andstætt markmiði og tilgangi 5. gr. sáttmálans ef 4. mgr. hennar yrði túlkuð á þann veg að lögmæti vistunar á geðheilbrigðisstofnun sætti ekki endurskoðun af þeirri ástæðu einni að upphaflega ákvörðunin hefði verið tekin á grundvelli a-liðar 1. mgr. 5. gr. sáttmálans. Dómstóllinn undirstrikaði að ástæða þess að tryggja endurskoðun samkvæmt 4. mgr. 5. gr. hefði sama gildi óháð

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Því hvort einstaklingur á geðsjúkrastofnun væri jafnframt að afplána refsisdóm. Ákvæði 4. mgr. 5. gr. sáttmálans ættu því við í máli kæranda.

Um efnislega niðurstöðu: Dómstóllinn taldi að eins og hér háttaði til hefði 16 mánaða tímabilið milli endanlegrar ákvörðunar um fyrstu og aðra beiðni kæranda um lausn af réttargeðeildinni ekki uppfyllt kröfu 4. mgr. 5. gr. sáttmálans um skjóta endurskoðun. Kærandi hefði engum tögum valdið sjálfur, en eins og áfrýjunardómstóllinn hefði bent á hefði orðið veruleg tög á málsmeðferðinni í héraði. Það að áfrýjunardómstóllinn komst að niðurstöðu innan fjögurra vikna frá því að málið barst honum gat ekki vegið upp á móti þeim tögum. Hefði því verið brotið gegn 4. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 3.000 evrur í miskabætur.

Khlaifa o. fl. gegn Ítalíu

Dómur frá 1. september 2015

Mál nr. 16483/12

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

3. gr. Bann við pyndingum

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

4. gr. 4. viðauka. Bann við hópbrottvísun útlendinga

Útlendingar. Frelsisvripting. Meðferð hælisleitenda. Málsmeðferð við ákvörðun um brottvísun.

1. Málsatvik

Kærendur, Saber Ben Mohamed Ben Ali Khlaifia, Fakhreddine Ben Brahim Ben Mustapha Tabal og Mohamed Ben Habib Ben Jaber Sfar, eru túnískir ríkisborgarar fæddir 1983, 1987 og 1988. Þann 16. og 17. september 2011 fóru þeir sjóleiðina frá Túnis og voru bátar þeirra skömmu síðar stöðvaðir af ítölskum yfirvöldum. Var þá farið með þá til eyjunnar Lampedusa þar sem þeim var komið fyrir í móttökumiðstöð fyrir útlendinga. Að sögn kæranda var aðstaðan í miðstöðinni hræðileg, klósett og sturtuaðstöður voru ekki aðskilin frá öðrum vistarverum. Aðgangur að vatni var og takmarkaður. Margir hælisleitendur urðu að sofa á gólfinu á göngum miðstöðvarinnar vegna þess fjölda sem þar var vistaður.

Þann 20. september kom upp eldur í miðstöðinni eftir mótmæli hælisleitenda og var kærendum þá komið fyrir á íþróttaleikvangi yfir nótt. Kærendur fóru þaðan til þorpsins Lampedusa þar sem þeir tóku þátt í mótmælum ásamt 1.800 öðrum umsækjendum. Þar voru þeir teknir höndum af lögreglu og flogið með þá til Palermo þar sem þeir voru vistaðir í fjóra daga í skipum sem þar lágu við bryggju. Þann 27. og 29. september voru kærendur svo sendir aftur til Túnis. Áður en þeir voru sendir heim fengu þeir fund með túníska ræðismanninum sem tók niður persónuupplýsingar þeirra í samræmi við samning milli ítalska og túníska ríkisins frá apríl 2011.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur byggðu kæru sína á að aðstæður þeirra á móttökumiðstöðinni og í skipunum hafi falið í sér vanvirðandi og ómannlega meðferð í skilningi 3. gr. mannréttindasáttmálans. Enn fremur hafi vistunin á miðstöðinni og eftirlitið með þeim þar falið í sér frelsissviptingu og brot á rétti þeirra samkvæmt 5. gr. sáttmálans til að fá að vita án tafar um ástæður þeirra skerðingar svo og rétti til að fá strax endurskoðun hennar fyrir dómara. Þá byggðu þeir einnig á því að þeir hafi ekki haft neitt raunhæft úrræði til að leita réttar síns í skilningi 13. gr. og að brottvísun þeirra hafi falið í sér hópbrottvísun í skilningi 4. gr. 4. viðauka sáttmálans.

Niðurstaða

Um 5. gr.: Dómstóllinn tók fram að kærendum hafi hvorki verið frjálst að yfirgefa móttökumiðstöðina né skipin. Þeir hafi verið undir stöðugu eftirliti lögreglu og ekki heimilt að hafa samband við umheiminn. Var því um frelsissviptingu að ræða sem féll undir gildissvið 5. gr. Þótt ríki njóti réttar til að skerða frelsi innflytjenda til að framfylgja landamæraeftirliti verða slíkar takmarkanir að eiga sér stoð í landsrétti svo gætt sé réttaröryggis innflytjenda og annarra hælisumsækjenda. Skerðing sú sem kærendur voru beittir átti sér ekki stoð í ítölskum landsrétti. Þrátt fyrir að gert væri ráð fyrir að skerðing á rétti kæranda ætti sér stoð í tvíhliða samning ítalska og túníska ríkisins þá var sá samningur ekki birtur og þar af leiðandi ekki aðgengilegur almenningi. Var því ekki hægt að reisa skerðingu borgararéttinda á honum og var því brotið gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans að þessu leyti gagnvart kærendum

Kærendum voru ekki kynntar ástæður fyrir frelsisskerðingu þeirra. Var ástæðuna ekki að finna í neinum opinberum gögnum ítalska ríkisins. Ítalska ríkinu tókst ekki að sýna fram á að kærendum hefði verið kynnt þetta með fullnægjandi hætti, eða um réttarstöðu þeirra við brottvísunina til Túnis. Var því einnig brotið gegn 2. mgr. 5. gr. sáttmálans gagnvart kærendum.

Dómstóllinn áréttaði að þar sem kærendum hafi hvergi í málsmeðferðinni verið kynntar ástæður frelsissviptingarinnar þá hafi þeim aldrei verið kleift að láta reyna á lögmæti hennar. Hafi því verið brotið gegn 4. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Um 3. gr.: Dómstóllinn benti á að í kjölfar arabíska vorsins (uppreisnirnar í Túnis og Líbíu árið 2011) hafi mun fleiri innflytjendur komið til Lampedusa en venjulegt var en 55.298 aðrir innflytjendur komu til eyjunnar samtímis kærendum. Ítalska ríkið lýsti í kjölfarið yfir neyðarástandi á eyjunni. Uppreisnin 20. september sama ár bætti ekki úr skák en ítalska ríkið hafi þó reynt að mæta vandanum. Þótt dómstóllinn gerði ekki lítið úr erfiðleikum sem fylgi stórauknum straumi innflytjenda þá áréttaði hann að ekki væri aldrei heimilt að víkja frá 3. gr. sáttmálans.

Í ljósi skýrslna frá Amnesty og sérstakri rannsóknarnefnd ítölsku öldunga-deildarinnar um aðstæður í móttökumiðstöðinni taldi dómstóllinn þær nægilega sannanðar. Í ljósi þess að kærendur voru veikir fyrir, nýkomnir úr hættulegri för yfir sjóinn og þrátt fyrir að þeir hefðu einungis verið vistaðir þar í fjóra daga taldi dómstóllinn aðstæður þeirra svo slæmar að þær skertu mannlega virðingu þeirra

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

og umfram það sem eðlilegt gæti talist þegar einstaklingar væru sviptir frelsi sínu. Taldi dómstóllinn því að vistun þeirra í miðstöðinni hafi falið í sér vanvirðandi meðferð í skilningi 3. gr. sáttmálans og þar af leiðandi brot á sáttmálanum.

Um 4. gr. 4. viðauka: Dómstóllinn tók fram að þótt kærendum hafi verið birtar sérstakar brottvísunarákvarðanir hverjum um sig, hafi þær allar verið orðaðar eins og engin afstaða tekin þar til persónulegra aðstæðna hvers um sig og ekki sýnt fram á að könnun á högum þeirra hefði farið fram. Það var enn fremur talið staðfesta að um hópbrottvísun væri að ræða að samningurinn milli Túnis og Ítalíu fól í sér einfaldaða málsmeðferð sem leiddi oftast til brottvísunar fyrir túníska ríkisborgara að því gefnu að túníski ræðismaðurinn gæti auðkennt þá sem ríkisborgara. Komst dómstóllinn því að þeirri niðurstöðu að brottvísun kæranda hafi falið í sér hópbrottvísun og þar af leiðandi brotið gegn 4. gr. 4. viðauka sáttmálans.

Um 13. gr.: Þar sem kærendur gátu einungis kært brottvísun sína en ekki aðstæður eða meðferð í miðstöðinni var ekki talið að til staðar hafi verið raunhæft úrræði í skilningi 13. gr. sbr. 3. gr. sáttmálans. Jafnframt hafði kæra um brottvísunina ekki í för með sér frestun réttaráhrifa og var þar af leiðandi ekki raunhæft úrræði. Var því einnig brotið gegn 13. gr. sáttmálans sbr. 4. gr. 4. viðauka.

Kærendur fengu hver 10.000 evrur í miskabætur og 9.344,51 evrur sameiginlega í málskostnað.

Sher o.fl. gegn Bretlandi

Dómur frá 20. október 2015

Mál nr. 5201/11

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Handtaka. Hryðjuverkahætta. Réttarstaða sakbornings. Gæsluvarðhald.

Húsleit.

1. Málsatvik

Kærendur, Sultan Sher, Mohammed Rizwan Sharif og Mohammed Umer Farooq, eru pakistanskir ríkisborgarar sem bjuggu í Bretlandi þegar atvik málsins gerðust, en búa nú í Pakistan. Þann 8. apríl 2009 voru kærendur handteknir þar sem þeir voru grunaðir um að vera að undirbúa hryðjuverk. Daginn eftir voru þeir teknir til skýrslutöku, þar sem þeir voru spurðir um vitneskju sína um yfirvofandi hryðjuverkaárásir. Á næstu vikum voru þeir yfirheyrðir ítrekað, þar sem fram kom að þeir væru grunaðir um aðild að undirbúningi hryðjuverka og vísað til tölvupóstsamskipta þeirra og fleiri gagna. Sama dag og kærendur voru handteknir var gefin út heimild til húsleitar á heimilum þeirra. Húsleitarheimildin var bundin því skilyrði að veitt væri leyfi til einnar húsleitar hjá hverjum kæranda til þess að leggja hald á nánar tilgreinda muni. Húsleitinn á heimili Sher stóð yfir í 10 daga og í 12 daga á heimili Sharif og Farooq, en þeir bjuggu saman.

Krafa um gæsluvarðhald kæranda var tekin fyrir af dómstóli þann 10. apríl 2009. Kærendum var tilkynnt að mál þeirra yrði tekið fyrir og voru þeir upplýstir

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

um að samkvæmt lögum væri hægt að taka gæsluvarðahaldsbeiðnina fyrir að þeim fjarstöddum. Kærendur voru dæmdir til viku gæsluvarðhalds. Gæsluvarðhald þeirra var svo framlengt þann 15. apríl 2009 og stóð til 21. apríl þegar þeim var sleppt úr haldi þar sem ákæra hafði ekki verið gefin út á hendur þeim. Þann 26. júní 2009 höfðuðu kærendur dómsmál þar sem þeir töldu aðgerðir lögreglu hafa verið ólögmatar. Þeir kvörtuðu yfir því að þeir hefðu ekki verið upplýstir um sakarefnið þegar þeir voru handteknir. Þá hafi húsleitarheimildin á heimilum þeirra ekki verið réttlæt看leg miðað við þau gögn sem lágu fyrir, og að húsleitirnar hefðu staðið lengur en heimildin mælti fyrir um. Máli þeirra var vísað frá dómi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að framlenging gæsluvarðhalds að þeim fjarstöddum hefði brotið gegn 4. mgr. 5. gr. sáttmálans. Þá töldu kærendur að brotið hafi verið gegn 8. gr. sáttmálans með framkvæmd húsleitar á heimili þeirra.

Niðurstaða

Um 4. mgr. 5. gr.: Dómstóllinn taldi að yfirvofandi hætta á hryðjuverkum teldist nægjanleg réttlæt看ing fyrir skerðingu á réttindum kæranda samkvæmt 4. mgr. 5. gr. sáttmálans. Hann tók fram að hryðjuverk væru sérstakur brotaflokkur, og að ákvæði 4. mgr. 5. gr. útilokuðu ekki að krafa um gæsluvarðhald yrði lögð fram í lokuðu þinghaldi, án viðveru sakbornings eða verjanda hans, ef rannsóknarhagsmunir krefðust þess. Ekki væri hægt að beita ákvæðum greinarinnar á þann veg að það setti óháfilegar hömlur á svigrúm yfirvalda til að berjast gegn hryðjuverkum. Hann benti á að ákvæði í bresku hryðjuverkaloeggjöfnni sem heimiluðu umrædda málsmeðferð væru fyrrisjónleg og tryggðu sakborningum og verjendum þeirra tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við dómara. Þá hafi kærendum verið veittur rökstuðningur fyrir því að þeir fengju ekki aðgang að öllum gögnum málsins, og að dómarrinn í málinu hafi metið hvaða gögnum yrði haldið leyndum fyrir kærendum. Þá hefði dómarrinn haft heimild til þess að skipa kærendum sérstakan talsmann ef hann teldi að þess væri þörf. Kærendur hefðu ekki lagt fram beiðni um að þeim yrði skipaður sérstakur talsmaður við fyrirtöku gæsluvarðhaldsbeiðninnar. Því hafi ekki verið brotið gegn 4. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Um 8. gr.: Dómstóllinn taldi að heimildin til húsleitar á heimilum kæranda hefði verið frekar víðtæk, og hafi falið í sér heimild til að haldleggja fjölmörg gögn á heimili þeirra. Þó taldi dómstóllinn að baráttan gegn hryðjuverkum réttlætti að húsleitarheimildir væru víðtækari í slíkum málum en ella. Í slíkum málum væri tilefni til þess að ákveðinn sveigjanleiki væri fyrir hendi, til þess að leggja hald á þá muni sem tengdu sakborninga við hryðjuverkastarfsemi. Þá tók dómstóllinn fram að húsleitarheimildin hefði verið gefin út af dómara og að kærendur hefðu haft tækifæri til bera heimildina undir dómstóla og krefjast skaðabóta vegna þeirra muna sem haldlagðir voru í húsleitinni. Því taldi dómstóllinn að ekki hafi verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Neagoe gegn Rúmeníu
Dómur frá 21. júlí 2015
Mál nr. 23319/08

6. gr. Réttlát málsmeðferð

Réttur til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð. Opinber yfirlýsing um sekt.

1. Málsatvik

Kærandi er rúmenskur ríkisborgari, fæddur 1963 og búsettur í Rúmeníu. Þann 24. maí 2004 valt vörubifreið með 20 tonna áburðarfarm í nágrenni þorps eins, en kærandi var einn af framkvæmdastjórum fyrirtækisins sem ökumaðurinn starfaði hjá. Eldur kom upp í bifreiðinni og reyndi slökkvilið ásamt nokkrum vegfarendum að ráða niðurlögum eldsins. Sprenging varð og fórust 18 manns, en 13 aðrir slösuðust. Einnig varð verulegt eignatjón.

Kærandi var ásamt öðrum framkvæmdastjóra og forstjóra fyrirtækisins ákærður fyrir manndráp, brot á heilsu- og öryggislöggjöf og refsivert skaðaverk. Kærandi var sakfelldur á lægsta dómstigi, en sýknaður á millidómstigi. Eftir sýknudóminn lýsti forseti Rúmeníu því yfir að þótt hann gæti ekki rætt dómnsniðurstöðuna teldi hann hana engu að síður ósanngjarna.

Ákærvaldið og tjónþolar áfrýjuðu dóminum. Áður en dómur var kveðinn upp fullyrti talsmaður áfrýjunardómstólsins í fjölmiðlum að sýknudómnum yrði sennilega snúið við og að hann gerði ráð fyrir að sakborningarnir yrðu sakfelldir. Fór svo að það gekk eftir.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn rétti hans til að teljast saklaus uns sekt hans væri sönnuð að lögum, sbr. 2. gr. 6. gr. sáttmálans vegna fullyrðinga forseta Rúmeníu og talsmanns áfrýjunardómstólsins.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að 2. mgr. 6. gr. sáttmálans verndaði rétt allra til að teljast saklausir uns sekt þeirra væri sönnuð að lögum og vísaði til dómaframkvæmdar sinnar um að enginn fulltrúi ríkis eða opinberra yfirvalda gæti lýst mann sekan um afbrot fyrr en dómstólar hefðu sakfellt hann.

Hvað snerti fullyrðingu forseta Rúmeníu yrði að vísa frá þeirri kæru, þar eð hún hefði verið lögð fram eftir að sex mánaða frestur 1. mgr. 35. gr. sáttmálans rann út. Dómstóllinn áréttaði að ummæli talsmanns áfrýjunardómstólsins við fjölmiðla hefðu verið látin falla nokkrum dögum áður en dómur var kveðinn upp. Þá leit hann til þess að réttarhöldin hefðu skipt almenning máli og almenningur því haft hagsmuni af því að fá fregnir í fjölmiðlum af framgangi þeirra. Talsmaður réttarins

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

hefði hins vegar ekki haldið sig við að miðla upplýsingum um réttarhöldin, heldur látið í ljósi persónulega skoðun á sekt kæranda. Dómstóllinn lagði áherslu á að gera yrði greinarmun á hreinni og beinni tjáningu um að grunur beindist að einstaklingi og því að láta opinberlega í ljós persónulega skoðun á sekt hans. Dómstóllinn benti einnig á að dómari, sem var talsmaður áfrýjunardómstólsins, hefði átt að virða rétt sakborningsins til að teljast saklaus uns sekt væri sönnuð og gæta orða sinna. Hann hefði þvert á móti hvatt almenning til að telja kæranda sekan.

Loks ítrekaði dómstóllinn að sú staðreynd að kærandi hefði að endingu verið sakfelldur breytti engu um réttinn til að teljast saklaus uns annað sannist. Þann rétt yrði að virða allt þar til dómur hefði verið kveðinn upp. Ákvæði 2. mgr. 6. gr. sáttmálans ættu við um meðferð sakamála í heild sinni óháð málsniðurstöðu. Þar sem talsmaður réttarins hefði að dómi óuppkveðnum tjáð sig við fjölmiðla um sekt kæranda gæti kærandi ekki talist hafa notið þeirrar verndar sem réttlát málsmeðferð útheimti. Hefði því verið brotið gegn 2. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 3.600 evrur í miskabætur.

Ferreira Santos Pardal gegn Portúgal

Dómur frá 30. júlí 2015

Mál nr. 30123/10

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Innleiðing Evrópulöggjafar. Skaðabótaskylda ríkisins. Túlkun landslaga. Réttaróvissa.

1. Málsatvik

Kærandi er portúgalskur ríkisborgari fæddur 1955 og búsettur í Portúgal. Í október 1997 lenti hann í umferðarslysi sem farþegi í eigin bifreið. Tryggingafélag hans endurgreiddi spítala- og læknskostnað hans út árið 1998. Þá var honum tilkynnt að hann væri talinn hafa náð sér og fullyrt að hann hefði hlotið varanlega örorku að hluta.

Kærandi var ekki sáttur við þá niðurstöðu og höfðaði einkamál gegn tryggingarfélaginu, en málinu var vísað frá héraðsdómi. Kærandi áfrýjaði, og óskaði eftir að beiðni um forúrskurð yrði send til dómstóls Evrópusambandsins. Hann krafðist viðurkenningar á því hvort tilskipun Evrópusambandsins frá 90/232/EBE frá 14. maí 1990 hefði útvíkkað ábyrgðartryggingar þannig að þær næðu yfir líkamstjón tryggingartaka sem hefði verið farþegi í eigin bifreið. Áfrýjunardómstóll taldi forúrskurð óþarfan, enda hefði portúgölsk lagasetning innleitt viðkomandi tilskipun og ekki væru uppi fyrir dómstólum nein vafamál þar að lútandi. Málinu var einnig vísað frá Hæstarétti landsins.

Í desember 2007 höfðaði kærandi einkamál gegn portúgalska ríkinu til heimtu skaðabóta og fór aftur fram á að forúrskurðar yrði leitað um túlkun tilskipunarinnar, sem hann hélt fram að hefði verið ranglega túlkuð. Málinu var vísað frá. Áfrýjunardómstóll sneri niðurstöðunni við að hluta. Var niðurstaða hans sú að Hæstiréttur landsins hefði brugðist skyldu sinni til að vísa álitamálinu til

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

forúrskurðar Dómstóls Evrópusambandsins og að ríkið hefði með því bakað sér einkaréttarlega skaðabótaskyldu. Hæstiréttur Portúgals komst að annarri niðurstöðu og sýknaði ríkið af kröfum kæranda.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði kæru sínu á 1. mgr. 6. gr. sáttmálans þar sem réttur hans til réttlátrar málsmeðferðar hefði verið brotinn. Taldi hann túlkun portúgalskra landslaga um einkaréttarlega skaðabótaskyldu ríkisins vegna dómskerfis þess stríða gegn fastri dómvenju og ganga gegn meginreglunum um réttaröryggi og réttláta málsmeðferð.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að ríkið andmælti því ekki að landslög heimiluðu einkamál til heimtu skaðabóta úr hendi ríkisins vegna tjóns af völdum rangra dóma. Hæstiréttur landsins hefði þó í dómi sínum frá 3. desember 2009 í máli kæranda komist að þeirri niðurstöðu að sá möguleiki hefði ekki verið í boði á þeim tíma sem var ræddi. Það var þannig hæstaréttardómur sem hafði leitt til hinnar mótsagnakenndu dómaframkvæmdar sem kærandi kvartaði yfir.

Dómstóllinn ítrekaði að það lægi í eðli dómskerfa byggðra á svæðisbundinni lögsögu ósamræmi gæti skapast á milli framkvæmdar dómstóla á lægra dómstigi. Það væri einmitt hlutverk Hæstaréttar að leysa úr slíku misræmi. Ef misvísandi framkvæmd þróaðist hjá æðstu dómstólum landsins sprytti af því réttaróvissa sem græfi undan meginreglunni um réttarvissu og drægi úr trausti almenninga á dómskerfinu. Dómstóllinn leit til þess að niðurstaða Hæstaréttar hefði gengið þvert á fasta innlenda dómaframkvæmd. Ekki hefði verið byggt á nýrri lagatúlkun, enda hefði rétturinn síðar horfið aftur til fyrri dómaframkvæmdar sinnar.

Hvað varðaði þau úrræði sem kæranda hefðu staðið til boða, þá hefði forseti Hæstaréttar ekki að eigin frumkvæði lagt stöðuna fyrir fjölskipaðan dóm í því skyni að tryggja einsleita dómaframkvæmd, þótt honum hefði borið skylda til þess samkvæmt lögum landsins um meðferð einkamála. Komst dómstóllinn einróma að þeirri niðurstöðu að það hefði verið óvissan í dómaframkvæmd sem leitt hefði til frávísunar máls kæranda, ásamt því að engin tilhögun hefði verið til staðar innan Hæstaréttar landsins til að tryggja samræmi í dómaframkvæmd hans. Þetta hefði svipt kæranda möguleikanum á að fá mál sitt gegn ríkinu skoðað, jafnvel þótt aðrir einstaklingar í sömu sporum hefðu átt þess kost. Hefði því verið brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Fazia Ali gegn Bretlandi

Dómur frá 20. október 2015

Mál nr. 40378/10

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttur til aðgangs að dómstólum. Réttindi og skyldur að einkamálarétti. Stjórnsýsluákvörðun.

1. Málsatvik

Kærandi, Fazia Ali, er breskur ríkisborgari, fædd árið 1980 og býr í Birmingham. Hún sótti um húsnæðisaðstoð frá félagsmálfyrirvöldum í Birmingham í október 2006. Á þeim tíma var hún heimilislaus og hafði tvö ung börn á framfæri sínu. Hún taldist því eiga forgang til félagslegs húsnæðis samkvæmt bresku húsnæðislögunum frá 1996. Eftir að kærandi hafði í tvígang hafnað boði yfirvalda um húsnæði var henni tilkynnt í mars 2007 að hún hefði fyrirgert rétti sínum til félagslegs húsnæðis, þar sem hún hefði neitað að þiggja þá aðstoð sem í boði væri. Því teldu yfirvöld að þau hefðu uppfyllt skyldur sínar gagnvart henni, og ekkert yrði aðhafst frekar í máli hennar. Hún óskaði þess að borgaryfirvöld tækju ákvörðunina til endurskoðunar, þar sem henni hefði ekki borist skrifleg tilkynning um seinna tilboð yfirvalda um húsnæði. Í kjölfarið var mál hennar tekið til skoðunar á ný, en í maí 2007 staðfestu yfirvöld ákvörðunina um að neita kæranda um frekari aðstoð úr kerfinu. Kærandi fór með mál sitt fyrir dómstóla, en máli hennar var vísað frá dómi þar sem eingöngu væri deilt um málsatvik, en ekki túlkun á viðeigandi lagaákvæðum. Því var talið að ákvörðunin sætti ekki endurskoðun dómstóla. Hæstiréttur staðfesti þessa niðurstöðu og vísaði sérstaklega til þess að réttur kæranda til húsnæðis teldist ekki til réttinda sem félli undir 1. mgr. 6. gr. sáttmálans um rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi taldi að ákvörðun yfirvalda um að neita henni um frekari aðstoð vegna húsnæðisvanda hennar hefði varðað mannréttindi sem féllu undir 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Þar sem henni hefði verið neitað um aðgang að réttlátum dómstóli teldi hún brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að réttur kæranda til þeirra húsnæðisúrræða, sem mælt var fyrir í lögum, teldist til mannréttinda hennar í skilningi 1. mgr. 6. gr. sáttmálans, og því ætti hún rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir sjálfstæðum og óvilhöttum dómstóli. Hann tók fram að mál hennar hefði ekki sætt endurskoðun af sjálfstæðum aðila á stjórnsýslustigi, en að mál hennar hefði þó verið tekið fyrir af sjálfstæðum dómstóli. Dómstólar hefðu hins vegar ekki talið sig hafa lögsögu til að endurskoða ákvörðun yfirvalda í málinu með tæmandi hætti. Kærandi hefði þó haft úrræði til að

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

bera niðurstöðuna undir dómstóla, bæði hvað varðaði málsatvik og málsmeðferðina. Dómstóllinn taldi að 1. mgr. 6. gr. yrði ekki túlkuð á þann hátt að hún gerði dómstólum skylt að endurskoða öll málsatvik og sönnunargögn og taka skýrslur af vitnum á nýjan leik. Því taldi dómstóllinn að réttur kæranda til að skjóta málinu til dómstóla teldist nægjanleg úrræði til þess að lagt væri mat á hvort mannréttindi hennar hefðu verið virt við málsmeðferðina. Dómstóllinn benti ennfremur á að þau lagaákvæði sem réttur kæranda væri byggður á, fælu ennfremur í sér fjölmörg úrræði til þess að tryggja réttláta málsmeðferð fyrir stjórnmöldum. Því var ekki talið um brot gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans að ræða.

Dvorski gegn Króatíu

Dómur frá 20. október 2015 - Yfirdeild

Mál nr. 25703/11

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Handtaka. Réttarstaða sakbornings. Réttur til aðstoðar verjanda að eigin vali.

1. Málsatvik

Kærandi, Ivan Dvorski, er króatískur ríkisborgari, fæddur árið 1986 og býr í Rijeka í Króatíu. Snemma dags þann 13. mars 2007 voru framin þrjú morð, vopnað rán og íkveikja í heimabæ kæranda. Fljótlega eftir hádegi sama dag var kærandi boðaður til yfirheyrslu á lögreglustöð. Hann var svo handtekinn daginn eftir. Samkvæmt kæranda hafði móðir hans samband við GM, lögmann sem hafði aðstoðað hann áður, og beðið hann um að taka að sér að vera verjandi hans í málinu. GM fór á lögreglustöðina en var neitað að hitta kæranda. Hann vildi leggja fram kæru vegna neitunar lögreglu en hún var ekki tekin til greina. Lögmaðurinn tilkynnti atvikið til lögmennasamtaka og lét dómstól vita af neitun lögreglunnar. Síðar um daginn undirritaði faðir kæranda umboð til GM til að sjá um vörn sonar hans. Í kjölfarið reyndi GM enn á ný að komast í samband við kæranda en var neitað. Hann lagði því inn kvörtun til lögreglustjóra vegna málsins.

Að kvöldi 14. mars 2007 var kærandi yfirheyrður af lögreglu og var lögmaðurinn MR viðstaddur, en samkvæmt lögregluskýrslunni hafði kærandi óskað eftir honum sem verjanda í málinu. Þann 12. júlí 2007 var kærandi ákærður ásamt tveimur öðrum einstaklingum vegna þriggja morða og íkveikju sem framin voru 13. mars 2007. Þann 24. júlí 2007 lagði kærandi fram kvörtun vegna ákærunnar og bar því við að málsmeðferð lögreglunnar hefði verið haldin mörgum annmörkum. Í kvörtuninni voru þó ekki gerðar athugasemdir við tilnefningu verjanda hans við skýrslutökur hjá lögreglu. Við réttarhöldin yfir kæranda óskaði hann að leiða GM fram sem vitni í málinu, þar sem hann taldi að játning hans hjá lögreglu hefði verið fengin með ólögætum hætti. Kærandi bar því við að GM hefði ekki fengið að hitta hann áður en skýrslutökur fóru fram, og að hann hefði verið neyddur af lögreglu til þess að játa aðild sína að brotunum. Kröfu hans var hafnað með þeim

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

rökum að skýrslutaka af GM hefði ekki sönnunargildi í málinu. Þann 30. júní 2008 var kærandi sakfelldur fyrir sinn hlut í umræddum brotum og dæmdur til 40 ára fangelsisvistar. Hann áfrýjaði dómnum, en án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að málsmeðferðin hjá lögreglu hefði brotið gegn 1. mgr. og 3. mgr. 6. gr. sáttmálans, þar sem réttur hans til að velja sér verjanda í málinu og þar með réttur hans til réttlátrar málsmeðferðar ekki verið virtur.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að daginn sem kærandi var handtekinn hafi hann verið yfirheyrður í viðurvist lögmannsins MR sem hann, samkvæmt upplýsingum úr lögregluskýrslu, hefði sjálfur valið sér til varnar. Sá vitnisburður var svo lagður fram við aðalmeðferð málsins til sönnunar á sekt kæranda. Dómstóllinn taldi þó ljóst að annar lögmaður, GM, hefði tilkynnt yfirvöldum að hann hefði reynt að setja sig í samband við kæranda á meðan hann var í haldi lögreglu, en verið neitað um að hitta hann. Kærandi hélt því síðar fram við meðferð málsins að lögregla hefði ekki upplýst hann um að GM hefði reynt að hafa samband við hann. Dómstóllinn taldi ljóst að GM hefði verið ráðinn af foreldrum kæranda til að verja hann í sakamálinu gegn honum, en hann hefði þurft frá að hverfa vegna höfnunar lögreglu. Þá væri ljóst að kærandi hefði ekki verið upplýstur um tilraunir GM til að hafa samband við hann, og því hefði ákvörðun hans um að samþykkja MR sem verjanda sinn, ekki verið upplýst ákvörðun. Í króatískum lögum var tekið fram að sakborningur gæti valið sér verjanda undir rekstri málsins, en að aðstandendur gætu einnig ráðið verjanda honum til handa. Þar var einnig tekið fram að sakborningur gæti ekki neitað þeim verjanda sem tilnefndur væri af lögreglu, nema hann hefði ráðið annan lögmann til starfans. Því taldi dómstóllinn að lögreglu hefði borið skylda til að upplýsa kæranda um tilraunir GM til hafa samband við hann, enda hafi lögmaðurinn framvísað gildu umboði undirrituðu af aðstandendum kæranda. Dómstóllinn taldi því að aðgerðir lögreglunnar hefðu takmarkað aðgengi kæranda að verjanda að eigin vali, og ekki yrði talið að kærandi hefði afsalað sér tilkalli til verjanda að eigin vali þó hann hefði á frumstigum málsins veitt MR umboð til að koma fram sem verjandi hans í málinu.

Dómstóllinn benti á að MR hefði aðeins rætt við kæranda í um 10 mínútur áður en skýrslutakan fór fram, sem yrði að teljast stuttur tími þegar tekið væri mið af þeim alvarlegu glæpum sem hann var sakaður um að hafa framið. Dómstóllinn taldi að í málinu gegn kæranda hafi dómari ekki metið hvort skerðing á rétti hans til þess að velja sér verjanda í málinu hefði haft áhrif á framburð hans hjá lögreglu. Dómstóllinn taldi að kærandi hefði ekki haft næg tækifæri til þess að gera athugasemdir við skipun verjanda í málinu og ekki væri hægt að útiloka að skerðing á rétti hans til verjanda hefði haft áhrif á framburð hans hjá lögreglu. Þar

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

sem króatískir dómstólar hefðu ekki tekið afstöðu til þessa álitaefnis yrði talið að kærandi hefði ekki notið réttlátrar málsmeðferðar í málinu. Því taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 1. mgr. og 3. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn dæmdi króatíska ríkið til að greiða kæranda 6.500 evrur í málskostnað.

7 dómarar skiluðu séráliti.

El Kaada gegn Þýskalandi

Dómur frá 12. nóvember 2015

Mál nr. 2130/10

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttur til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð. Rof á skilorði.

1. Málsatvik

Kærandi var sakfelldur árið 2008 fyrir ýmis brot og hlaut í kjölfarið tveggja ára skilorðsbundinn fangelsisdóm. Hann var síðar handtekinn fyrir innbrot meðan á skilorðstímanum stóð. Við yfirheyrslur játaði hann brotið án þess að hafa lögmann viðstaddan en dró játninguna til baka nokkrum dögum síðar.

Dómstóll komst að þeirri niðurstöðu að skilorðið hefði verið rofið þar sem hann hefði gerst sekur um nýtt brot á skilorðstímanum með vísan til játningar hans við yfirheyrslur. Kærandi áfrýjaði málinu og hélt því fram að hann hefði dregið játninguna til baka en málinu var vísað frá.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að ákvörðun um rof hans á skilorði hefði brotið gegn rétti hans til að teljast saklaus uns annað sannaðist, samkvæmt 2. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Í rökstuðningi þýska dómstólsins um að afturkalla skilorðsbindingu fangelsisdóms kæranda, kom fram að kærandi hefði framið annað brot á skilorðstímanum sem fengi stóð í játningu hans og þar með væri hafið yfir allan vafa að hann hefði framið nýtt brot á skilorðstímanum, sem réttlætti afturköllunina. Mannréttindadómstóllinn taldi að þessi röksemdafærsla fæli í sér skýra afstöðu til sektar kæranda, sem hafði ekki verið sönnuð fyrir dómi eins og lög gerðu ráð fyrir.

Samkvæmt þessu var það einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda til að teljast saklaus uns annað sannaðist, sem tryggður er í 2. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Þýska ríkinu var gert að greiða kæranda 7.500 evrur í miskabætur.

Schatschaschwili gegn Þýskalandi - Yfirdeild

Dómur frá 15. desember 2015

Mál nr. 9154/10

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi.

*Sakamál. Notkun vitnisburðar í lögregluskýrslu. Réttur til að spyrja vitni.
Vægi sönnunargagna.*

1. Málsatvik

Kærandi var sakfelldur fyrir alvarlegt rán og fjárdrátt og dæmdur í fangelsi í níu og hálf t. ár. Hvað varðaði annað brotið hafði þýskur dómstóll byggt niðurstöðu sína á vitnisburði tveggja brotþola úr lögregluskýrslu. Lögregluskýrslurnar voru lesnar upp í dómsalnum þar sem brotþolarnir höfðu snúið aftur til Lettlands og neituðu að bera vitni þar sem þeir töldu sig hafa orðið fyrir miklu áfalli vegna afbrotsins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi taldi brotið gegn rétti sínum samkvæmt 6. gr. og 1. gr. sáttmálans. 17. apríl 2014 komst deild dómstólsins að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið um brot að ræða. Kærandi skaut þeirri niðurstöðu til yfirdeildar dómstólsins.

Niðurstaða

Til þess að meta hvort notkun vitnisburðar úr lögregluskýrslu hefði leitt til þess að kærandi hlaut ekki réttláta málsmeðferð fyrir dómi í málinu sínu, leit dómstóllinn til niðurstöðu sinnar í máli Al-Khawaja og Tahery gegn Bretlandi (mál nr. 26766/05 og 22228/06) og þeirra viðmiða sem þar komu fram.

Þótt vitnin hefðu ekki lögmetta ástæðu fyrir fjarveru sinni gæti ekki eitt og sér leitt óréttlátrar málsmeðferðar. Samt sem áður gæti það haft áhrif á mat um það hvort brotið hefði verið gegn 6. gr.

Líta þyrfti til hvaða vægi önnur sönnunargögn hefðu haft í málinu. Mat á því hversu mikið vægi önnur sönnunargögn hefðu fengið í málinu væri alltaf bundið við það hversu mikið vægi vitnisburður fjarverandi vitnis myndi hafa.

Dómstóllinn benti á að landsdómstóllinn hefði talið að vitnið hefði ekki rökstutt nægilega hvers vegna það neitaði að bera vitni. Einnig hafði þýski dómstóllinn haft samband við letneska dómstóla og beðið þá um að fá staðfestingu á heilsufari vitnanna eða skylda þá til að bera vitni fyrir letneskum dómstólum. Þar sem þessar tilraunir reyndust árangurslausar ákvað þýski dómstóllinn að leyfa að lögregluskýrslurnar yrðu lagðar fram sem sönnunargögn. Því hafi verið litið svo á að vitnin hefðu lögmet forföll. Landsdómstóllinn hafði því lögmetta ástæðu, vegna fjarveru vitnana, að leyfa að lögregluskýrslurnar yrðu lagðar fram við rannsókn málsins.

Landsdómstóllinn tók ekki skýrt fram hvort að lögregluskýrslurnar hefðu haft úrslitaáhrif á niðurstöðu málsins eða hversu mikilvæg þau hefðu verið við

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

sakfellinguna. Dómstóllinn mat fyrirbyggjandi gögn í málinu og taldi að umrædd vitni hefðu verið einu sjónarvottarnir. Önnur sönnunargögn voru frá aðilum sem höfðu ekki verið vitni að glæpnum, voru tæknilegs eðlis eða voru ekki nægilega afgerandi. Dómstóllinn taldi því að umræddar lögregluskýrslur hefðu haft úrslitaáhrif á niðurstöðu málsins og þar með sakfellingu kæranda.

Dómstóllinn mat því næst hvort öðrum gögnum málsins hefði verið gefið nægilegt vægi til að stuðla að réttlátri vörn fyrir kæranda. Landsdómstóllinn tók fram að hann gerði sér grein fyrir því að vægi sönnunargagna væri minna vegna fjarveru vitnanna. Þá leit einnig til annarra þátta við mat á áreiðanleika vitnisburðanna í lögregluskýrslunum. Var því talið landsdómstóllinn hefði kannað áreiðanleika vitnanna með fullnægjandi hætti.

Dómstóllinn taldi einnig að við réttarhöldin hefðu verið til staðar önnur sönnunargögn sem studdu vitnisburðinn í lögregluskýrslunum. Einnig hafði kærandi fengið tækifæri til að tjá sig um málavexti í réttarhöldunum og spyrja vitni, sem mættu til réttarhalda, spurninga. Hins vegar hafði kærandi ekki fengið tækifæri til að spyrja umrædd fjarverandi vitni spurninga.

Dómstóllinn leit einnig til þess að við réttarhöldin var sá möguleiki fyrir hendi að skipa hinum fjarverandi vitnum réttargæslumann. Sú leið var ekki farin. Dómstóllinn var sammála kæranda að sú leið hefði verið farin að taka skýrslur af vitnunum áður en meðferð málsins hófst fyrir dómstólnum vegna þess rannsóknaraðilar höfðu grun um það að ekki myndi nást aftur í þau. Þó að það væri heimild í lögum að notast við skýrslur sem gefnar væru áður en meðferð máls fyrir dómi hæfist yrði það samt til þess að hvorki hinn ákærði né verjendur hans fengu tækifæri til þess að spyrja vitnin spurninga.

Í ljósi þess að umrædd vitni hefðu verið einu sjónarvottarnir að glæpnum sem kærandi var sakfelldur fyrir, var það niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið gripið til nægilegra mótvægisáðgerða til að tryggja réttláta málsmeðferð fyrir kæranda. Þar sem fjarvera vitnanna hefði orðið til þess að kærandi fékk ekki tækifæri til að beina spurningum að þeim við meðferð málsins yrði að líta svo á að hún hefði í heild sinni verið óréttlát.

Niðurstaða meirihluta yfirdeildarinnar (núu dómara af átta) var því að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 6. gr. sáttmálans.

Kristiansen gegn Noregi

Dómur frá 17. desember 2015

Mál nr. 1176/10

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Sakamál. Kviðdómur. Vanhæfi dómara.

1. Málsatvik

Kærandi er fæddur árið 1984 og býr í Borgenhaugen í Noregi. Þann 5. febrúar 2009 var sakfelldur hann af norskum dómstóli fyrir tilraun til nauðgunar og sat kviðdómur í máli hans. Þegar stutt hlé var gert á aðalmeðferð málsins fyrir

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

dóminum tilkynnti einn kviðdómandi dómsforsetanum að hún þekkti til brotaþola í málinu en hefði engin samskipti haft við hann í mörg ár síðan en myndi eftir honum sem hljóðlátum og rólegum einstaklingi. Þegar málsmeðferð hélt áfram eftir hlé, tilkynnti dómsforseti saksóknara og verjanda kæranda um að einn kviðdómenda þekkti til brotaþola. Lögmaður kæranda krafðist þess að dómariinn viki sæti í málinu. Réttargæslumaður brotaþola studdi þá kröfu. Dómstóllinn tók afstöðu til kröfunnar í sérstakri ákvörðun og taldi ekki að fyrri kynni dómarsins af brotaþola leiddu til vanhæfis hans til að dæma í málinu.

Þessi niðurstaða var kærð til Hæstaréttar Noregs og staðfesti meirihluti réttarins að kviðdómariinn væri ekki vanhæfur til að dæma í málinu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn réttindum hans samkvæmt 6. gr. sáttmálans þar sem einn dómenda í máli hans hefði verið vanhæfur.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn var sammála mati norskra dómstóla að takmörkuð kynni eins kviðdómenda við brotaþola þyrftu ekki sem slík að leiða til þess að dómariinn væri vanhæfur til að dæma í málinu. Auk þess væru nokkur ár liðin frá því að dómariinn og brotaþoli hefðu síðast átt samskipti. Leiða mætti líkur að því að lýsing dómarsins á persónu brotaþola hefði haft áhrif á mat undirréttar en dómstóllinn taldi óþarfi að ákvarða hversu mikil áhrif ummælin hefðu haft í raun. Hins vegar benti dómstóllinn á það að ummælin væru augljóslega ekki neikvæð og gætu í raun gefið upp jákvæða mynd af brotaþola, sem gæti haft áhrif á mat dómara, ákærða í óhag. Auk þess voru ummælin látin falla eftir að brotaþoli var búin að gefa skýrslu fyrir dómi og væri því hægt að skilja þau sem athugasemd við þeirri skýrslugjöf.

Kærandinn hafði því lögmeta ástæðu til að óttast um óhlutdrægni dómarsins og áhrif þess á mat hans á sekt eða sakleysi hans. Auk þess hafði lögmaður kærandsins beðið um að umræddur dómari yrði látinn víkja vegna vanhæfis. Réttargæslumaður brotaþola studdi þá tillögu og saksóknari hafði sýnt því skilning þó að hann hafi ekki tekið beina afstöðu til þess. Dómstóllinn taldi að það gæfi til kynna að mikilvægt hefði verið að taka afstöðu til meintrar óhlutdrægni umrædds dómara. Þrátt fyrir þessar upplýsingar sem bentu til hlutdrægni dómarsins gerði landsdómstóllinn engar ráðstafanir til að bæta úr því.

Dómstóllinn taldi þannig að draga mætti mætti í efa hlutleysi dómstólsins í máli kærandsins. Því hefði verið brotið gegn réttindum hans samkvæmt 6. gr. sáttmálans.

Norska ríkinu var gert að greiða kæranda 4.000 evrur í miskabætur.

7. gr. Engin refsing án laga

Berland gegn Frakklandi

Dómur frá 3. september 2015

Mál nr. 42875/11

7. gr. Engin refsing án laga

Sakhæfi. Lagareglur um öryggisgæslu. Úrræði gagnvart ósakhæfum mönnum.

1. Málsatvik

Kærandi, Daniel Berland er franskur ríkisborgari fæddur 1987. Hann er nú í gæslu á Sevrey sjúkrahúsinu í Frakklandi.

Þann 14. september 2007 var hann handtekinn og ákærður fyrir að hafa tveimur dögum áður stungið kærustu sína ítrekað, en það leiddi hana til dauða. Þetta hafði hann gert eftir að hún hafði greint honum frá því að hún hygðist binda enda samband þeirra. Þá var hann jafnframt ákærður fyrir að ráðast að tveimur öðrum einstaklingum.

Í nóvember 2008 fór saksóknari fram á að úrskurðað væri hvort kærandi væri ósakhæfur sökum geðrænna kvilla. Krafa saksóknara var reist á lögum sem tóku gildi 25. febrúar 2008. Samkvæmt þeim lögum var ekki lengur sýknað í málum sem þessum, eins og um skort á sönnunargögnum væri að ræða, heldur hófst ný málsmeðferð sem lauk með því að úrskurðað var um öryggisráðstafanir sem við gátu átt.

Þann 18. febrúar 2009 var kærandi úrskurðaður ósakhæfur sökum geðsjúkdóms sem talinn var gera honum ókleift við tilteknar aðstæður að stjórna gerðum sínum. Var honum og gert að sæta gæslu á sérstöku sjúkrahúsi og meinað í tuttugu ár að hitta þá tvo einstaklinga sem hann hafði ráðist á og einnig að eiga vopn. Kærandi áfrýjaði og vísaði til þess að lögin voru ekki í gildi þegar hann framdi brot sín, dómurinn væri því að beita refsikenndum viðurlögum um hann afturvirk. Áfrýjun hans var hafnað þar sem öryggisráðstafanirnar, sem beitt var gagnvart honum, væru ekki refsikennd viðurlög. Að beiðni ríkissaksóknara var svo orðið „meðvitað“ fjarlægt úr úrskurði yfir kæranda og talið að maður sem skorti sakhæfi sökum geðkvilla gæti ekki talist hafa framið brot meðvitað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að beiting laganna frá 25. febrúar 2008 fæli í sér afturvirka beitingu refsinga og væri þar af leiðandi brot á 7. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Við mat á því hvort beiting laganna gagnvart kæranda fælu í sér afturvirka beitingu refsikenndra úrræða var talið að meta þyrfti, hvort úrræðin, sem beitt var gagnvart honum, væru refsikennd úrræði sem beitt hefði verið í kjölfar

7. gr. Engin refsing án laga

refsidóms. Dómstóllinn ítrekaði að skilgreining hans á refsikenndum viðurlögum eða úrræðum væru ekki bundin af landsrétti heldur sé skilgreiningin sjálfstæð í skilningi sáttmálans

Dómstóllinn tók fram að niðurstaða franskra dómstóla í máli kæranda fæli tvennt í sér. Í fyrsta lagi að nægileg sönnunargögn lægju fyrir um að hann hefði framið verknaðinn og í öðru lagi að hann væri ekki sakhæfur sökum geðsjúkdóms. Dómurinn gegn honum tók jafnframt fram að ekki fælist í þessu sakfelling, heldur úrskurður um tiltekið ástand sem gæti haft í för með sér réttaráhrif. Í ljósi þess að sérstaklega hafi verið leiðrétt orðalagið „meðvitað“ í úrskurðinum komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að úrræðin gegn kæranda hefðu ekki verið ákveðin í kjölfar sakfellingar fyrir dómi.

Dómstóllinn tók svo fram að tilgangur úrræðanna hefði verið tvíþættur. Annars vegar að veita honum sérhæfða meðferð við geðsjúkdómi og hins vegar að koma í veg fyrir að lík atvik gætu endurtekið sig. Kærandi getur samkvæmt lögunum hvenær sem er farið fram á endurskoðun á aðstæðum sínum og þar af leiðandi á nauðsyn úrræðanna. Jafnframt var tímalengdin ekki ákveðin til frambúðar heldur var úrræðið bundið við ástand kæranda hverju sinni. Bann kæranda við því að hafa samband við þá tvo menn sem hann hafði ráðist á og að eiga vopn um tuttugu ára skeið var einnig einungis ætlað að koma í veg fyrir að atburðir endurtækju sig. Voru þau úrræði jafnframt endurskoðanleg hvenær sem var af dómara, ásamt því að vera framlengjanleg ef ástand kæranda lagaðist ekki. Að lokum var tekið fram að kærandi gæti átt yfir höfði sér tveggja ára fangelsisdóm ef hann væri sakfelldur fyrir brot gegn öryggisúrræðunum. En sú refsing gat einungis átt við ef kærandi væri sakhæfur á þeim tíma er hann bryti gegn skilyrðum úrræðanna. Það myndi jafnframt fela í sér nýtt refsimál gagnvart kæranda. Var því niðurstaða dómstólsins að úrræðin gegn kæranda væru ekki refsikennd viðurlög og því ekki brot á 7. gr. sáttmálans.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

M.N. o.fl. gegn San Marínó

Dómur frá 7. júlí 2015

Mál nr. 28005/12

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Sakamálarannsókn. Leit og haldlagning. Persónuupplýsingar.

Raunhæft réttarúrræði.

1. Málsvik

Kærendur eru fjórir ítalskir ríkisborgarar búsettir á Ítalíu. Í maí 2009 barst dómshyfirvöldum í San Marínó réttarbeiðni frá ítölskum yfirvöldum. Var þar óskað aðstoðar við að afla skjala og gera leit í bönkum og öðrum stofnunum sem kynnu að tengjast yfirstandandi ítalskri sakamálarannsókn á peningabætti. Með ákvörðun í nóvember 2009 varð héraðsdómur í San Marínó við beiðninni. Fyrirskipaði hann rannsókn til að afla upplýsinga og bankaskjala tengda reikningum sem rekja mætti til innlends félags sem ítalska rannsóknin beindist að. Við rannsóknina voru tekin afrit af skjölum og úr rafrænum geymslumiðlum, m.a. af tölvupóstum, og bankayfirlitum. Í apríl 2010 fyrirskipaði héraðsdómurinn að ákvörðunin skyldi kynnt ítölskum ríkisborgurum sem gert hefðu fjárvörslusamninga við félagið. Barst fyrsta kærandanum sú tilkynning einhvern tíma á árinu 2011. Kvartaði hann við héraðsdómstólinn á þeim grundvelli að hann hefði aldrei sætt ákæru og hefði engin tengsl við meint afbrot. Þá kvartaði hann yfir því að brotið hefði verið gegn kærurétti sínum. Kvörtun hans hefði verið vísað frá og frávisunin staðfest á æðra dómstigi á þeim grundvelli að hann skorti lögvarða hagsmuni til að geta vefengt ákvörðunina fyrir dómi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur kvörtuðu allir yfir því að hafa ekki átt raunhæfan aðgang að dómstólum og að brotið hefði verið gegn friðhelgi einkalífs þeirra og bréfastípta. Töldu þeir þeir þetta varða við 1. mgr. 6. gr., 8. og 13. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um meðferðarhæfi: Málum þriggja kæranda var vísað frá, en þeir höfðu ýmist ekki tæmt innlend réttarúrræði eða kært eftir sex mánaða kærufrestinn. Eftir stóð mál M.N. og ákvað dómstóllinn að skoða það eingöngu út frá 8. gr. sáttmálans. Upplýsingar úr bankaskjölum töldust vera persónuupplýsingar um einstakling, óháð því hvort þær snertu viðkvæmar upplýsingar eða starfstengd málefni. Auk þess fól afritunin í sér að gagna var aflað og þau þar með tekin í vörslu, burtséð frá því hvort upphaflegi miðillinn væri enn á sínum stað. Afritun bankagagna kæranda

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

og varsla yfirvalda á þeim í kjölfarið skerti því rétt hans til friðhelgi bæði einkalífs og bréfaskipta.

Um efnislega niðurstöðu: Skerðingin var í samræmi við lög, enda samrýmdist það bæði lögum um meðferð sakamála og innlendri dómaframkvæmd að slíkar aðgerðir beindist gegn þriðja aðila þótt hann væri ekki sakborningur í sakamáli. Ráðstöfunin stefndi að þeim lögumtæu markmiðum að koma í veg fyrir glæpi og að vernda réttindi og frelsi annarra svo og að efnahagslegri farsæld þjóðarinnar.

Við mat sitt á nauðsyn ráðstöfunarinnar og því hvort víðeigandi réttarvernd hefði verið veitt leit dómstóllinn fyrst til þess hversu víðtæk ákvörðunin hefði verið, en áhrif hennar á þriðja aðila hefðu aldrei verið metin. Kærandi var einstaklingur sem hvorki var sakborningur né tengdist rannsókninni með neinum hætti. Hvað snerti möguleika hans á að vefengja ákvörðunina, þá varð honum ekki kunnugt um hana fyrr en meira en ári síðar og kærur hans fengu aldrei efnislega skoðun, enda hann ekki talinn eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Þurfti því dómstóllinn að fullvissa sig um hvort áhrif hennar á lögvarða hagsmuni samrýmdust sáttmálanum. Ríkið hefði gefið til kynna að kærandinn hefði getað leitað venjulegs einkamálaúrræðis, en ekki tekist að sýna fram á að það úrræði hefði getað leitt til tímanlegrar skoðunar ákvörðunarinnar eða ógildingar hennar. Dómstóllinn viðurkenndi að í fámennri lögsögu kynni að vera erfitt að færa fram dæmi úr innlendri dómaframkvæmd um að úrræðið væri raunhæft. Í þessu máli hefði ákvörðunin hins vegar haft áhrif á meira en þúsund manns án þess að eitt einasta dæmi hefði verið fært fram um að slíkt úrræði hefði verið nýtt og borið árangur. Loks hefði fyrsti kærandinn að verulegu leyti staðið verr að vígi en sakborningar í málinu eða eigendur fjármálastofnananna, sem hefðu allir getað vefengt ákvörðunina. Hann hefði þar af leiðandi ekki notið raunhæfrar verndar landslaga.

Það varð því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans. Kæranda voru dæmdar 3000 evrur í miskabætur.

Nazarenko gegn Rússlandi

Dómur frá 16. júlí 2015

Mál nr. 39438/13

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Börn. Forsjá. Umgengnisréttur. Líffræðilegt foreldri.

1. Málsatvik

Kærandi er rússneskur ríkisborgari, fæddur 1965 og búsettur í borginni Ulan-Ude. Hann og eiginkona hans höfðu eignast dóttur og farið sameiginlega með forsjá hennar eftir að þau skildu. Síðar var faðerni kæranda vefengt og kom þá í ljós að hann var ekki líffræðilegur faðir barnsins. Enda þótt yfirvöld viðurkenndu að kærandi hefði sinnt uppeldi og umönnun barnsins um fimm ára skeið varð afleiðingin sú að kærandi missti öll réttindi sem foreldri barnsins, þ. á m. réttinn til umgengni við hana. Nafn hans var máð af fæðingarvottorði barnsins og ættarnafni

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

hennar breytt. Landslög kváðu ekki á um nokkrar undantekningar sem gátu gert kæranda kleift að halda einhverju sambandi við barnið.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi hafa verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans með því að svipta sig bæði umgengni við dóttur sína og möguleikanum á að verja hagsmuni hennar fyrir dómstólum. Einnig taldi hann brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans, einkum með því að sér hefði ekki verið tilkynnt um fyrirtöku málsins fyrir áfrýjunardómstóli í febrúar 2013.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að barnið hefði fæðst meðan kærandi var í hjónabandi, verið skráð dóttir hans og hann sinnt uppeldi og umönnun hennar í meira en fimm ár án efasemda um faðernið. Barnaverndaryfirvöld og sérfróðir sálfræðingar staðfestu að nán tilfinningatengsl væru milli kæranda og barnsins. Samband þeirra félli því undir fjölskyldulíff í merkingu 1. mgr. 8. gr. sáttmálans. Skortur líffræðilegra tengsla útilokaði ekki fjölskyldulíff í skilningi ákvæðisins, sbr. fyrri dómaframkvæmd dómstólsins um fósturforeldra.

Dómstóllinn leit til ósveigjanleika rússneskra lagaákvæða um umgengisrétt. Ríkið hefði engin rök fært fyrir nauðsyn þess í lýðræðisþjóðfélagi að setja fram tæmandi lista yfir þá sem ættu rétt á að viðhalda sambandi við barn, án þess að gera neinar undantekningar sem tækju mið af fjölbreytileika fjölskylduadstæðna og því hvað barninu væri fyrir bestu. Afleiðingin yrði sú að einstaklingur eins og kærandi, sem væri óskyldur barninu en hefði annast það um langt skeið og myndað við það nán persónuleg tengsl, gæti undir engum kringumstæðum fengið umgengisrétt, sama hvað barninu væri fyrir bestu.

Dómstóllinn var ekki sannfærður um að á sviði umgengisréttar yrði það sem börnum væri fyrir bestu að sönnu ákvarðað með almennum löglíkum. Það að gæta eðlilegs jafnvægis milli réttinda allra hlutaðeigandi útheimti skoðun á hinum sérstöku kringumstæðum hvers máls. Túlka mætti 8. gr. sáttmálans á þann veg að hún legði ríkjunum á herðar skyldu til að skoða í hverju máli fyrir sig hvort það væri barninu fyrir bestu að viðhalda umgengni við þann einstakling, líffræðilega skyldan eða ekki, sem hefði annast það nægilega lengi. Með því að neita kæranda um réttinn til að halda sambandi við barnið án nokkurrar skoðunar á því hvort sambandið væri barninu fyrir bestu hefði Rússland brugðist þeirri skyldu.

Það varð því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn sáttmálanum. Í ljósi niðurstöðu sinnar um 8. gr. taldi dómstóllinn óþarft að skoða aðrar greinar sáttmálans. Engra bóta var krafist í málinu.

Oliari o.fl. gegn Ítalíu

Dómur frá 21. júlí 2015

Mál nr. 18766/11 og 36030/11

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Réttindi samkynhneigðra. Lagaleg vernd sambúðar. Jákvæðar skyldur.

1. Málsatvik

Kærendur eru þrjú samkynhneigð pör í langtímasamböndum sem gátu ekki gengið í hjúskap vegna þess að ítölsk lög kváðu á um að hjón yrðu að vera af gagnstæðu kyni. Í kjölfar kæru fyrsta parsins óskaði áfrýjunardómstóll eftir úrskurði stjórnlagadómstóls Ítalíu um það hvort viðkomandi löggjöf stæðist stjórnarskrá. Árið 2010 komst stjórnlagadómstóllinn að þeirri niðurstöðu að rétturinn til að stofna til hjónabands, sem ítalska stjórnarskráin tryggir, næði ekki til sambanda samkynhneigðra, en ætti aðeins við um hjónaband karls og konu. Jafnframt benti stjórnskipunardómstóllinn á að það væri í verkahring þingsins að að meta hvort reglur yrðu settar um viðurkenningu réttinda og skyldna para af sama kyni.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu fram brotum á 8. og 12. gr. sáttmálans, hvorri um sig bæði einni sér og ásamt 14. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn hafði þegar í fyrri málum komist að þeirri niðurstöðu að sambönd samkynja para sem byggju í langtímasamböndum sem makar í raun (e. de facto partnerships) féllu innan hugtaksins „fjölskyldulíf“ í merkingu 8. gr. sáttmálans. Þá hafði dómstóllinn viðurkennt að pör af sama kyni þörfuðust lagalegrar viðurkenningar og verndar sambands síns, svo sem bæði þingið og ráðherraráðið hefðu undirstrikað frekar.

Dómstóllinn taldi þá lagavernd, sem samkynja pörum stæði til boða á Ítalíu, ekki tryggja þær grundvallarþarfir sem ættu við um pör í staðföstu langtímasambandi. Þótt skráning samkynja sambanda hjá yfirvöldum væri möguleg í u.þ.b. 2% sveitarfélaga í landinu hefði hún ekki annað en táknað gildi, en veitti engin réttindi. Frá því í desember 2013 hefðu samkynja pör átt kost á að gera með sér „sambúðarsamninga“, en gildi þeirra væri takmarkað. Þeir tryggðu ekki ýmis grundvallaratriði svo sem gagnkvæma skyldu til stuðnings og framfærslu og erfðarétt. Auk þess væru slíkir samningar opnir öllum einstaklingum sem byggju saman, sem þýddi að höfuðmarkmið þeirra væri ekki að vernda pör. Þar að auki krefðust þeir þess að viðkomandi par byggji saman, en dómstóllinn hefði þegar viðurkennt að það að búa saman væri ekki skilyrði þess að til staðar væri langtímasamband maka, enda gengju mörg pör, innan og utan hjónabands, í gegnum tímabil í fjarbúð, t.d. af atvinnuástæðum.

Þannig stangaðist félagslegur raunveruleiki kærendanna, sem lifðu sem pör

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

án þess að fara leynt með það, á við lögin, sem gerðu þeim ókleift að fá opinbera viðurkenningu sambanda sinna. Dómstóllinn áleit ekki sérlega íþyngjandi fyrir ítalska ríkið að tryggja viðurkenningu og vernd samkynja sambanda. Að hjónabandi frátöldu hefðu samkynja pör á borð við kærendur sérstaka hagsmuni af því að eiga kost á einhvers konar borgaralegu sambandi eða skráðri samvist. Það tryggði þeim ekki aðeins á sem mest viðeigandi hátt lagalega vernd án ónauðsynlegra hindrana, heldur hefði dómstóllinn þegar komist að þeirri niðurstöðu í málinu Vallianatos gegn Grikklandi að slík borgaraleg samvist hefði gildi í sjálfri sér fyrir fólk í stöðu kæranda.

Þá leit dómstóllinn til þess að meðal aðildarríkja Evrópuráðsins væri aukin þróun í þá átt að viðurkenna sambúð samkynja para, en 24 af 47 aðildarríkjum hefðu sett lög um slíka viðurkenningu. Enn fremur hefði stjórnlagadómstóll Ítalíu bent á þörf fyrir lagasetningu til að viðurkenna og vernda samkynja sambönd. Ítalski lögjafinn hefði lengi látið undir höfuð leggjast að taka tillit til þessa. Þetta ákall ítalskra dómstóla endurspegladi afstöðu meirihluta Ítala, sem styddu samkvæmt nýlegum könnunum lagalega vernd samkynja para. Ítalska ríkið hefði hvorki mælt því í mót að slík pör þöfnuðust hennar né bent á nokkra samfélagshagsmuni sem réttlættu núverandi ástand.

Í ljósi alls ofangreinds varð það einróma niðurstaða dómstólsins að ítalska ríkið hefði brugðist skyldu sinni samkvæmt 8. gr. sáttmálans til að tryggja að kærendum stæði til boða að sambönd þeirra nyti viðurkenningar samkvæmt lögum.

Kærendum voru dæmdar 5000 evrur hverjum í miskabætur, en kröfu um skaðabætur var vísað frá.

Parrillo gegn Ítalíu

Dómur frá 27. ágúst 2015

Mál nr. 46479/11

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Tæming réttarúrræða. Hugtakið einkalíf. Ráðstöfun fósturvísa.

1. Málsvik

Kærandi, Adelina Parrillo, er ítalskur ríkisborgari fædd 1954 og búsett í Róm. Árið 2002 létu hún og maki hennar framkvæma glasafrjövgun á eggjum hennar og voru fimm fósturvísar frystir til geymslu. Maki kæranda lést svo í nóvember 2003, áður en fósturvísunum var komið fyrir. Kærandi afréð að undirgangast frjövgunina og óskaði þess síðan að gefa hina fósturvísana til vísindarannsókna. Henni var hins vegar synjað um það þar sem ítölsk lög sem sett voru á árinu 2004 bönnuðu rannsóknir með mennsk fóstur og fósturvísa. Kærandi var hins vegar þeirrar skoðunar að þar sem lögin tóku gildi eftir að fósturvísarnir urðu til ættu þau ekki við um þá, og henni því frjálst að ráðstafa þeim eins og henni sýndist.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði kæru sína á því að reglur, sem bönnuðu henni að ráðstafa fósturvísnum sínum til vísindarannsókna, fælu í sér skerðingu á friðhelgi einkalífs hennar og brot á 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um meðferðarhæfi: Ítalska ríkið taldi að kæranda hefði borið að skjóta málinu fyrst til stjórnlagadómstóls Ítalíu sem frá árinu 2007 gat tekið til úrlausnar stjórnskipulegt gildi einstakra laga eins og í tilvikum kæranda. Þrátt fyrir að slíkt úrræði væri til bóta féllst Mannréttindadómstóllinn ekki á að í því fælist raunhæft og virkt úrræði til handa kæranda. Mat dómstóllinn það svo sérstaklega í ljósi þess að ekki var sýnt fram á að stjórnlagadómstóllinn hefði áður leyst úr svipuðu máli og þessu, þannig að virkt réttarræði hefði verið til staðar fyrir kæranda.

Um 8. gr.: Áður en lítið var til málsins efnislega taldi dómstóllinn að taka yri til skoðunar hvort réttur til að ráðstafa fósturvísnum gæti fallið undir friðhelgi einkalífs. Í ljósi þess að fósturvísarnir hefðu erfðaeftni kæranda og væru þar af leiðandi hluti af persónu hennar komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að rétturinn væri svo nátengdur kæranda að skerðing á honum fæli í sér skerðingu á friðhelgi einkalífs í skilningi 8. gr. sáttmálans.

Skerðing þessara réttinda í þessu máli var að mati dómsins sérstaklega veruleg þar sem bannið var sett eftir að fósturvísarnir urðu til. Lögin frá 2004 vernduðu hinsvegar möguleika fósturvísanna til lífs, en samkvæmt ítölskum lögum njóta mennskir fósturvísar tiltekinna lágmarks réttarverndar tengdum mannlegri reisn. Í skilningi sáttmálans getur skerðing þó verið heimil til verndar heilsu manna og almennu siðgæði eða réttindum og frelsi annarra. Dómstóllinn tók þó fram að hann tæki ekki afstöðu til þess hvort fósturvísar gætu talist til annarra í skilningi 2. mgr. 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn áréttaði að í málum sem þessu, þar sem viðkvæmt siðferðislegt álitaeftni væri til skoðunar, hefði ríkið almennt rýmra svigrúm til mats á nauðsyn skerðingar. Skortur á samstöðu um þetta mál meðal aðildarríkja sáttmálans var jafnframt talið ýta undir þá niðurstöðu að svigrúmið væri talsvert. Þá rakti dómstóllinn feril þess að lögin frá 2004 voru sett. Í ferlinu var tekið tillit til réttar einstaklinga til sjálfræðis og þeir hagsmunir vegnir til móts við hagsmuni ríkisins til að vernda fósturvísa.

Þrátt fyrir að kærandi hafi bent á misræmi í reglum um vernd fósturvísa samkvæmt ítölskum landsrétti t.d. í samanburði við fóstureyðingar, taldi dómstóllinn að það misræmi ætti ekki við um þann rétt sem kærandi byggði kæru sína á og var því ekki tekin afstaða til þess.

Að lokum tók dómstóllinn fram að ekkert benti til þess að maki kæranda hefði viljað gefa fósturvísanna til vísindarannsókna. Að því sögðu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið á rétti kæranda.

Sérvulo & Associados, Sociedade de Advogados, RL o.fl. gegn Portúgal

Dómur frá 3. september 2015

Mál nr. 27013/10

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Rannsókn sakamáls. Húsleit. Haldlagning gagna. Lögmenn.

Trúnaðarskylda.

1. Málsatvik

Kærendur eru lögmannsstofan Sérvulo & Associados – Sociedade de Advogados RL og fjórir portúgalskir lögfræðingar sem ýmist starfa þar eða eru eigendur.

Portúgalska héraðssaksóknaraembættið (DCIAP) hóf rannsókn á nokkrum portúgölskum og þýskum ríkisborgurum, þar með talið lögmanni sem starfað hafði hjá kærendum. Rannsóknin beindist að meintri spillingu, ólöglegum hagsmunatengslum og peningaþvætti í tengslum við kaup portúgalska ríkisins á tveimur kafbátum frá þýskri samsteypu. DCIAP lagði fram beiðni um heimild til húsleitar hjá ýmsum aðilum við rannsókn málsins. Meðal þeirra var skrifstofa kærenda. Heimildin tók til m.a. rafrænna gagna sem innihéldu 35 tiltekin orð sem listuð voru og tengdust rannsókninni. Orðin voru m.a. nöfn fyrirtækja og banka tengd rannsókninni og orðasambönd eins og „fjárhagsleg framlög“ og „fjármögnun“.

Kærendur kærðu heimildina með vísan til þess að viðmið við leit í gögnum væru of almenns eðlis og það myndi leiða til þess að óhóflegt magn gagna sem ekki tengdust rannsókninni og háð væru trúnaði yrðu haldlögð. Dómarinn tók þá afstöðu að gögnin skyldu innsigluð og send forseta áfrýjunardómstólsins sem tæki afstöðu til kærunnar. Forseti áfrýjunardómstólsins vísaði kærinni til baka til dómara undirréttarins. Sá dómari úrskurðaði að 850 skjölum skyldi eytt þar sem þau hefðu engin tengsl við málið eða væru háð trúnaði.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur byggðu á því að leit á skrifstofum þeirra að gögnum og notkun þeirra í rannsókninni bryti gegn friðhelgi einkalífs þeirra. Væri þar með brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn tók í fyrstu fram að umfang hinna haldlögðu gagna væri mikið, enda væru flest leitarorðanna í almennri notkun á lögmannsstofu sem sinnti málum á sviði fjármunaréttar.

Reglur portúgalska lögmannafélagsins sögðu til um að einungis mætti leggja hald á skjöl háð trúnaði við skjólstæðing lægi lögfræðingur formlega undir grun. Dómstóllinn áréttaði að portúgalska sakamálaölggjöfin og reglur lögmannafélagsins segðu til um tiltekna málsmeðferð sem gæta yrði við haldlagningu gagna og húsleit hjá lögmannsstofum. Þeim reglum hefði verið fylgt í þessu máli. Kærendur voru

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

viðstaddir leitina ásamt fulltrúum lögmannafélagsins og dómari hafði jafnframt verið viðstaddur. Því til viðbótar hafði skýrsla verið útbúin um leitina.

Dómstóllinn benti svo á að saksóknaraembættið (DCIAP) hafi farið með rannsóknina og dómariinn verið hlutlaus aðili sem gætti að grundvallarréttindum og rétttri rannsókn málsins. Í kjölfar kæru kæranda á heimildinni voru gögnin innsigluð og þau færð til rannsóknar áfrýjunardómstólsins, sem vísaði gögnunum til skoðunar fyrri dómara þar sem orðin væru tengd rannsókninni og dómariinn á fyrra dómstigi ætti að fara í gegnum skjölin með tilliti til lögætis haldlagningarinnar. Áfrýjunardómstóllinn hefði þannig boðið kærendum upp á raunhæft úrræði ásamt því að sinna eftirlitshlutverki sínu um meðferð heimildarinnar. Eftir að dómariinn hafði rannsakað gögnin komst hann að þeirri niðurstöðu að 850 skjöl ættu annað hvort ekki við í málinu eða væru háð trúnaði. Dómstóllinn taldi ekki ástæðu til að draga í efa mat dómarans að þessu leyti eða á nauðsyn leitarinnar.

Enn fremur var ekki talið skylt að skila afritum gagnanna þar sem stjórnvöldum væri skylt að halda utan um gögn í sakamálum út fyrningartíma þeirra í hið minnsta.

Dómstóllinn taldi því að með þeirri málsmeðferð sem portúgalskur landsréttur tryggði í þessu máli hafi kærandur verið notið verndar gegn tilviljanakenndri niðurstöðu eða misnotkun heimildarinnar. Var því ekki brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 8. gr.

M. og M. gegn Króatíu

Dómur frá 3. september 2015

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Börn. Ill meðferð. Jákvæðar skyldur. Forsjárdeila. Málsmeðferðartími.

Sher o.fl. gegn Bretlandi

Dómur frá 20. október 2015

Sjá reifun dómsins undir 5. gr.

Handtaka. Hryðjuverkahætta. Réttarstaða sakbornings. Gæsluvarðhald. Húsleit.

R.E. gegn Bretlandi

Dómur frá 27. október 2015

Mál nr. 62497/11

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Réttur sakbornings. Samskipti við verjanda. Símhlerun. Öryggisreglur.

1. Málsatvik

Kærandi, R.E. er írskur ríkisborgari, sem býr í Newtonabbey í Norður Írlandi. Á tímabilinu 15. mars 2009 til 8. maí 2010 var hann handtekinn þrisvar sinnum í tengslum við rannsókn á morði á lögregluþjóni. Í tveimur fyrstu tilvikunum fullvissaði lögregla verjanda hans um að samtöl hans og kæranda yrðu ekki hljóðrituð, en lögum samkvæmt var heimilt að hlera samtöl sakborninga og

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

verjenda þeirra við sérstakar aðstæður. Þegar kærandi var handtekinn í þriðja sinn neitaði lögreglan að gefa verjanda hans yfirlýsingu um að samtöl þeirra yrðu ekki hljóðrituð. Kærandi kærði ákvörðun lögreglu til dómstóla og bar því við að grundvöllur fyrir ákvörðunum lögreglu samkvæmt lögnum væri ekki nægjanlega skýr og verklagsreglur varðandi beitingu reglunnar og meðhöndlun gagna sem fengjust með þessum hætti væru sömuleiðis ekki skýrar. Honum var veitt heimild til að bera ákvörðunina undir dómstóla og var úrskurðað að lögreglu væri óheimilt að hlera samtöl kæranda og verjanda hans þar til niðurstaða fengist í málið. Kæranda var svo sleppt úr haldi 8. maí 2010. Kæru hans var vísað frá dómi í september 2010 þar sem talið var að umrædd lög teldust nægjanlega skýr og ítarleg.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að lög in sem heimiluðu að samtöl sakborninga og verjanda væru hljóðrituð fælu í sér brot gegn 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði til fyrri fordæmis í máli Kennedy gegn Bretlandi (26839/05) þar sem fjallað var um hleranir í sakamállum, sem grundvölluðust á sömu lögum og í þessu máli. Í þeim dómi var talið að löggjöfin teldist nægjanlega skýr og afmörkuð hvað varðaði skilyrði fyrir beitingu heimildarinnar. Dómstóllinn tók þó tillit til þess að hljóðritun á samtölum einstaklinga við lögmenn teldist mjög mikið inngríp í rétt einstaklinga til einkalífs, og því þyrfti að tryggja að fyrir hendi væru öryggisreglur sem kæmu í veg fyrir að heimildinni yrði beitt af geðþótta. Dómstóllinn taldi, líkt og í fyrrgreindum dómi í máli nr. 26839/05 að skýrar leiðbeiningar væru nú fyrir hendi í lögum um hvernig fara ætti með upptökur sem fengjust með þessum hætti og hvenær skylt væri að eyða þeim. Þó hefðu þessar leiðbeiningar ekki verið tilkomnar þegar atvikin í máli kæranda gerðust. Því taldi dómstóllinn að ekki hafi verið nægjanlegar öryggisreglur fyrir hendi þegar heimildinni var beitt í máli kæranda, þar sem ekki hafi verið tryggt hvernig farið yrði með upptökurnar. Því taldi dómstóllinn að brotið hafi verið gegn 8. gr. sáttmálans með upptökunum. Dómstóllinn benti á að það sama ætti ekki við um samtöl kæranda við aðra aðila, sem einnig hefðu verið hleruð. Þar vógu þau rök þyngst að sérstakur trúnaður ætti að ríkja um samtöl lögmanna og sakborninga, sem ætti ekki við þegar sakborningar ráðfærðu sig við aðra einstaklinga.

Dómstóllinn dæmdi breska ríkið til að greiða kæranda 1.500 evrur í miskabætur og 15.000 evrur í málskostnað.

Brito Ferrinho Bexiga Villa-Nova gegn Portúgal

Dómur frá 1. desember 2015

Mál nr. 69436/10

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Rannsókn sakamáls. Lögmenn. Bankaleynd. Trúnaðarskylda. Réttarúrræði.

1. Málsatvik

Kærandi, sem er fædd árið 1969 og búsett í Portúgal, var eigandi lögfræðistofu. Við rannsókn á skattgreiðslum lögfræðistofunnar tóku skattayfirkvöld eftir því að kærandi hafði ekki greitt virðisaukaskatt af þóknun sinni árin 2005 og 2006. Þær höfðu farið beint inn á bankareikning kæranda. Skattayfirkvöld kröfðu kæranda um yfirlit bankareikninga en kærandi hafnaði því á grundvelli trúnaðarskyldu sinnar sem lögfræðingur og bankaleyndar. Þá hóf saksóknari rannsókn á skattamálum kæranda og krafðist þess að trúnaðarskyldu og bankaleynd yrði aflétt af gögnunum. Áfrýjunardómstóll tók málið fyrir 12. janúar 2010 og skipaði fyrir um að trúnaðarskyldu og bankaleynd skyldi aflétt á þeim grundvelli að almannahagsmunir væru mikilvægari en einkahagsmunir. Frekari áfrýjun kæranda bar ekki árangur. Saksóknari felldi málið gegn kæranda niður 29. janúar 2011.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi taldi brotið gegn 8. gr. sáttmálans um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu þar sem bankaupplýsingar hennar hefðu verið notaðar í sakamáli gegn henni vegna ætlaðra skattalagabrota. Með því að þurfa að birta bankayfirlitin hafi hún þurft að brjóta faglega trúnaðarskyldu sína. Einnig taldi kærandi brotið gegn 6. gr. sáttmálans um réttláta málsmeðferð og 13. gr. sáttmálans um rétt til raunhæfra úrræða til að leita réttar síns.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að notkun skattarannsóknaryfirvalda á bankaupplýsingum kæranda væri íhlutun í skyldu hennar til faglegrar trúnaðarskyldu og sú skylda félli innan friðhelgi einkalífs. Þessi íhlutun hefði lagastöð og stefndi að því lögmæta markmiði að koma í veg fyrir afbrot, sbr. 2. mgr. 8. gr. sáttmálans. Gagnaleyndinni var aflétt með úrskurði dómara en kærandi hafði hins vegar ekki átt neina aðkomu að því máli. Hún vissi því ekki að gagnaleyndinni hefði verið aflétt fyrr en hún fékk tilkynningu um það frá saksóknara 12. janúar 2010. Kærandi fékk þannig ekki tækifæri á að koma að sínum sjónarmiðum þegar málið var tekið fyrir.

Dómstóllinn benti á að í landslögum væri ákvæði um að leita ætti til Lögfræðingafélags Portúgal í málum er vörðuðu trúnaðarskyldu lögfræðinga. Því ákvæði hafði ekki verið fylgt. Þó að ekki hefði verið um bindandi álit að ræða, þá taldi dómstóllinn samt sem áður að landsdómstóllinn hefði átt að leita eftir tæðu álitu vegna eðlis umræddra upplýsinga.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Dómstóllinn taldi að þar sem Hæstiréttur Portúgals hafi vísað frá beiðni kæranda um áfrýjun hafi hún ekki fengið tækifæri á að koma að sjónarmiðum sínum. Með því hafi verið brotið gegn rétti hennar til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns.

Niðurstaða dómstólsins var að skort hafi á úrræði fyrir kæranda til að leita réttar síns. Yfirvöld í Portúgal hafi ekki gætt nægilega að jafnvægi milli almanna-hagsmuna og einkahagsmuna kæranda. Því varð niðurstaðan að brotið hefði verið gegn réttindum hennar samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Portúgalska ríkinu var gert að greiða kæranda 3.250 evrur í miskabætur og 463,98 evrur í málskostnað.

Roman Zakharov gegn Rússlandi

Dómur frá 4. desember 2015

Mál nr. 47143/06

8. gr. Friðhelgi einkalífs.

Símhlerun. Eftirlit. Fullnægjandi lagaheimild. Réttarúrræði.

1. Málsatvik

Kærandi, sem var aðalritstjóri hjá bókaútgáfu, höfðaði dómsmál gegn þremur farsímafyrirtækjum þar sem hann taldi að fyrirtækin hefðu brotið gegn friðhelgi einkalífs hans. Kærandinn hélt því fram að í fyrirtækin hefðu, samkvæmt heimild í landslögum, sett upp tækjabúnað sem gerði öryggisþjónustu ríkisins kleift að hlera öll símasamskipti hans, án dómsúrskurðar. Hann krafðist þess að fá lagt lögban á að hlerunarbúnaður yrði notaður og að tryggt yrði að einungis leyfisfiskildir aðilar gætu fengið aðgang að símafjarskiptum.

Landsdómstóllinn hafnaði kröfu kæranda á þeim grundvelli að hann hefði ekki fært fram nægar sönnur á að síminn hans hefði í raun verið hleraður eða að símafyrirtækin hefðu veitt óleyfisfiskildum aðila aðgang að fjarskiptagögnum. Einnig taldi landsdómstóllinn að uppsetning á umræddum búnaði gæti ekki talist brot á friðhelgi kæranda.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að símafyrirtækin hefðu brotið gegn 8. gr. sáttmálans um friðhelgi einkalífs með því að setja hlerunarbúnað í símtæki hans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að umrædd löggjöf fæli í sér afskipti af réttindum kæranda til friðhelgi einkalífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans, en samkvæmt henni var símafyrirtækjunum kleift að ákveðnum skilyrðum uppfylltum að setja upp búnað til að hlera síma viðskiptavina. Lagaheimildin stefndi að því lögmæta markmiði að vernda almannahagsmunum, stuðla að þjóðaröryggi, koma í veg fyrir glæpi og

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

vernda fjárhagslega hagsæld aðildarríkisins. Dómstóllinn taldi að sýna þyrfti fram á hvort landslög væru aðgengileg og væru bæði fyrirsjáanleg og nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Dómstóllinn benti á að lagaheimildin hefði verið birt. Þó væri lagaheimildin mjög almennt orðuð og veitti í raun ríkar heimildir til að hefja leynilegt eftirlit með símnótun manna. Þótt dómstóllinn hefði komist að þeirri niðurstöðu í fyrra máli að það félli innan marka 8. gr. sáttmálans að hlera síma einstaklinga sem gætu búið yfir upplýsingum um brot, þá taldi hann í þessu máli að landslöggin væru ekki nógu skýr hvað þetta varðaði. Ekki var heldur tilgreint í landslögum undir hvaða kringumstæðum væri heimilt að hlera fjarskipti í þeim tilgangi að tryggja þjóðaröryggi Rússlands. Löggin veittu stjórnvöldum næstum ótakmarkaða heimild til að ákveða hvort tiltekin háttsemi eða atburður gæti flokkast sem ógn við þjóðaröryggi og hvort sú ógn væri nóg til að réttlæta leynilegar hleranir. Þetta fyrirkomulag kæmi ekki í veg fyrir misbeitingu valds. Voru ákvæði laganna um tilgreiningu tímalengd heimildar og niðurfellingu hlerana ekki nógu skýr til þess að koma í veg fyrir geðþóttaákvæðanir valdhafa.

Þótt reglur landslaga um vörslu upplýsinga sem fengjust með hlerun væru skýrar taldi dómstóllinn að þar skorti ákvæði um að eyða ætti strax gögnum, sem þjónuðu engum rannsóknarhagsmunum. Óþarft væri að geyma öll gögn í sex mánuði, eins og löggin kváðu á um, og yrði sú tilhöggun að teljast brot gegn 8. gr. sáttmálans. Auk þess var dómstólum frjálst að ákveða hversu lengi hlerunarupplýsingar, er vörðuðu einstakling sem sakaður var um lögbrot, yrðu geymdar. Venjulegur borgari gat því ekki áttað sig á hvernig farið yrði með upplýsingar er hann vörðuðu. Dómstóllinn taldi því að löggin væru ekki nægilega skýr hvað verklagið varðaði.

Þótt hlerunarheimild væri háð samþykki dómstóls fengi hann takmarkaðar upplýsingar um málið, s.s. um hvernig hlerunin færi fram. Taldi Mannréttinda-dómstóllinn að skortur á þessum upplýsingum kæmi í veg fyrir að landsdómstólar gætu tekið upplýsta ákvörðun um hvort að leyfa ætti hlerunaraðgerðir.

Dómstóllinn benti einnig á að í umræddum landslögum væri ekkert fjallað um hvernig heimild til hlerunar væri afmörkuð. Þannig væri hægt að veita heimild til hlerunar allra fjarskipta á tilteknu svæði án þess að tiltaka ákveðinn einstakling eða símanúmer. Dómstóllinn taldi að með þessu væri löggæsluáðilum veitt mjög rúm heimild til hlerunaraðgerða. Auk þess var heimild í lögum til þess að hlera einstaklinga í allt að 48 klukkustundir án þess að fá til þess sérstaka heimild. Dómstóllinn taldi að þessi heimild væri ekki nægilega skýr til að tryggja réttaröryggi og koma í veg fyrir misbeitingu.

Þar sem löggin settu bann við því að upplýsingar um framkvæmd hlerunaraðgerða væru skrásettar kom það í veg fyrir að yfirvöld gætu haft almennt eftirlit með hlerunaraðgerðunum. Því var ekki um að ræða virkt eftirlit með þessum aðgerðum. Þegar dómsúrskurður lá fyrir um hlerunarheimild, voru eftirlitsúrræði dómstóla takmörkuð. Í landslögum var ekki að finna reglur um hvernig eftirfarandi eftirliti skyldi háttáð. Einnig höfðu engar opinberar reglugerðir eða leiðbeiningar verið birtar um tilhöggun eftirlitsins.

Þó að lagarammi væri til staðar var hann ekki nógu skýr til að koma í veg fyrir

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

misbeitingu valds. Helstu ágallarnir á þessu fyrirkomulagi voru einkum taldir vera eftirfarandi. Vafi lék á um sjálfstæði opinberra verjenda gagnvart ríkissaksóknara. Umfang eftirlitsins var takmarkað, ríkissaksóknari fékk ekki upplýsingar um hvernig hlerunaraðgerðum væri háttað, einstaklingar fengu ekki upplýsingar um hlerunarárskurði og því gátu þeir ekki sent ríkissaksóknara formlega kvörtun. Ekkert var í lögnum hvernig ætti að fara með upplýsingar sem höfðu ekkert gildi í rannsóknnum löggæsluaðila. Upplýsingar um tilhögun eftirlitsins voru ekki opinberar og því gat almenningur ekki kynnt sér þær. Loks voru hlerunaraðgerðir ekki tilkynntar til hlutaðeigandi einstaklinga. Einstaklingur fékk því engar upplýsingar um að sími hans hefði verið hleraður nema þegar mál var höfðað gegn honum.

Vaknaði grunur um hlerun hjá einstaklingi, var aðgangur að upplýsingunum háður því að hann gæti sýnt fram á að fjarskiptatæki hans hefðu verið hleruð. Auk þess fengu einstaklingar aðgang að gögnum sem tengdust hlerunaraðgerðum sem beindust að þeim. Réttarúrræði voru einungis í boði fyrir þá sem gátu sýnt fram á að fjarskiptasamskipti þeirra hefðu verið hleruð. En þar sem þessi einstaklingar voru ekki látnir vita af hlerununum voru möguleikar þeirra á að nýta sér þessi réttarúrræði mjög takmarkaðir. Dómstóllinn taldi því að réttarúrræði í Rússlandi væru ekki nægilega virk til þess að tryggja réttaröryggi borgaranna gagnvart hlerunarheimildum. Lagaákvæðin um hlerunaraðgerðir veittu ekki nægilega vörn gegn handahófskenndri framkvæmd og hugsanlegri misbeitingu. Löggjöfin uppfyllti ekki kröfur sem gera yrði til lagaheimilda sem vörðuðu íhlutun sem væri nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi.

Niðurstaðan var því sú að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Var sú niðurstaða talin fela í sér nægilegar bætur fyrir ófjárhagslegt tjón kæranda.

Z.H. og R.H. gegn Sviss

Dómur frá 8. desember 2015

Mál nr. 60119/12

8. gr. Friðhelgi einkalífs.

Réttur til fjölskyldulífs. Hælisleitendur. Barnahjónaband.

1. Málsatvik

Kærendur, sem eru afganskir ríkisborgarar, sóttu um hæli í Sviss eftir að hafa verið skráðir sem hælisleitendur á Ítalíu. Þau tjáðu svissneskum yfirvöldum að þau væru hjón og hefðu verið gefin saman við trúarlega athöfn í Íran þegar annar kærandinn var 14 ára og eiginmaður hennar, hinn kærandinn, var 18 ára. Þau lögðu ekki fram nein gögn sem staðfesti hjúskaparstöðu þeirra. Hælisúmsókn þeirra var hafnað. Annar kærandinn, eiginmaðurinn, var þá sendur aftur til Ítalíu en tókst að komast ólöglega til Sviss þremur dögum síðar og fékk í kjölfarið dvalarleyfi. Í réttarhöldum, þar sem fjallað var um hælisúmsókn þeirra sem var hafnað, komust dómstólar í Sviss að þeirri niðurstöðu að hjónaband kærendanna samrýmdist ekki landslögum, þar sem samræði við barn yngra en 16 ára væri sagnæmt brot

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

samkvæmt svissneskum rétti. Dómstólar í Sviss litu því svo á að kærendurnir ættu ekki rétt til friðhelgi fjölskyldulífs á grundvelli 8. gr. sáttmálans.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendurnir töldu að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans með því að senda eiginmanninn aftur til Ítalíu árið 2012. Einnig töldu kærendur að enn frekar yrði brotið á friðhelgi einkalífs þeirra ef að hann yrði aftur sendur til Ítalíu.

Niðurstaða

Dómstóllinn mótmælti ekki því mati landsdómstóla að hjónaband kærendanna fengist ekki viðurkennt í Sviss, vegna ungs aldurs annars kærands. Ekki væri unnt að túlka 8. gr. sáttmálans á þann veg að ákvæðið skyldaði aðildarríki til að viðurkenna barnahjónabönd. Ekki var talið skipta máli þó að um trúarlega athöfn hefði verið að ræða í heimaríki þeirra. Ekki væri heldur unnt að túlka 12. gr. sáttmálans um rétt til þess að stofna til hjúskapar á þann veg. Út frá siðferðislegu sjónarmiði og mikilvægi barna- og fjölskylduverndar gæti dómstóllinn heldur ekki séð sér fært að breyta mati dómstóla aðildarríkisins um hjónaband kærendanna. Dómstóllinn taldi því að það væri rétt niðurstaða hjá yfirvöldum í Sviss að viðurkenna ekki hjónaband kærendanna.

Dómstóllinn taldi að óhád því hvort að hjónaband þeirra gæti flokkast sem „fjölskyldulíf“ samkvæmt 8. gr. sáttmálans, þá hafði eiginmaðurinn komið aftur til Sviss og fengið dvalarleyfi og hælisumsókn hans hafði verið endurskoðuð sem lauk með því að hann fékk hæli. Einnig var ekkert sem hefði komið í veg fyrir það að stúlkan gæti farið til Ítalíu að hitta manninn.

Pegar litið var til þess svigrúms sem aðildarríkin höfðu til mats í hælisleitendamálum, var talið að meðalhófs hefði verið gætt. Einnig var talið að jafnvægis hafi verið gætt varðandi hagsmuni kæranda, sem fólust í því að geta verið saman í Sviss meðan þau biðu eftir niðurstöðu úr umsóknarferli sínu og hagsmuna Sviss sem fólust í að geta stýrt útlendingaefirlitinu.

Niðurstaðan var því sú að ekki væri brotið gegn réttindum kæranda.

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

Ebrahimian gegn Frakklandi
Dómur frá 26. nóvember 2015

Mál nr. 64846/11

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

Bann við að bera höfuðklút. Missir opinbers starfs.

1. Málsatvik

Kærandi, Christiane Ebrahimian, er franskur ríkisborgari, fædd 1951 og búsett í París. Hún var ráðin tímabundið sem félagsráðgjafi við opinbera heilbrigðisstofnun. Ráðningarsamningurinn var endurnýjaður til eins árs, eða til 31. desember 2000. Þann 11. desember 2000 tilkynnti mannauðsstjóri stofnunarinnar kæranda að samningurinn yrði ekki framlengdur á ný þar sem hún hefði neitað að fjarlægja íslamskan höfuðklút sem hún bar, eftir að kvartanir um það bárust frá sjúklingum.

Í febrúar 2001 barst kæranda skriflegt erindi frá mannauðsstjóra heilbrigðisstofnunarinnar þess efnis að hún hefði kost á að taka þátt í inntökuprófi fyrir nýja félagsráðgjafa hjá stofnuninni en kærandi tók ekki þátt í prófinu.

Undirréttur og áfrýjunardómstóll höfnuðu kröfu kæranda um að víkja til hliðar ákvörðuninni frá desember 2000. Mál hennar var vísað frá æðsta stjórnarsýsludómstóli í Frakklandi. Vísað var til álits dómstólsins frá maí 2000 þess efnis að þótt starfsmenn væru frjálssir skoðana sinna væri heimilt að takmarka rétt þeirra til að rækja trú sína á vinnustað með því að bera sýnileg trúartákn, svo sem íslamskan höfuðklút, sem grundvallarregla á sjónarmiðum um veraldarhyggju og að franska ríkið hefði þá grundvallarreglu að vera óháð trúarbrögðum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að ákvörðunin um að endurnýja ekki ráðningarsamning hennar sem félagsráðgjafa fæli í sér brot gegn rétti hennar til að rækja trú sína samkvæmt 9. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn tók fram að ákvörðunin um að endurnýja ekki ráðningarsamning kæranda af þeirri ástæðu að hún neitaði að fjarlægja höfuðklút sinn teldist vera takmörkun á rétti hennar til að rækja trú sína í skilningi 9. gr. sáttmálans. Hins vegar hafi takmörkunin verið lögbundin og fyrirsjáanleg með tilliti til þess að niðurstaða franskra dómstóla um efnið lá fyrir meira en hálfu ári fyrir atvik málsins.

Dómstóllinn féllst einnig á að takmörkunin hafi verið gerð í því lögmæta markmiði að vernda réttindi og frelsi annarra og nauðsynleg í því skyni að tryggja jafnræði við meðferð sjúklinga. Takmörkunin byggðist á þeirri grundvallarreglu að

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

ríkið væri óháð trúarbrögðum en fæli þó í sér samvisku- og trúfrelsi. Dómstóllinn vísaði að auki til þess að kæranda hefði verið boðið að sitja inntökuþróf fyrir nýja félagsráðgjafa. Að þessu virtu og með tilliti til svigrúms aðildarríkjanna til mats taldi dómstóllinn að takmörkunin á rétti kæranda til að rækja trú sína samkvæmt 9. gr. sáttmálans hefði verið nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi og í samræmi við kröfur um meðalhóf að teknu tilliti til þess markmiðs sem hún stefndi að. Var því niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 9. gr. sáttmálans.

Tveir dómarar skiluðu séráliti.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Satakunnan Markkinapörssi Oy og Satamedia Oy gegn Finnlandi

Dómur frá 21. júlí 2015

Mál nr. 931/13

10. gr. Tjáningarfrelsi

Vinnsla persónuupplýsinga. Upplýsingar um tekjur skattgreiðenda. Birting í þágu fréttamennsku.

1. Málsatvik

Kærendur Satakunnan Markkinapörssi Oy og Satamedia Oy eru hlutafélög sem starfa í bænum Kokemäki í Finnlandi. Félögin gáfu út tímaritið Veropörssi sem fjallaði um skattamál og birti upplýsingar um skattskyldar tekjur og eignir einstaklinga.

Árið 2003 hóf seinni kærandinn, í samstarfi við símafyrirtæki, starfrækslu á SMS-þjónustu þar sem hægt var að óska eftir og fá sendar upplýsingar um tekjur manna með SMS-skilaboðum. Gagnagrunnur með upplýsingum tekjur og eignir 1,2 milljóna manna, hafði verið gerður á grundvelli þeirra upplýsinga sem birtar voru í tímaritinu en þetta var um þriðjungur skattskyldra einstaklinga í Finnlandi.

Í febrúar 2003 höfðaði umboðsmaður um persónuvernd mál fyrir stjórnarsýsludómstóli til að fá viðurkennt að vinnsla kærenda á tekjuupplýsingum og umfang hennar samrýmdist ekki lögum. Árið 2005 lagði Persónuverndarstofnun Finnlands bann við vinnslu kærenda á tekjuupplýsingum og dreifingu þeirra með SMS-skilaboðum. Í júní 2012 kvað ædsti stjórnarsýsludómstóll Finnlands upp dóm með þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt að réttlæta hina umfangsmiklu vinnslu upplýsinga sem fólst í starfrækslu gagnagrunnsins með því að hún væri í þágu fréttamennsku. Um væri að ræða vinnslu kærenda á persónuupplýsingum sem færi í bága við lög þar sem vernd á friðhelgi einkalífs skattgreiðenda væri vægi þyngra en tjáningarfrelsi kærenda. Áður en dómur var kveðinn upp hafði dómstólinn leitað forúrskurðar um málið hjá dómstóli ESB.

Vegna þessarar niðurstöðu lögðu kærendur SMS-þjónustuna niður og eftir 2009 hættu þeir að birta tekjuupplýsingar í tímaritinu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að bann finnskra dómstóla við vinnslu á skattaupplýsingum jafnast á við ritskoðun sem bryti gegn 10. gr. sáttmálans þess sem það fæli í sér mismunun þar sem önnur fréttablöð hefðu áfram óhindrað birt slíkar upplýsingar. Þá töldu kærendur brotið gegn réttindum sínum samkvæmt 6. gr. sáttmálans þar sem meðferð máls þeirra fyrir stjórnarsýsludómstólum hefði tekið óhóflega langan tíma, eða sex ár og sex mánuði.

Niðurstaða

Mannréttindadómstóllinn benti á að finnski stjórnisýsludómstóllinn hefði litið svo á að birting upplýsinga úr gagnagrunninum gæti ekki fallið undir birtingu í þágu fréttamennsku og að almannahagsmunir krefðust ekki svo víðtækrar birtingar á persónuupplýsingum. Þá hefði finnski dómstóllinn vegið andstaða hagsmuni í málinu, þ.e. tjáningarfrelsi kæranda andspænis friðhelgi einkalífs, og túlkað réttindi kæranda þannig þau þyrftu að takmarka til að vernda einkalíf manna. Væri rökstuðningur dómstólsins ásættanlegur.

Dómstóllinn komst einnig einróma að þeirri niðurstöðu að meðferð málsins fyrir finnskum dómstólum hefði tekið óhæfilega langan tíma og því hefði verið brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 6. gr. sáttmálans.

Langner gegn Þýskalandi

Dómur frá 17. september 2015

Mál nr. 14464/11

10. gr. Tjáningarfrelsi

Opinberir starfsmenn. Ummæli um vinnuveitanda. Uppsögn.

1. Málsatvik

Kærandi er þýskur ríkisborgari fæddur árið 1955 og búsettur í Pirna. Honum var sagt upp störfum hjá skrifstofu, sem sá um félagslegar íbúðir, eftir að hafa sakað varaborgarstjóra um afskræmingu á réttlætinu, bæði munnlega á opnum fundi og í skriflegum athugasemdum til yfirmanns síns. Ásökun kæranda var fram borin í tengslum við ákvörðun varaborgarstjórans um að láta rífa nokkrar byggingar. Sú ákvörðun hafði verið tekin tveimur árum áður en þessir atburðir gerðust. Kærandi hafði einnig haldið því fram að varaborgarstjórinn hefði reynt með ólögmætum hætti að fá deild kæranda lagða niður.

Kærandi lét reyna á uppsögn sína fyrir þýskum dómstólum. Niðurstaða þeirra var að uppsögnin væri réttmæt þar sem kærandi hefði vegið að æru varaborgarstjórans með alvarlegum hætti.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi hélt því fram að uppsögn hans vegna ummæla hans um varaborgarstjóran hefði vegið að tjáningarfrelsi hans, sem varið sé af 10. gr. sáttmálans og það verið skert með ólögmætum hætti.

Niðurstaða

Uppsögn kæranda var talin fela í sér skerðingu á tjáningarfrelsi hans, enda var hún að meginstefnu til byggð á yfirlýsingum hans um varaborgarstjóran. Skerðingin átti sér stoð í lögum, nánar tiltekið 53. kafla kjarasamnings opinberra starfsmanna og 1. kafla laga um ólögmætar uppsagnir. Skerðingin hafi jafnframt stefnt að því lögmæta markmiði að vernda æru annarra.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Dómstóllinn þurfti því að kanna hvort skerðingin á réttindum kæranda væri í samræmi við lögmætt markmið og hvort ástæður að baki henni væru viðeigandi og nægilegar. Við mat á því þurfti að líta til allra aðstæðna málsins, þá sérstaklega af hvaða hvötum kærandi lét ummælin falla, staðreynda í málinu svo og orðalags staðhæfingar kæranda, áhrifa á vinnuveitandann og afleiðinga ummællanna fyrir kæranda.

Hvað varðaði hvatir að baki ummælum kæranda tók dómstóllinn fram að í stað þess að viðra áhyggjur sínar af ákvörðun varaborgarstjórans við borgarstjórn eða saksóknara hafi hann látið ummælin falla á starfsmannafundi tveimur árum síðar. Þýskir dómstólar komust að þeirri niðurstöðu að staðhæfingu kæranda hafi ekki verið ætlað að svipta hulunni af óásættanlegri ástæðu eða spillingu heldur hafi staðhæfingunni verið beint gegn varaborgarstjóranum í ljósi aðstæðnanna sem upp voru komnar. Mál kæranda var því ekki uppljóstraramál sem ylli því að verja þyrfti kæranda sérstaklega.

Þýskir dómstólar höfðu ítarlega rakið lögmæti ákvörðunar varaborgarstjórans um að láta rífa byggingarnar. Kæranda átti í ljósi stöðu sinnar sem skrifstofustjóri á skrifstofu félagslegra íbúða í borginni að vera það vel ljóst að ákvörðunin var lögmæt. Komst því dómstóllinn að því að kærandi hafi ekki verið í góðri trú um sannanleika ummæla sinna.

Jafnframt átti kæranda í ljósi stöðu sinnar að vera ljóst að staðhæfingar hans voru alvarlegar aðfinnslur. Að mati dómstólsins fólu staðhæfingarnar í sér ærumeiðandi ummæli, sem kærandi hafði ekki dregið til baka, en ekki gagnrýni í almannabágu. Staðhæfingarnar voru ekki einungis til þess fallnar að skerða æru varaborgarstjórans heldur einnig skaða vinnuumhverfi á skrifstofu félagslegra íbúða. Því til viðbótar voru staðhæfingarnar settar fram við þær aðstæður að líklegt var að þær kæmust til vitundar almennings, en utanaðkomandi aðilar höfðu verið viðstaddir starfsmannafundinn. Að lokum höfðu þýskir dómstólar tekið fram að þrátt fyrir að uppsögn væri alvarlegasta úrræðið sem til greina kæmi þá mátti með réttu ætla að kærandi myndi ekki breyta hegðun sinni fengi hann að halda starfinu.

Að öllu ofansögðu skoðuðu og teknu tillit til þess að þýskir dómstólar höfðu á öllum stigum málsins tekið tillit til tjáningarfrelsis kæranda við matið komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið brotið á réttindum kæranda skv. 10. gr. sáttmálans.

Kharlamov gegn Rússlandi

Dómur frá 8. október 2015

Mál nr. 27447/07

10. gr. Tjáningarfrelsi

Tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna. Æruvernd stofnana. Opinbert málefni. Gildisdómar.

1. Málsatvik

Kærandi er prófessor í eðlisfræði við háskólann í Orel í Rússlandi. Á opnum fundi í háskólanum þann 27. desember 2006 lýsti hann þeirri skoðun sinni að stjórn háskólans hefði ekki verið kjörin lögmætri kosningu, því gallar hefðu verið á framkvæmd kosninganna. Stjórnin væri því ekki réttkjörin. Í kjölfar ummælna höfðaði háskólinn meiðyrðamál á hendur honum, þar sem ummælin hefðu verið meiðandi fyrir meðlimi stjórnarinnar og varpað rýrd á orðspor skólans. Þann 27. febrúar 2007 var kveðinn upp dómur í málinu og var kærandi dæmdur til greiðslu skaðabóta vegna ummælna, þar sem þau hefðu verið meiðandi fyrir skólann og stjórn hans. Í dóminum var talið að kosningarnar hefðu farið fram í samræmi við gildandi reglur skólans. Kærandi áfrýjaði dóminum, en áfrýjunardómstóll staðfesti niðurstöðuna þann 11. apríl 2007 og taldi að ummælin hefðu falið í sér ranga staðhæfingu um staðreyndir málsins, en hefðu ekki lýst persónulegum skoðunum kæranda.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að dómurinn yfir honum hefði falið í sér takmörkun á tjáningarfrelsi hans, og hefði brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að ummæli kæranda hefðu verið sett fram á opnum fundi í háskólanum, og hefðu falið í sér gagnrýni í umræðum um gagnsæi við kosningar á stjórn skólans. Ummælin yrði að meta í samræmi við umfjöllunarefni fundarins og það umhverfi sem starfsmenn skólans störfuðu í. Dómstóllinn taldi að kosningar til yfirstjórnar skólans væru málefni sem hefði mikil áhrif á starfsemi skólans og starfsumhverfi starfsmanna hans. Umræðufundurinn hefði verið opin almenningi og ummæli kæranda hefðu snert málefni sem áttu erindi til allra starfsmanna skólans. Hann hefði því haft ríkan rétt til þess að koma skoðunum sínum um framkvæmd kosninganna á framfæri við samstarfsmenn sína.

Dómstóllinn taldi að niðurstöður rússneskra dómstóla hefðu ekki tekið mið af réttindum kæranda til frjálsrar tjáningar og ekkert benti til þess að þessi réttindi hans hefðu verið metin á móti réttindum starfsmanna skólans til æruverndar. Þá hefði í niðurstöðum dómstóla ekki verið tekið tillit til þeirra sjónarmiða að orðspor eða virðing stofnunnar ætti ekki að njóta eins mikillar verndar og æra og virðing einstaklinga. Að áliti dómsins yrði réttindum stofnanna ekki ljáð vernd til jafns

10. gr. Tjáningarfrelsi

við réttindi einstaklinga. Dómstóllinn benti á að rússneskir dómstólar hefðu talið að ummæli kæranda hefðu falið í sér staðhæfingar um staðreyndir og hann hefði ekki fært fullnægjandi sönnur fyrir sannleiksgildi þeirra. Þó hefði kjarni ummæla hans snúið að því að hann hefði verið ósáttur við framkvæmd umræddra kosninga og lýsti persónulegri skoðun sinni á framkvæmd þeirra. Í ummælum hans hefði falist gildisdómur, sem hefði þó haft stoð í ummælum samstarfsmanna hans. Ummælin hefðu ekki verið sérstaklega meiðandi og ekki verið óþarflega stóryrt. Því hefðu rússneskir dómstólar ekki gætt nægjanlega að réttindum kæranda til frjálsrar tjáningar og umrædd takmörkun á tjáningu var ekki talin nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Því var brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn dæmdi rússneska ríkið til að greiða kæranda miskabætur að upphæð 7.500 evrur.

Perincek gegn Sviss

Dómur frá 13. október 2015 - Yfirdeild

Mál nr. 27510/08

10. gr. Tjáningarfrelsi

Afneitun á þjóðarmorði. Refsing. Stjórn málaumræður. Hatursróður.

1. Málsatvik

Kærandi, Dogu Perincek er tyrkneskur ríkisborgari, fæddur árið 1942 og býr í Ankara í Tyrklandi. Hann er doktor í lögfræði og formaður tyrkneska Verkamannaflokksins. Árið 2005 tók kærandi þátt í a.m.k. þremur opinberum fundum í Sviss, þar sem hann lýsti þeirri skoðun sinni að ofsóknir Tyrkja á hendur Armenum árið 1915 og fjöldamorð á armenskum borgurum gætu ekki talist þjóðarmorð, og allar yfirlýsingar um slíkt væru ósannar. Samtökin Sviss-Armenía lögðu fram kæru vegna ummæla hans og hóf lögregla rannsókn á ummælunum. Þann 9. mars 2007 var hann sakfelldur fyrir ummælin og talið að þau hefðu falið í sér kynþáttafordóma og hefðu ekki verið sett fram sem framlag í sagnfræðilegri umræðu. Honum var gert að greiða sekt að viðlagðri fangelsisvist og greiða miskabætur til meðlima samtakanna. Hann áfrýjaði dóminum en án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að refsisdómurinn yfir honum hefði brotið gegn tjáningarfrelsi hans, sem tryggt væri í 10. gr. sáttmálans. Hann taldi einnig að orðalag svissneskra laga hefði verið of óljóst til að hann gæti sett refsingu á grundvelli þeirra, og því hefði einnig verið brotið gegn 7. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók í upphafi fram að það væri ekki hlutverk dómsins að ákvarða hvort fjöldamorðin á Armenum árið 1915 teldust vera þjóðarmorð samkvæmt skilgreiningu alþjóðalaga, enda hefði dómstóllinn ekki lögsögu til að gefa slíkar yfirlýsingar. Dómstóllinn taldi ljóst að dómurinn yfir kæranda hafi falið í sér takmörkun á tjáningarfrelsi hans, og tók ekki til greina röksemdir svissneska ríkisins að takmörkunin yrði réttlætt með vísun til 16. gr. sáttmálans um bann við stjórn málaumsvifum útlendinga. Dómstóllinn taldi að 16. gr. yrði aðeins túlkuð á þann hátt að hún varðaði beina stjórn málaþátttöku útlendinga í aðildarríkjunum. Dómstóllinn taldi að takmörkunin á tjáningarfrelsi kæranda hefði byggst á settum lögum og kæranda hefði mátt vera ljóst að ummæli hans gætu leitt til sakarábyrgðar hans. Þá taldi dómstóllinn að takmörkunin hefði verið sett í því lögmæta markmiði að vernda réttindi annarra, enda ættu atburðirnir árið 1915 sérstakan sess í þjóðarvitund Armena og væru samofin menningu þeirra. Dómstóllinn tók því næst til skoðunar hvort takmörkunin hefði talist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Við mat á því leit dómstóllinn m.a. til þess að virðing armensku þjóðarinnar nyti verndar 8. gr. sáttmálans og því yrði að fara fram hagsmunamat á þeim ólíku réttindum sem vegast á í málinu. Dómstóllinn tók fram að kærandi hefði sett ummælin fram í opinberri stjórn málaumræðu, og þau hefðu ekki lýst hatri hans gagnvart armensku þjóðinni og neikvæð ummæli hans hefðu ekki beinst gegn þjóðinni eða borgurum hennar. Dómstóllinn bar málsatvik saman við fyrri fordæmi sem vörðuðu afneitun manna á helför seinni heimstyrjaldarinnar. Í þeim málum hafði dómstóllinn talið að ummælin sem höfð voru uppi hefðu alið á kynþáttahatri, en í þessu máli taldi dómstóllinn að sömu rök ættu ekki við. Hann tók fram að ummæli kæranda, ef þau væru metin í samhengi, hefðu átt erindi í opinbera umræðu og hafi ekki alið á kynþáttahatri. Þá vísaði dómstóllinn til þess að afneitun helfararinnar hefði sérstaka merkingu í þeim löndum þar sem atburðirnir hefðu átt sér stað, og það hefði endurspeglast í fyrri dómum dómstólsins um það málefni. Það sama yrði ekki sagt um tengsl Sviss við atburðina 1915. Þá yrði ekki talið að sérstök spennan hafi verið í almennri umræðu þegar ummælin voru sett fram, og þau hefðu ekki valdið sérstökum árekstrum milli Tyrkja og Armena í landinu. Dómstóllinn taldi einnig að refsíðmurinn yfir kæranda yrði ekki réttlættur á ástandinu í Tyrklandi, þar sem Armenar væru minnihlutahópur sem yrði oft fyrir mismunun. Þá taldi dómstóllinn að ummæli kæranda teldust ekki það móðgandi gagnvart Armenum að sérstök refsíábyrgð gæti legið við þeim. Hann tók fram að bann við afneitun ákveðinna heimssögulegra viðburða væri að finna í löggjöf allmargra aðildarríkja, og viðurkennt væri að ríkin gengu mislangt í að gera slík ummæli refsiverð. Þó yrði að telja að svissnesk lög, sem gerðu refsivert að afneita þjóðarmorðum almennt, gengu lengst í þá veru. Dómstóllinn tók fram að kærandi hafi verið dæmdur til refsingar vegna ummælanna, sem væri í raun alvarlegasta takmörkun á tjáningarfrelsi borgaranna sem um væri að ræða. Dómstóllinn taldi því miðað við ofangreint að takmörkunin á tjáningarfrelsi kæranda yrði ekki talin

10. gr. Tjáningarfrelsi

hafa verið nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi, og því hefði verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans. Þá taldi dómstóllinn að kvörtun kæranda um brot gegn 7. gr. sáttmálans yrði ekki tekin til frekari athugunar.

Dómstóllinn taldi ekki tilefni til greiðslu bóta á grundvelli 41. gr. sáttmálans.

Pentikainen gegn Finnlandi

Dómur frá 20. október 2015

Mál nr. 11882/10

10. gr. Tjáningarfrelsi

Mótmælaaðgerðir. Blaðamenn. Handtaka. Varðhald.

1. Málsatvik

Árið 2006 var kærandi, sem er finnskur blaðamaður, sendur af vinnuveitanda sínum til þess að taka myndir af mótmælum í Helsinki. Lögregla hafði girt af sérstakt svæði fyrir blaðamenn, en kærandi ákvað að slást í hóp mótmælendanna. Þegar óeirðir brutust út meðal mótmælenda hindraði lögregla för þeirra og skipaði þeim að hverfa af vettvangi. Flestir mótmælendurnir létu til leiðast, en um 20 einstaklingar, þ. á m. kærandi neituðu að hætta mótmælum. Þeim var þá tilkynnt að þau yrðu handtekin ef þau færu ekki að fyrirmælum lögreglu. Kærandi var í kjölfarið handtekinn og færður á lögreglustöð þar sem hann var í haldi lögreglu í 17 klukkustundir áður en honum var sleppt. Ekki er ljóst hvenær lögreglu varð ljóst að hann væri blaðamaður. Í sakamáli gegn kæranda var hann sakfelldur fyrir að hafa ekki hlýtt fyrirmælum lögreglu en var ekki gerð refsing vegna brotanna. Hann áfrýjaði dóminum en án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að handtaka hans og vistun hans í fangaklefa í kjölfar hennar hafi brotið gegn rétti hans til frjálsrar tjáningar samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að handtaka kæranda og sakfelling hans hefði haft takmarkandi áhrif á tjáningarfrelsi hans. Takmörkunin hefði verið lögum samkvæmt og beinst að því lögmæta markmiði að tryggja öryggi almennings og koma í veg fyrir óeirðir. Hann tók því til skoðunar hvort meðalhöfs hefði verið gætt við aðgerðir lögreglunnar. Dómstóllinn tók fram að kæranda hefðu boðist fjölmörg tækifæri til þess að fylgjast með mótmælunum sem blaðamaður. Honum hefði t.d. ekki verið meinað að taka myndir af mótmælunum og hafi verið boðið að fylgjast með mótmælunum af sérstöku afgirtu svæði fyrir blaðamenn. Hann hafi hafnað því boði og tekið ákvörðun um að slást í hóp mótmælenda og verið í þeim hópi sem neitaði að fara að fyrirmælum lögreglu. Þá taldi dómstóllinn að kærandi hefði ekki aðgreint sig sérstaklega frá mótmælendum sem blaðamaður, og því hafi lögreglu ekki verið ljóst að hann væri blaðamaður. Taldi dómstóllinn að tjáningarfrelsi

10. gr. Tjáningarfrelsi

kæranda sem blaðamanns hefði aðeins verið skert með mjög takmörkuðum hætti. Þá hefði sakfelling hans ekki snúið að háttsemi hans sem blaðamanns, heldur vegna þess að hann neitaði að fara að fyrirmælum lögreglu. Dómstóllinn tók fram að yfirvöld hefðu, með því að útbúa sérstakt svæði til handa blaðamönnum, viðurkennt að mótmælin teldust viðburður sem erindi ætti til almennings.

Dómstóllinn taldi að finnskir dómstólar hefðu metið mál kæranda með hliðsjón af réttindum hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans og lagt mat á þá ólíku hagsmuni sem vógust á í málinu. Þá hefði kæranda ekki verið gerð refsing vegna háttseminnar, þó að hann hafi verið sakfelldur fyrir brotin. Því taldi dómstóllinn, með hliðsjón af því svigrúmi sem aðildarríkjunum væri ljáð á þessu sviði, að handtaka, varðhald og sakfelling kæranda hefði verið réttlætunleg, og því ekki brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

Couderc og Hachette Filipacchi Associés gegn Frakklandi Dómur frá 10. nóvember 2015 - Yfirdeild

Mál nr. 40454/07

10. gr. Tjáningarfrelsi

Fjölmíðlar. Opinber persóna. Friðhelgi einkalífs. Mál sem á erindi við almenning.

1. Málsatvik

Kærandur eru Anne-Marie Couderc, franskur ríkisborgari, fædd árið 1950 og ritstjóri franska vikublaðsins Paris Match, og fyrirtækið Hachette Filipacchi Associés, útgefandi blaðsins. Þann 3. maí 2005 birti breskt dagblað grein þar sem kona hélt því fram að barnsfaðir hennar væri Albert Grimaldi, núverandi prins af Mónakó. Í greininni kom fram að vænta mætti nánari umfjöllunar í franska blaðinu. Albert lagði samdægurs fram kröfu fyrir dómi til að koma í veg fyrir að kærandur birtu greinina. Þann 5. maí 2005 birti vikublaðið blaðagreinina, þrátt fyrir kröfu prinsins, en þar birtist viðtal við konuna sem hélt því fram að hann væri barnsfaðir hennar. Með greininni fylgdi mynd sem sýndi Albert halda á barninu.

Þann 19. maí 2005 höfðaði Albert mál gegn kærendum þar sem hann taldi að birting greinarinnar hefði skaðað ímynd hans og brotið gegn rétti hans til friðhelgi einkalífs. Honum voru dæmdar miskabætur frá útgáfufélaginu og það dæmt til að birta dómsniðurstöðuna á forsíðu blaðsins.

Í fréttatilkynningu þann 6. júlí 2005 tilkynnti Albert prins opinberlega að hann gengist við faðerni barnsins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu að með dómsniðurstöðunni hefði verið brotið gegn tjáningarfrelsi þeirra samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að lítið sviðgrúm væri til takmarkana á tjáningarfrelsi samkvæmt 2. mgr. 10. gr. sáttmálans þegar mál ætti erindi við almenning. Dómstóllinn taldi að við mat á því hvort blaðgreinin ætti erindi við almenning þyrfti að skoða hana heildstætt. Fallist var á að greinin innihéldi að hluta til upplýsingar um einkalíf Alberts prins sem ætti ekki erindi við almenning. Hins vegar væri enginn vafi á því að þegar greinin væri metin heildstætt ætti hún erindi við almenning, enda hefði prinsinn gefið út opinbera yfirlýsingu þar sem hann gekkst við faðerni barnsins. Tekið var fram að um væri að ræða upplýsingar sem gætu haft áhrif á erfðaröð að krúnunni, enda var prinsinn einhleypur og barnlaus.

Dómstóllinn tók fram að Albert prins væri óumdeilanlega opinber persóna og að fyrir innanlandsdómstólum hefði ekki farið fram mat á því hvaða hlutar greinarinnar snertu opinbert hlutverk hans sem þjóðhöfðingja. Upplýsingar um tilvist barnsins, sem aðalumfjöllunarefni greinarinnar, ætti erindi við almenning. Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn að ekki hefði verið gætt viðunandi jafnvægis milli þeirra hagsmuna sem vógust á og komst að þeirri einróma niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans. Kröfum kæranda um miskabætur var hafnað þar sem þær höfðu ekki verið studdar gögnum. Þeim voru dæmdar 15.000 evrur í málskostnað.

Annen gegn Þýskalandi

Dómur frá 26. nóvember 2015

Mál nr. 3690/10

10. gr. Tjáningarfrelsi

Mótmæli gegn fóstureyðingum. Sjónarmið um takmörkun tjáningarfrelsis

1. Málsatvik

Kærandi, sem er fæddur árið 1951 og búsettur í Þýskalandi, berst gegn fóstureyðingum. Hann dreifði árið 2005 bæklingi nálægt læknastofu þar sem fóstureyðingar eru framkvæmdar og rekin er af læknum M og R. Í bæklingnum kom fram með feitlettri að á læknastöðinni væru framkvæmdar ólögmetar fóstureyðingar en staðhæfingunni fylgdi smærri texti þar sem fram kom að fóstureyðingar væru þó ekki ólöglegar eða refsiverðar í Þýskalandi. Á bakhlið bæklingsins kom fram samliking við hópmorð nasista í Auschwitz. Þar fyrir neðan kom fram tilvísun til vefsíðu kæranda, sem birti lista yfir svokallaða „fóstureyðingarlækna“. Á listanum var að finna nafn læknastöðvar M og R og full nöfn þeirra.

Í kjölfar kröfu frá læknum tveimur var kæranda með dómsúrskurði gert að láta af frekari dreifingu bæklingsins og fjarlægja nöfn lækna af vefsíðu sinni. Áfrýjun kæranda á þeirri niðurstöðu bar ekki árangur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að framangreind niðurstaða þýskra dómstóla hefði falið í sér brot gegn 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að orðalag bæklingins um að fóstureyðingar væru framkvæmdar á læknastofunni væri skýrt og aðgengilegt lesendum, með tilliti til þeirrar útskýringar sem einnig kom fram þar í smærra letri. Þá tók dómstóllinn einnig fram að dreifing bæklingins í nágrenni læknastofunnar hefði haft það að markmiði að vekja athygli á umdeildu málefni meðal almennings og ekki var talið liggja skýrt fyrir að athafnir kæranda hefðu haft neikvæð áhrif á rekstur læknastofunnar.

Hvað varðar tilvísunina sem fram kom í bæklingnum til helfararinnar, féllst dómstóllinn ekki á það með innanlandsdómstólum að kærandi hefði borið starfsemi lækna saman við athafnir nasista heldur gæti samlíkingin skilist sem svo að verið væri að vekja athygli á sjónarmiðum um siðferðislegt gildi laga.

Dómstóllinn taldi að þótt samlíkingin væri vafasöm hefði kærandi ekki með greinanlegum hætti líkt fóstureyðingum sem slíkum við helförina.

Dómstóllinn taldi að innanlandsdómstólar hefðu ekki metið staðhæfingar kæranda, sem fram komu annars vegar í bæklingnum og hins vegar á vefsíðu hans í nægilegu samhengi og jafnframt að ekki hefði verið litið til þeirra sjónarmiða sem liggja að baki 10. gr. sáttmálans eins og hún hefur verið túlkuð af Mannréttindadómstólnum.

Samkvæmt framangreindu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Kröfu kæranda um miskabætur var vísað frá.

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Kudrevicius o.fl. gegn Litháen

Dómur frá 15. október 2015

Mál nr. 37553/05

11. gr. funda- og félagafrelsi

Mótmælaaðgerðir. Röskun á umferð. Refsing. Meðalhóf.

1. Málsatvik

Kærendur eru bændur sem höfðu fengið leyfi yfirvalda til friðsamra mótmæla, þar sem stefnu stjórnvalda í landbúnaðarmálum var mótmælt. Mótmælin fóru friðsamlega af stað, en þegar samningaviðræður bændasamtaka við yfirvöld sigldu í strand ákváðu mótmælendur að setja upp vegatálma á þremur fjölförnum þjóðvegum. Vegatálmarnir stóðu í tvo daga og voru teknir niður þegar samningar náðust milli samtakanna og yfirvalda. Kærendur voru síðar ákærðir og dæmdir til 60 daga skilorðsbundinnar fangelsisvistar. Þá var þeim einnig gert að sækja um leyfi, ef þeir ætluðu að yfirgefa heimili sín lengur en í 7 daga.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að dómurinn yfir þeim hafi brotið gegn rétti þeirra til að koma saman með friðsömum hætti samkvæmt 11. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að mál kærenda heyrði undir 11. gr. sáttmálans, enda hefði sú háttsemi sem kærendur voru dæmdir fyrir átt rót sína að rekja til friðsamra mótmæla. Dómstóllinn taldi að dómurinn yfir kærendum hefði haft í för með sér takmörkun á rétti þeirra til þess að koma saman með friðsömum hætti, og að sú takmörkun hefði verið byggð á settum lögum. Þá hafi takmörkunin verið sett fram í því lögmæta markmiði að koma í veg fyrir röskun á almannafriði og til þess að vernda réttindi annarra borgara. Dómstóllinn taldi að ákvörðun mótmælenda um að setja upp vegatálma á þjóðvegum hafi falið í sér skýrt brot gegn skilmálum leyfa yfirvalda til friðsamra mótmæla og kærendum hafi mátt vera ljóst að háttsemi þeirra gæti haft afleiðingar. Þá taldi dómstóllinn ljóst að kærendur hefðu haft allmörg tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri með löglegum hætti. Dómstóllinn var meðvitaður um að friðsöm mótmæli gætu oft haft í för með sér röskun á umferð almennings. Þó hefðu kærendur stöðvað umferð á þremur fjölförnum þjóðvegum, án þess að bein tengsl væru á milli þeirra málefna sem mótmælin beindust að og þeirra vegfarenda sem áttu leið um umrædda þjóðvegi.

Dómstóllinn tók fram að yfirvöld hefðu ekki brugðist við aðgerðum kærenda með því að fjarlægja þá af vettvangi og leysa mótmælin upp, heldur hafi þeim verið sýnd umtalsverð biðlund, þar til þeir hættu aðgerðunum að sjálfsdáðum. Því væri

11. gr. Funda- og félagafrelsi

greinilegt að yfirvöld hefðu gætt meðalhófs í aðgerðum sínum gegn kærendum. Dómstóllinn tók fram að kærundur hefðu ekki verið dæmdir til fangelsisvistar eða sektar, heldur hefði dómurinn falið í sér skilorðsbundna refsingu. Því yrði ekki talið að refsingin hefði verið úr hófi miðað við ætlaðan alvarleika brota kærenda. Því taldi dómstóllinn að yfirvöld hefðu brugðist við með réttum hætti og ekki gengið lengra með aðgerðum sínum en ákvæði sáttmálans gerðu ráð fyrir. Því taldi dómstóllinn að ekki hafi verið brotið gegn 11. gr. sáttmálans.

Mytilinaios og Kostakis gegn Grikklandi

Dómur frá 3. desember 2015

Mál nr. 29389/11

11. gr. Funda- og félagafrelsi.

Réttur til að standa utan félaga. Vínframleiðsla. Meðalhóf.

1. Málsatvik

Kærundur, Evagellos Mytilinaios og Ioannis Kostakis, eru grískir ríkisborgarar fæddir 1950 og 1954. Þeir eru vínræktendur og félagsmenn í Félagi vínræktenda á Samos. Skylduaðild er að félaginu. Félagið hefur, frá árinu 1970, verið með einkarétt á framleiðslu og markaðssetningu múskatvíns. Þar sem kærendurnir höfðu ekki getað markaðssett vöruna sína eða komið henni á markað, sóttu þeir um leyfi til að skrá sig úr félaginu. Þeir fengu ekkert svar. Þeir kærðu ákvörðun yfirvalda um að veita þeim ekki leyfi til vínframleiðslu á þessu tiltekna víni 4. nóvember 2005. Kærundur héldu því fram í réttarhöldunum brotið hefði verið á félagafrelsi þeirra þar sem þeir væru skyldaðir til að vera félagar í tilteknum samtökum. Æðsti stjórnásludómstóll Grikklands komst að þeirri niðurstöðu 2. nóvember 2010 að ekki hefði brotið gegn réttindum þeirra samkvæmt 11. gr. sáttmálans, m.a. með vísan til þess að félagaskyldan stefndi að lögmætu markmiðið. Markmiðið væri að tryggja gæði framleiðslu á þessu tiltekna víni. Dómstóllinn taldi einnig að þar sem kærundur gátu samt sem áður ræktað vínber, þó að þeir gætu ekki framleitt þetta tiltekna vín, væri ekki um brot á félagafrelsi þeirra að ræða.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sendi grískum yfirvöldum viðvörunarbréf 30. september 2011 vegna framangreinds fyrirkomulags og 20. júní 2013 sendi hún grískum stjórnvöldum rökstutt álit um að Grikkland hefði ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt ESB reglugerð nr. 1234/2007 um sameiginlegan landbúnaðarmarkað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærundur töldu að brotið hefði verið gegn 11. gr. sáttmálans með því að neita þeim um leyfi til vínframleiðslu á þeim grundvelli að Félag vínræktenda á Samos væri með einkaleyfi á framleiðslu múskatvíns. Með því hafi verið brotið gegn frelsi þeirra til að standa utan félags.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að Félag vínræktenda á Samos gæti ekki talist félag á vegum ríkisins þar sem það hafði engin bein tengsl við grísk yfirvöld og hefði því ekki vald til að setja opinberar reglur eða fara með réttindi og skyldur ætlaðar hinu opinbera. Því væri um félag að ræða í skilningi 11. gr. sáttmálans sem taka þyrfti til skoðunar.

Dómstóllinn áleit að neitun grískra yfirvalda um að kærendur fengju að framleiða tiltekið vín á þeim grundvelli að Félag vínræktenda á Samos væri með einkaleyfi á framleiðslu þess fæli í sér takmörkun á neikvæðu félagafrelsi. Þessi hindrun var lögfest í aðildarríkinu og stefndi að lögmæti markmiði, sem væri að vernda gæði þessa sérstaka víns, tekjur vínframleiðenda og almenna hagsmuni íbúa á eyjunni Samos.

Dómstóllinn tók fram að þessi framleiðsla skipti miklu máli fyrir efnahag eyjunnar og væri samofin virkni samfélagsins. Upphaflega hefði skyldan til félagaaðildar komið til vegna erfiðleika í framleiðslunni og átti hún að aðstoða framleiðendur við að lækka framleiðsluverð. Hins vegar taldi dómstóllinn þessar ástæður ekki eiga við lengur þar sem framleiðsla væri nú auðveldari eftir að Samos fékk einkaleyfi á framleiðslunni og markaðurinn hefði tekið við sér.

Dómstóllinn taldi að greinarmunurinn á því að rækta vín, sem væri ekki háð félagsaðild, og framleiðslu og markaðssetningu á víni, sem var háð félagsaðild, væri þýðingarlaus. Í raun gerði þetta fyrirkomulag það að verkum að vínframleiðendur hefðu lítið sem ekkert að segja um markaðssetningu og sölu á eigin framleiðslu.

Dómstóllinn benti á að minnihluti dómenda í Hæstarétti Grikklands hefði í úrskurði sínum þann 2. nóvember 2010 bent á að unnt væri að ná þessum tilteknu markmiðum að öðrum leiðum, eins og til dæmis með gæðaeftirliti. Vínræktendur gætu valið um hvort þeir yrðu aðilar að þeirri eftirlitsstofnun eða kosið að markaðssetja vín sitt sjálfir og fylgja þá tilteknum verkferlum.

Miðað við kringumstæður taldi dómstóllinn að grísk yfirvöld hefðu gengið lengra en nauðsynlegt gæti talist við að tryggja jafnvægi milli ólíkra hagsmuna og meðalhófs hafi ekki verið gætt. Brotið hafi því verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 11. gr. sáttmálans.

Gríska ríkinu var gert að greiða kærendum 6.000 evrur í miskabætur og 2.000 evrur í málskostnað.

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Khlaifa o. fl. gegn Ítalíu.

Dómur frá 1. september 2015

Sjá reifun dómsins undir 5. gr.

Útlendingar. Frelsisvöpting. Meðferð hælisleitenda. Málsmeðferð við ákvörðun um brottvísun.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Andonoski gegn fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu

Dómur frá 17. september 2015

Mál nr. 16225/08

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Eignaupptaka án tillits til sakar. Bifreiðir. Brot þriðja manns. Meðalhóf.

1. Málsatvik

Kærandi, Denis Andonoski, er makedónskur ríkisborgari fæddur árið 1968 búsettur í borginni Prilep. Hann starfar sem leigubílstjóri. Árið 2007 var hann stöðvaður af lögreglu með þrjá albanska farþega á leið til landamæra við Grikkland. Farþegarnir höfðu engin ferðagögn og handtók lögreglan þá af þeim sökum. Kærandi var einnig handtekinn og lagt hald á bifreið hans. Rannsókn var hafin gagnvart kæranda vegna gruns um að hann væri að smygla innflytjendum í gegnum landið og yfir landamærin. Rannsókninni var hætt sökum skorts á sönnun um að kærandi hafi vitað að farþegarnir væru ólöglegir innflytjendur. Einn farþeganna var á endanum sakfelldur fyrir smygl á ólöglegum innflytjendum og dæmdur í eins árs fangelsi. Í því máli var bifreið kæranda gerð upptæk þar sem hún hafði verið notuð við framkvæmd afbrots. Kærandi reyndi án árangurs að áfrýja þeirri ákvörðun dómsins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði kæru sína á því að með eignaupptöku á bifreið hans án þess hann ætti nein sök á smyglinu hefði makedónska ríkið brotið gegn eignarrétti hans og þar með 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Niðurstaða

Eignaupptakan á bifreið kæranda fól í sér varanlega sviptingu eignarréttinda og umráða. Var hún því skerðing á eignarréttindum kæranda. Upptakan átti sér stöð í lögum og stefndi að því lögmæta markmiði að koma í veg fyrir smygl á ólöglegum innflytjendum og mansal. Leitin að jafnvægi á milli þeirra markmiða og réttinda kæranda var talið komið undir mati á mörgum viðmiðum. Eitt þeirra var hegðun kæranda. Bíllinn hefði verið gerður upptækur sem liður í rannsókn brots sem framið var af þriðja manni. Kærandi hefði hvorki verið sakfelldur fyrir það brot né nokkuð annað refsivert brot. Þá hefði hann haft lífsviðurværi af starfi sínu sem leigubílstjóri. Ekkert í málinu benti til þess að bíllinn hefði áður verið notaður til að fremja glæp eða að myndi verða notaður til þess aftur.

Ákvæði makedónskra laga um upptöku farartækja sem notuð voru við að smygla innflytjendum voru hins vegar skýr. Upptakan átti sér stað án tillits til eignarhalds á bílnum, vitneskju eiganda eða hver framdi glæpinn. Slík upptaka

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

svipti kæranda algerlega réttinum til að láta reyna á upptökuna eða ná rétti sínum fram. Jafnframt gætu innlendir dómstólar í slíkum málum ekki lagt mat á jafnvægi hagsmuna þar sem ekkert svigrúm var til túlkunar. Þá var ekki mögulegt samkvæmt lögunum að fara fram á neinar bætur. Upptakan hafði af þessum ástæðum gengið of langt á rétt kæranda og var þannig talin brot á 1. gr. 1. viðauka.

Makedónska ríkinu var gert að afhenda kæranda bifreiðina aftur í sama ástandi og þegar hún var gerð upptæk ella greiða kæranda 10.000 evrur í skadabætur. Jafnframt var makedónska ríkinu gert að greiða kæranda 3.000 evrur í miskabætur og 115 evrur í málskostnað.

Ünspeð Paket Servisis SaN. Ve TiC. A.S gegn Búlgaríu

Dómur frá 13. október 2015

Mál nr. 3503/08

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Haldlagning. Eignaupptaka. Takmarkanir á eignarrétti vegna afbrota. Meðalhóf.

1. Málsatvik

Kærandi er tyrkneskt flutningafyrirtæki. Árið 2007 var vörubifreið í eigu þess stöðvuð við landamæraeftirlit í Búlgaríu. Í bifreiðinni fundust fíkniefni sem voru haldlögð og var ökumaður hennar ákærður fyrir fíkniefnasmygl. Lagt var hald á bifreiðina vegna rannsóknar málsins. Ökumaðurinn játaði sök í málinu og skrifaði undir samkomulag við saksóknara um að hann sæti eitt og hálf t ár í fangelsi og að bifreiðin yrði gerð upptæk. Kærandi átti ekki aðild að málinu gegn ökumanninum, en óskaði eftir því að dómstóll hafnaði upptöku bifreiðarinnar, þar sem verðmæti hennar væri þrefalt hærra en verðmæti fíkniefnanna sem fundust, og því væri ekki lagagrundvöllur fyrir upptöku hennar. Dómstóll staðfesti samkomulagið með úrskurði sínum, en ákvörðunin var ekki áfrýjanleg og tók gildi samdægurs. Kærandi reyndi að fá andvirði bifreiðarinnar bætt úr hendi ökumannsins, en án árangurs þar sem hann var eignalaus.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að samkomulagið og staðfesting dómstóla á því hefði falið í sér eignaupptöku sem bryti gegn eignarrétti hans sem nyti verndar 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að upptaka vörubifreiðarinnar hefði falið í sér skerðingu á eignarrétti kæranda. Skerðingin hefði byggst á settum lögum, sem hefðu verið aðgengileg og fyrirjáanleg. Eignasviptingin hefði verið framkvæmd í því lögmæta markmiði að koma í veg fyrir smygl á ólöglegum fíkniefnum. Þó hefðu dómstólar ekki metið lögmæti eignaupptökunnar samkvæmt landslögum og þá sérstaklega

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

hvort verðmæti bifreiðarinnar hefði verið meira en verðmæti þeirra fíkniefna sem fundust í bifreiðinni. Þá var ekki lagt mat á hvort kærandi, sem var eigandi bifreiðarinnar, hefði vitað eða mátt vita að bifreiðin var notuð til þess að smygla fíkniefnum. Samkvæmt gildandi lögum hefðu ekki verið nein úrræði til þess að meta aðkomu eiganda bifreiðarinnar að málinu. Því hefði ekki farið fram mat á þeim hagsmunum sem vögust á í málinu. Dómstóllinn tók fram að til þess að upptaka eigna væri heimil samkvæmt ákvæðum sáttmálans, yrði hún að byggjast á málsmeðferð sem tryggði að meðalhófs væri gætt og að geðþóttasjónarmið réðu ekki för. Kærandi hefði ekki haft nein úrræði til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í málinu, eða til þess að fara með málið fyrir dómstóla. Dómstóllinn taldi að aðildarríkin gætu ekki skorast undan þeim skyldum sem sáttmálinn legði á herðar þeim varðandi virka vernd eignarréttar með því að treysta á að þeir sem sætt hefðu eignaupptöku, gætu sótt bætur á hendur þriðja manni.

Því taldi dómstóllinn að kærandi hafi þurft að bera óhæfilegar byrðar vegna eignaupptökunnar og að hún gæti eingöngu talist lögmæt ef kærandi hefði haft tækifæri til að láta reyna á lögmæti hennar fyrir dómstólum. Slík tækifæri hefðu ekki verið fyrir hendi og hafi þannig ekki verið gætt meðalhófs við eignasviptinguna. Því var talið um brot gegn 1. gr. 1. viðauka að ræða.

Dómstóllinn taldi ekki tímabært að ákvarða bætur vegna brotsins og var ákvörðun um bætur frestað.

Konstantin Stefanov gegn Búlgaríu

Dómur frá 27. október 2015

Mál nr. 35399/05

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Verjendur. Þóknun. Réttarfarssekt. Meðalhóf.

1. Málsatvik

Kærandi, Konstantin Stefanov, er búlgarskur ríkisborgari sem býr í Plovdiv í Búlgaríu, þar sem hann starfar sem lögmaður. Í júní 2005 var kærandi skipaður verjandi sakbornings sem var ákærður í þjófnaðarmáli. Við fyrirtöku málsins lýsti kærandi því yfir að hann myndi aðeins taka að sér að verða verjandi mannsins ef dómstóllinn ábyrgðist að honum yrði ákvörðuð þóknun sem væri yfir ákveðnu lágmarki sem sett hefði verið fram í lögum um lögmenn. Dómarinn neitaði að verða við ósk kæranda, og sagði því kærandi sig frá málinu og yfirgaf dómsalinn. Dómarinn lagði á hann réttarfarssekt vegna hegðunar hans, en málið hélt áfram eftir að annar lögmaður var skipaður verjandi sakborningsins. Kærandi kærði úrskurðinn, en kæru hans var vísað frá dómi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að höfnun dómarans að greiða honum lágmarks þóknun og réttarfarssektin sem lögð var á hann hafi brotið gegn friðhelgi eignarréttar hans samkvæmt 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að réttarfarssektin hefði falið í sér skerðingu á eignarrétti kæranda. Dómstóllinn taldi ekki skýrt í búlgörskum lögum hvernig þóknun verjanda í sakamálum væri áætluð og á hvaða tímamarki ákvörðun um þóknun væri tekin. Þó taldi dómstóllinn ljóst að réttarfarssektin hefði byggst á ákvæði í lögum um meðferð sakamála, sem teldust réttþærri þeim lögum sem kærandi bar fyrir sig varðandi ákvörðun lágmarksþóknunar fyrir verjandastörf. Þar sem kærandi væri lögfræðimenntaður hefði honum því mátt vera ljóst hvernig málum var hagað og hvaða afleiðingar hegðun hans gæti haft í för með sér. Þá ættu deilur um þóknun til verjanda ekki að verða til þess að málsmeðferð í sakamálu yrði sett í uppnám. Því taldi dómstóllinn að réttarfarssekt kæranda hefði byggst á skýrum og fyrirsjáanlegum lagaákvæðum og lögð á í því lögmæta markmiði að tryggja eðlilegan gang mála í réttarkerfinu.

Dómstóllinn tók því næst til skoðunar hvort eðlilegt mat á þeim hagsmunum sem vógust á í málinu hefði farið fram þegar sektin var lögð á kæranda. Dómstóllinn taldi að eðlilegur málshraði mála fyrir dómi vægi þungt í samanburði við hagsmuni kæranda af því að fá ákveðnar lágmarksgreiðslur fyrir störf sín. Þá hefðu aðildarríki sáttmálans umtalsvert svigrúm til þess að ákvarða hvaða háttsemi teldist refsiverð. Dómstóllinn tók ennfremur fram að kærandi hefði haft úrræði til þess að bera réttarfarssektina undir dómstóla og hann hafi nýtt sér það úrræði. Þá yrði ekki séð að málsmeðferðin og ákvörðunin sem slík hafi byggst á geðþóttaákvörðun dómarans. Dómstóllinn taldi ennfremur að upphæð sektarinnar yrði ekki talin úr hófi eða úr samræmi við eðli brotsins. Því taldi dómstóllinn að gætt hafi verið meðalhófs við ákvörðun réttarfarssektarinnar og að ekki hafi verið lagðar óþarflega þungar byrðar á herðar kæranda með ákvörðuninni. Því var ekki talið um brot gegn 1. gr. 1. viðauka að ræða.

2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

Memlika gegn Grikklandi

Dómur frá 6. október 2015

Mál nr. 37991/12

2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

Varnir gegn smitsjúkdómum. Börn. Skólaganga. Tafir á málsmeðferð.

1. Málsatvik

Kærendur eru Novrus og Leonora Memlika og börn þeirra Sebastian og Katerina. Þau eru albanskir ríkisborgarar og búa í Panaitolino í Grikklandi. Þann 5. maí 2011 leitaði Novrus á sjúkrahús vegna veikinda og undirgekkst hann ýmsar rannsóknir á sjúkrahúsinu. Hann fékk þær upplýsingar frá læknum sjúkrahússins að hann hefði smitast af holdsveiki. Í kjölfarið voru eiginkona hans og börn einnig rannsökuð og einnig greind með holdsveiki. Þau voru lögð inn á spítalann, en voru svo útskrifuð þaðan 2. júní 2011. Heilbrigðisyfirvöld tilkynntu þeim í kjölfarið að börnin mættu ekki fara í skóla fyrr en sérstök lögskipuð nefnd samþykkti skólagöngu þeirra á ný.

Þann 30. júní 2011 fór Novrus á sjúkrahús sem sérhæfði sig í smitsjúkdómum þar sem hann var látinn gangast undir fleiri rannsóknum. Niðurstöður þeirra rannsókna sýndu að hann var ekki smitaður af holdsveiki. Hann tilkynnti heilbrigðisyfirvöldum um niðurstöðurnar og krafðist þess að banni við skólagöngu barna hans yrði aflétt. Þann 15. júlí 2011 fékk hann þau svör frá heilbrigðisyfirvöldum að börn hans fengju ekki að ganga í skóla fyrr en niðurstaða nefndar um heilbrigði þeirra lægi fyrir. Skóli barnanna hófst í september, en störf nefndarinnar hófust ekki fyrr en í nóvember sama ár. Þann 8. desember 2011 var fjölskyldan kölluð inn til skoðunar og komist að þeirri niðurstöðu að þau væru ekki smituð af holdsveiki. Daginn eftir voru börnin send í skóla, en kennari þeirra neitaði þeim inngöngu fyrr en formleg niðurstaða nefndarinnar lægi fyrir. Þann 12. desember 2011 var skólaganga barnanna loks samþykkt.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að seinangangur yfirvalda hafi falið í sér brot gegn rétti þeirra til menntunar, sem væri verndaður af 2. gr. 1. viðauka sáttmálans. Þá töldu þau að ekki hefðu verið fyrir hendi raunhæf úrræði fyrir þau til þess að fá ákvörðunina endurskoðaða, sem fæli í sér brot gegn 13. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi ljóst að yfirvöldum væri skylt að gera ráðstafanir gegn því að hættulegir smitsjúkdómar næðu fóttfestu meðal almennings. Því hefði umrædd ákvörðun verið tekin með því lögumæta markmiði að vernda heilsu barna og kennara skólans. Þó yrði að gæta meðalhófs við töku slíkra ákvarðana og því yrðu yfirvöld að tryggja að rannsókn slíkra mála væri nákvæm og að málsmeðferðin tæki ekki of langan tíma. Að mati dómstólsins voru ráðstafanirnar íþyngjandi fyrir kærendum, og hefðu ekki átt að standa lengur en brýn nauðsyn bæri til. Dómstóllinn tók fram að heilbrigðisyfirvöldum hefði verið ljóst strax 6. júní 2011 að kærendum væru ekki haldnir umræddum sjúkdómi, og að smithætta stafaði ekki af þeim. Þó hefði umsóknum þeirra um skólagöngu barnanna verið hafnað í tvígang eftir það tímamark og talið að bíða þyrfti eftir niðurstöðu nefndar sem hafði þó enn ekki verið skipuð. Þó að ljóst væri að upphaf skólaársins væri í september hefði nefndin ekki verið skipuð fyrr en í nóvember, og rannsókn á fjölskyldumeðlimum fór ekki fram fyrr en í byrjun desember 2011. Að mati dómstólsins fól þessi seinkaða málsmeðferð í sér að ekki hafi verið gætt meðalhófs við meðferð málsins þar sem ekki var tekið nægjanlegt tillit til réttinda barnanna við ákvarðanatökuna. Því hefði ákvörðunin falið í sér brot gegn 2. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Dómstóllinn dæmdi gríska ríkið til að greiða 5.000 evrur í miskabætur og 2.000 evrur í málskostnað.

4. gr. 4. viðauka. Bann við hópbrottvísun útlendinga

Khlaifa o. fl. gegn Ítalíu

Dómur frá 1. september 2015

Sjá reifun dómsins undir 5. gr.

Útlendingar. Frelsisvipting. Meðferð hælisleitenda. Málsmeðferð við ákvörðun um brottvísun.